**BRAGI JÓNSSON**
*Heillast mest af þýskum óperum*
Nám
**allt** Í MIÐJU BLAÐSINS




**GUNNLAUGUR HELGASON**
*Kynnir í nýjum sjónvarpsþætti*
Svipar til áströlsku þáttanna The Block.
**FÓLK 42**



**SIGURJÓN KJARTANSSON**
*Á kafi í handritagerð*
Þrjár þáttaraðir í bígerð.
**FÓLK 42**




# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

2. janúar 2008 — 1. tölublað — 8. árgangur | **MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI** | Sími: 512 5000


**MIÐVIKUDAGUR**

**Lögbirtingablaðið aldargamalt**
Lögbirtingablaðið hefur verið gefið út óslitið síðan 1908. Hönnun þess hefur ekki breyst mikið.
**TÍMAMÓT 24**



**Tommy Lee til landsins**
Rokkstjarnan kemur fram í Burn-partíi í janúar.
**FÓLK 30**



**Eldinum yfirsterkari**
Bóndinn á Stærra-Árskógi segir kærleikann eldinum yfirsterkari. Sveitungar hjálpa honum að endurreisa fjósið sem brann.
**TILVERA 12**

**Toppliðin unnu**
Arsenal, Man. Utd. og Chelsea unnu öll sína leiki í gær.
**ÍÞRÓTTIR 38**



**VEÐRIÐ Í DAG**




**HLÝNAR SÍÐDEGIS** Í dag verður fremur hæg breytileg átt, en þó austan strekkingur syðst. Rigning suðaustan um hádegi og víða væta á sunnan- og vestanverðu landinu síðdegis og í kvöld. Þykknar upp norðaustan til í dag. Hægt hlýnandi.

**VEÐUR 4**






**VÉLARVANA Í KÓPAVOGI** Tveir gúmbátar voru sendir í Kópavog á þriðja tímanum í gær þar sem þriggja tonna Sómabáturinn Birna var vélarvana og rak í átt að landi. Innanborðs var einn maður. Honum var bjargað um borð í annan gúmbátinn og fluttur í land. Björgunarbáturinn Stefnir dró bátinn til hafnar. Engan sakaði. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

# Ætla að grafa eftir kaleik Krists á Kili

**Leyfi hefur fengist fyrir að grafa skurð í Skipholtskrók á Kili í leit að ævafornum dýrgripum. Dulmálssérfræðingar segja sterkar vísbendingar um að musterisriddarar hafi grafið þar dýrgripi sína, meðal annars hinn heilaga kaleik Krists.**

**DULMÁL** Dulmálssérfræðingar hafa fengið leyfi fyrir því að grafa skurð á Kili í leit sinni að heilögum kaleik Jesú Krists og öðrum dýrgripum musterisriddara.

Þórarinn Þórarinsson arkitekt ritaði hreppsnefnd Hrunamannahrepps bréf þar sem hann óskaði eftir heimild til að grafa tveggja metra djúpan skurð til leitarinnar. Sú heimild var veitt. Honum til liðsinnis verður ítalski verkfræðingurinn og dulmálssérfræðingurinn Giancarlo Gianazza, sem telur sig hafa ráðið flóknar vísbendingar fornra skálda og listmálara um að dýrgripir riddaranna hafi verið grafnir í stórri leynihvelfingu í Skipholtskrók á Kili.



**ÍSÓLFUR GYLFI PÁLMASON**

„Sterkar vísbendingar eru um að lausn þessarar gátu teygi anga sína til Íslands,“ segir í bréfinu. Meðal annars hefur Gianazza bent á að tiltekin mynstur í málverkinu Síðustu kvöldmáltíðinni eftir Leonardo da Vinci samsvari línum í landslagsmyndum af Skipholtskróki.

Ísólfur Gylfi Pálmason, sveitarstjóri í Hrunamannahreppi, segir málið áhugavert. „Þótt við höfum okkar efasemdir finnst okkur þetta engu að síður spennandi,“ segir hann. „Þegar þetta kom upp á yfirborðið kom reyndar í ljós að menn á Íslandi og meira að segja hér í Hrunamannahreppi hafa verið að lesa um þetta mál í eldgömlum fræðum.“

**- gar / - sh** **/ sjá síðu 6**

Þorgrímur Þráinsson í útrás:

## Semur við danskt forlag

**FÓLK** Þorgrímur Þráinsson stendur í samningaviðræðum við danskt forlag um útgáfu á bók sinni, Hvernig gerirðu konuna þína hamingjusama. Þýskir og bandarískir útgefendur hafa einnig sýnt bókinni áhuga, að sögn Þorgríms. Hann segist hafa hugsað bókina fyrir erlendan markað.



**ÞORGRÍMUR ÞRÁINSSON**

Þorgrímur telur að um sex þúsund bækur hafi selst. „Ég væri vanþakklátur ef ég væri ekki ánægður með þá sölu en ég skal líka alveg viðurkenna að ég bjóst við meiru miðað við umfjöllunina sem bókin fékk,“ segir Þorgrímur.

**- sun** **/ sjá síðu 42**

Forseti Íslands sagðist í nýársávarpi sínu vilja sitja fjórða kjörtímabilið í röð:

# Ólafur sækist eftir endurkjöri

**ÁVÖRP** Ólafur Ragnar Grímsson ætlar að sækjast eftir endurkjöri í embætti forseta Íslands. Þetta kom fram í nýársávarpi hans í gær. „Sé það nú á nýju ári vilji Íslendinga að ég beri áfram þessa ábyrgð er ég fús að axla hana,“ sagði forsetinn. Kosið verður í sumar.

Í ávarpinu vék forsetinn meðal annars að stöðu íslenskrar tungu og gagnrýndi hugmyndir um tvítyngda stjórnsýslu. „Móðurmálið býr yfir slíkum krafti til nýsköpunar að einungis hugarleti eða tískudaður eru afsökun fyrir því að veita enskunni nú aukinn rétt,“ sagði hann.

Þá ræddi forsetinn um orkuútrásina og sagði hana geta „styrkt til muna stöðu Íslands, veitt ungu fólki sem áhuga hefur á jarðfræði, náttúruvísindum, verkfræði og tæknistörfum fjölþætt tækifæri til að nýta menntun sína. Um leið hjálpum við öðrum þjóðum að virkja hreinar orkulindir og eflum baráttuna gegn breytingum á loftslaginu, tökum öflugan þátt í brýnasta verkefni þessarar aldar.“

Forsetinn lauk ávarpi sínu á hugleiðingu um auðhyggju og hvatti landsmenn til að „ganga hægar um gleðinnar dyr, nema staðar um stund og hugleiða hvað skiptir mestu.“

**- sh**



**FORSETI ÍSLANDS**
Sitji Ólafur Ragnar eitt kjörtímabil enn hefur hann gegnt forsetaembættinu í sextán ár. Það hefur einungis Vigdís Finnbogadóttir gert til þessa.

Mikilvægasta máltíð ársins

## SPURNING DAGSINS



*Siggi, bauðstu upp á vatnselg um áramótin?*

„Nei, en ég bauð upp á tvöfaldan hraglanda á ís og storm í vatnsglasi.“

Sigurður Þ. Ragnarsson veðurfræðingur, oft kenndur við storm, spáði rétt fyrir um miður skemmtilegt áramótaveðrið.

Sameining Avion Group og Eimskips gengin til baka:

# Eimskip hættir í flugrekstri

**VIÐSKIPTI** Stjórnendur Eimskipafélagsins seldu á gamlársdag allan flugtengdan rekstur frá félaginu. Var um að ræða 49 prósent í félaginu Northern Light Leasing og söluverðið 22 milljónir evra eða um tveir milljarðar króna. Með sölunni er búið að skilja að fullu að flutningastarfsemi skipafélagsins og flugrekstrarfélagið, sem hét áður Avion Group.

Félögin tvö sameinuðust í byrjun sumars 2005 undir stjórn Magnúsar Þorsteinssonar, sem hafði efnast með Björgólfsfeðgum. Magnús, sem á um þriðjung í Eimskipafélaginu, lét af störfum sem stjórnarformaður fyrir áramót. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er búist við að hann minnki við eignarhlut sinn í félaginu í kjölfarið.

Northern Lights Leasing er eignarhaldsfélag um flugflota Air Atlanta sem samanstendur af þrettán breiðþotum. Tólf af vélunum eru fraktvélar.

Í fréttatilkynningu frá Eimskipi segir að nú verði einblínt á meginstarfsemi félagsins, sem eru flutningar og rekstur á kæli- og frystigeymslum. Félagið hafi nú 13 prósenta markaðshlutdeild á heimsvísu á þessu sviði. - bg



**LEIÐIR SKILJA** Tilkynnt var um samruna Avion Group og Eimskips í maí 2005. Nú hafa leiðir Baldurs Guðnasonar, forstjóra Eimskips, og Magnúsar Þorsteinssonar skilið. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

Bruni á Eskifirði á nýársnótt:

## Mannlaust hús eyðilagðist í eldi

**BRUNI Tveggja hæða einbýlishús stórskemmdist í eldsvoða við Kirkjustíg á Eskifirði í fyrrinótt. Enginn var í húsinu þegar eldurinn kom upp og eldsupptök eru ókunn.**

**Slökkvilið Fjarðabyggðar var kallað út um klukkan hálf tólf á gamlárskvöld. Eldurinn breiddist hratt út og var húsið nær alelda þegar slökkvilið kom á vettvang. Slökkvistarf tók um tvær klukkustundir.**

**Miklar skemmdir urðu í eldinum og er nær allt ónýtt innanstokks. Að sögn varðstjóra slökkviliðs er ólíklegt að húsið verði byggt upp að nýju.** - sh

Stúlka ósátt við lögregluna:

## Ráfaði ofurölvi eftir veginum

**LÖGREGLUMÁL Lögreglan í Borgarnesi ók eldsnemma í gærmorgun fram á stúlku um tvítugt á gangi meðfram þjóðveginum sunnan við Borgarfjarðarbrúna. Slydda og drulla var á veginum, veður slæmt og skyggni lítið, og stúlkan ekki klædd til útivistar.**

**Hún var ofurölvi, brást afar illa við afskiptum lögreglu, æpti og barðist um og endaði að lokum í fangaklefa í Borgarnesi.**

**Lögregla fékk aldrei skýringu á ferðum stúlkunnar því að eftir að hafa sofið úr sér áfengisvímuna rauk hún rakleiðis út af lögreglustöðinni án þess að yrða á nokkurn, að sögn varðstjóra.** - sh



**VIÐ ÆGISÍÐU** Fjölmennt var á brennunni við Ægisíðu um kvöldmatarleytið í gærkvöld.

Viðraði vel á nýársdag:

## Kveikt í fimmtán brennum

**SLÖKKVILIÐIÐ** Brennur voru haldnar á höfuðborgarsvæðinu klukkan sex í gærkvöld fyrir utan brennurnar á Seltjarnarnesi og í Hafnarfirði. Kveikt verður í þeim síðarnefndu á þrettándanum næstkomandi föstudag. Þetta var ákveðið á fundi slökkviliðs, lögreglu og brennustjóra með veðurstofustjóra í gærmorgun.

Jón Viðar Matthíasson, slökkviliðsstjóri höfuðborgarsvæðisins, sagði í gærkvöld að sótt hefði verið um leyfi til að kveikja í sautján brennum á höfuðborgarsvæðinu á gamlárskvöld. Strax á gamlársdag hefði verið ákveðið að fresta tveimur þeirra fram á þrettándann og því hefði verið ákveðið að kveikja í fimmtán brennum í gærkvöld.

„Ég fór sjálfur á brennu og sá að brennusóknin var mjög góð. Það var ánægjulegt að fólk mætti vel,“ sagði Jón Viðar. - ghs

## LÖGREGLUFRÉTTIR

**Ræninginn ófundinn**

Maðurinn sem rændi verslun 11-11 á Grensásvegi á laugardagskvöld er enn ófundinn. Maðurinn réðst grímuklæddur inn í verslunina og ógnaði fimmtán ára afgreiðslustúlku með stórum veiðihnífi. Hann komst undan með um tíu þúsund krónur.

# Biðu stúlkubarnsins yfir Áramótaskaupinu

**Fyrsta barn ársins 2008 er Mosfellingur sem fæddist í Hreiðrinu á LSH rétt eftir klukkan eitt á nýársnótt, annað barn foreldra sinna, Sólveigar Ragnarsdóttur og Hreiðars Stefánssonar. Litla stúlkan er „slétt og falleg“, að sögn föðurins.**

**FÓLK** Fyrsta barn ársins er Mosfellingur sem fæddist fimm mínútur yfir eitt á nýársnótt í Hreiðrinu á Landspítalanum við Hringbraut. Litla stúlkan var fimmtán merkur og 50 sentimetrar að lengd. Hún er annað barn foreldra sinna, Hreiðars Arnar Stefánssonar og Sólveigar Ragnarsdóttur. Fyrir eiga þau sjö ára son, Ragnar Bjarna.

„Þetta gekk bærilega,“ segir Hreiðar. „Hríðirnar byrjuðu um átta með ávarpi forsætisráðherra. Ég veit ekki hvort hún vildi koma út til að sjá hann eða hvað. Við vorum síðan að fylgjast með þessu fram yfir skaup og þurftum að rúlla af stað eftir skaupið þegar við sáum í hvað stefndi en reiknuðum ekki með að þetta gerðist svona snöggt.“

Sólveig og Hreiðar voru komin niður á fæðingardeild um hálftólf og voru þá þrjár mínútur á milli hríða. Rétt fyrir eitt voru þau komin inn á fæðingarstofu og tuttugu mínútum seinna var litla stúlkan komin í heiminn. Fæðingin hafði verið sett á 1. janúar þannig að litla stúlkan var mjög stundvís. „Bróðir hennar var það líka,“ segir Hreiðar. „Hann er mjög stoltur af viðbótinni.“

Þegar Ragnar Bjarni fæddist tók fæðingin þrjátíu klukkustundir og var mjög erfið þannig að Hreiðar segir að þau hjónin hafi reiknað með að fæðing litlu stúlkunnar yrði erfiðari en hún síðan reyndist. „Sólveig leit ekki út fyrir að hafa verið í barnsburði. Hún leit út eins og hún væri að fara á ball. Og sú stutta var slétt og falleg,“ segir hann.

Sólveig og Hreiðar voru „búin að kíkja aðeins í pakkann“ og vissu því nokkurn veginn fyrir víst að von var á lítilli stúlku. Hreiðar segir að mæðgunum heilsist vel. Litla daman sofi og hafi það gott, láti sér umstangið fátt um finnast. Bjarni Ragnar og hundurinn Mosi eru hins vegar spenntir og áhugasamir um nýja fjölskyldumeðliminn.

Fæðingarárið fór hægt af stað alls staðar nema á höfuðborgarsvæðinu í gær og fyrrinótt. Fyrir utan Sólveigar- og Hreiðarsbarn fæddist annað barn á LSH á nýársnótt. Þá fæddist stór og myndarleg stelpa rétt undir morgun á nýársdag á Selfossi. Á Selfossi voru fæðingar óvenjumargar í fyrra, samtals 177 en voru 152 árið 2006. Síðasta sólarhring ársins varð sprengja í barnsfæðingum á Selfossi en þá fæddust þrjú börn. ghs@frettabladid.is



**FYRSTA BARN ÁRSINS** Fyrsta barn ársins 2008, lítil stúlka í faðmi foreldra sinna, Hreiðars Stefánssonar og Sólveigar Ragnarsdóttur, í Mosfellsbænum. Hún á sjö ára stoltan bróður, Ragnar Bjarna. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

### TVÖ BÖRN FÆDDUST HEIMA

Tvær heimafæðingar áttu sér stað á höfuðborgarsvæðinu í fyrrinótt, eitt í Garðabæ og annað í Mosfellsbænum. Anna Eðvaldsdóttir ljósmóðir, sem tók á móti barni í heimahúsi í Garðabænum, segir að heimafæðingar hafi því verið óvenjumargar á nýársnótt. Heimafæðingar eru töluvert algengar á Íslandi. Árið 2006 fæddist 71 barn heima og Anna segir að yfir sextíu börn hafi fæðst heima í fyrra. Alls fæðast um 4.000 börn á Íslandi á ári. Eitt og hálft prósent fæðinga eiga sér því stað í heimahúsi og búist er við tíu slíkum fæðingum í janúar.



**VEL AÐ VERKI STAÐIÐ** Luca Lúkas Kostic og Ólafur Ragnar Grímsson forseti að athöfn lokinni í Alþjóðahúsi.

Viðurkenning Alþjóðahúss:

## Vekur athygli á jákvæðu starfi

**VIÐURKENNING** Luca Lúkas Kostic knattspyrnuþjálfari, Hjálmar Sveinsson dagskrárgerðarmaður, Ævar Kjartansson dagskrárgerðarmaður og stéttarfélagið Efling hlutu viðurkenningu Alþjóðahúss á sunnudag. Það var forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson, sem afhenti þeim viðurkenninguna.

Viðurkenningin, Vel að verki staðið, er veitt fyrir lofsverða frammistöðu í málefnum innflytjenda á Íslandi. Hún er veitt í því skyni að vekja athygli á jákvæðu starfi sem unnið er hér á landi í málefnum innflytjenda. - þeb



**MINNI SALA** Flugeldasalan var lítilsháttar minni fyrir áramótin en þessu sinni, fyrst og fremst vegna veðurs, að talið er. Myndin tengist fréttinni ekki beint.

Flugeldasala um áramót:

## Lítilsháttar samdráttur

**FLUGELDASALA Flugeldasala var lítilsháttar minni fyrir áramótin en á sama tíma fyrir ári, að sögn flugeldasala. Salan var léleg 30. desember en óvenjugóð 31. desember. Ástæðan fyrir samdrætti í flugeldasölu er fyrst og fremst talin slæmt veður og léleg veðurspá. „Það var heldur minni sala út af veðurspánni,“ segir Einar Ólafsson, framkvæmdastjóri Alvöru gæðaflugelda.**

**Kristinn Ólafsson, framkvæmdastjóri Landsbjargar, segir að svipað magn af flugeldum hafi selst um þessi áramót og í fyrra en kveðst hafa grun um að samdráttur hafi verið á markaðnum í heild sinni. „Staðan var ekkert góð 30. desember en það rættist vel úr 31. Ég hef aldrei upplifað jafnmikla sölu og þá,“ segir hann.** - ghs

Töluverður erill var hjá lögreglu á nýársnótt þótt ekkert alvarlegt hafi komið upp:

# Lagt til tveggja með hnífum

**LÖGREGLUMÁL** Töluverður erill var hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu á gamlárskvöld og nýársnótt en ekkert alvarlegt mál kom þó upp, að sögn varðstjóra. Mikið var um ölvun og lögregla var kölluð til vegna minniháttar pústra hér og þar um borgina.

Hnífum var beitt í tveimur líkamsárásarmálum. Einn hlaut skeinu á hálsi eftir að lagt var til hans með hnífi og annar var stunginn í lærið af fjölskyldumeðlim. Hvorugur meiddist alvarlega.

Slökkviliðið fór í tvö útköll í fyrrinótt. Í Garðabæ kviknaði í vörubrettastæði og leikur grunur á að eldur hafi verið borinn að stæðunni. Litlu munaði að eldurinn læsti sig í nálægt hús en slökkviliði tókst að slökkva eldinn áður en tjón hlaust af. Þá varð töluverðs reyks vart í bílageymslu í Árbæ. Þar var lítill eldur en eitthvað tjón af völdum sóts.

Sex manns voru teknir fyrir ölvunarakstur. Það er minna en að jafnaði um helgar, og segir varðstjóri það helst helgast af því að lögreglumenn hafi verið upptekn- ir í öðrum verkefnum.

Sex leituðu á slysadeild með meiðsl eftir flugelda, enginn alvarlega slasaður.



**LÖGREGLA AÐ STÖRFUM** Sex voru teknir ölvaðir undir stýri á nýársnótt.

Afar rólegt var hjá lögreglunni á Akureyri. Slökkvilið var þó kallað til vegna nokkurra sinubruna í morgunsárið. - sh



2008

KAUPÞING
*Hugsum lengra*

Óskum landsmönnum gleðilegs árs og þökkum viðskiptin á árinu.

ENNEMM / SÍA / NM31453

## GENGIÐ 31.12.2007

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 61,85 | 62,15 |
| Sterlingspund | 123,99 | 124,59 |
| Evra | 90,95 | 91,45 |
| Dönsk króna | 12,194 | 12,266 |
| Norsk króna | 11,408 | 11,476 |
| Sænsk króna | 9,657 | 9,713 |
| Japanskt jen | 0,5516 | 0,5548 |
| SDR | 97,69 | 98,27 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

119,9954

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Biskup segir brýnt að efla kristinfræði- og trúarbragðakennslu í skólum:

# Biskup vill meiri kristinfræði

**ÁVÖRP** „Það er brýnt að stórefla þátt kristinfræði í skólanum, jafnframt aukinni fræðslu í almennum trúarbragðafræðum," sagði herra Karl Sigurbjörnsson biskup í nýárspredikun sinni í Dómkirkjunni í gærmorgun.

Biskup sagði menningu þjóðarinnar grundvallast á kristnum gildum. „Það er alvarlegt ef börnin okkar rofna úr tengslum við þjóðararfinn, bókmenntir okkar og ljóð. Því skal ítreka hve háskasamt það er ef kynslóðir vaxa úr grasi skilningsvana og ólæsar á þann grundvallarþátt menningar og samfélags sem trúin er og siðurinn," sagði biskup og lýsti áhyggjum sínum af lökum árangri íslenskra unglinga í PISA-könnuninni svokölluðu.

Hann flutti hluta úr sálminum Heyr, himna smiður eftir Kolbein Tumason, sem saminn var fyrir 800 árum, og tók hann sem dæmi um mikilvægi þess að viðhalda tungumálinu. „Þvílíkur fjársjóður sem við eigum í íslenskri tungu! Enga orkulind eigum við öflugri, enda auðsuppsprettu dýrmætari."

Þá sagði hann deilur um nýja Biblíuþýðingu af hinu góða. Biblían ætti skilið að vekja umtal, og þyldi að vera brotin til mergjar.

Fyrir altari þjónuðu miðborgarprestur og dómkirkjuprestur. **- sh**



**BISKUP ÍSLANDS** Segir deilur um nýja biblíuþýðingu af hinu góða.

Maður í haldi Írana:

# Handtekinn fyrir orðróm

**ÍRAN, AP Maður hefur verið handtekinn í Íran, grunaður um að hafa komið af stað orðrómi um morðsamsæri gegn Vladimír Pútín Rússlandsforseta. Orðrómurinn var á þá leið að myrða ætti Pútín í heimsókn hans til Írans í október.**

**Stjórnvöld í Rússlandi greindu frá því í október að þeim hefðu borist ábendingar um að reynt yrði að ráða Pútín af dögum í Íran. Þrátt fyrir það fór forsetinn til Írans og ræddi við íranska leiðtoga.**

**Ekki hefur verið greint frá því hver hinn handtekni er.**

**- þeb**



**SLYSALÍTIÐ** Þrír ökumenn misstu stjórn á bílum sínum í hálkunni í gær en umferðin gekk vel að öðru leyti um mestallt land.

Nokkur umferðaróhöpp:

## Missti stjórn og rann út af

**LÖGREGLUMÁL** Ökumaður missti stjórn á bíl sínum í hálkunni á Vesturlandsvegi við Vestfjarðaveg þar sem heitir Hraunsnef síðdegis í gær. Bíllinn stakkst út í skafl og var dreginn upp aftur. Perur brotnuðu í ljósum á bílnum en ökumaðurinn slapp með skrekkinn.

Ökumenn á tveimur bílum fóru út af á gatnamótunum við Vatnaleið á Snæfellsnesi í gærkvöld. Engar skemmdir urðu á bílunum og ökumennirnir sluppu ómeiddir. Lítið var um slys að öðru leyti í umferðinni um helgina. **- ghs**

# Þrjátíu manns brunnu inni í átökum ættbálka í Kenía

**250 manns hafa látið lífið í óeirðum í kjölfar forsetakosninga í Kenía. Kosningaeftirlitsmenn fara fram á rannsókn. Fólk er mjög vonsvikið og djúp gjá er að myndast í þjóðfélaginu, segir séra Jakob Á. Hjálmarsson.**

**KENÍA, AP** Talið er að á bilinu þrjátíu til fimmtíu manns, þar á meðal mörg börn, hafi brunnið inni þegar kveikt var í kirkju í Kenía í gær. Fjöldi látinna í óeirðum sem þar hafa geisað eftir forsetakosningarnar um síðustu helgi er nú talinn vera allt að 300 manns.

Hundruð manna höfðu leitað skjóls í kirkju í bænum Eldoret þegar eldur var lagður að henni. Bærinn hefur farið mjög illa út úr óeirðunum, þar hafa fjölmörg hús verið brennd og vegum verið lokað.

Óeirðirnar í landinu brutust út þegar tilkynnt hafði verið um sigur forsetans Mwai Kibaki í kosningunum. Kibaki er úr ættbálknum Kikuyu, sem er stærsti ættbálkur landins. Andstæðingur hans, Raila Odinga, er úr öðrum stórum ættbálki, Luo. Ættbálkadeilur hafa löngum sett svip sinn á landið, en Kikuyu-fólk hefur verið sakað um að nota yfirburði sína í stjórnmálum og viðskiptum til þess að eyðileggja fyrir öðrum ættbálkum.

Stuðningsmenn Odinga sögðu strax eftir kosningarnar að þar hefðu verið brögð í tafli. Eftirlitsmenn með kosningunum, bæði frá Kenía og frá Evrópusambandinu, hafa einnig sagt að þörf sé á óháðri rannsókn á kosningunum til þess að hægt verði að skera úr um niðurstöður og lögmæti þeirra.

Að sögn Ómars Valdimarssonar, sendifulltrúa Rauða kross Íslands í Naíróbí, er allt með kyrrum kjörum í höfuðborginni, verslanir eru lokaðar og fáir á ferli.

„Þarna er fólk ákaflega vonsvikið yfir því að þessar kosningar hafi ekki gefið ótvíræðar niðurstöður," segir séra Jakob Á. Hjálmarsson. Hann á að halda til Kenía á föstudaginn, þar sem hann flýgur til Naíróbí. Þaðan á leið hans að liggja norðvestur eftir landinu, inn á svæði þar sem mikil átök eru.

„Ég var þarna á ferðinni í fyrra og er því orðinn svolítið kunnugur landsháttum þarna. Þessi vonbrigði og heitu tilfinningar skýrast kannski einna helst af því að það hefur verið þróun í þá átt að viðhafa heiðarlega starfshætti á opinberum vettvangi og leggja spillingu að baki. Þetta eru því enn meiri vonbrigði fyrir fólkið." Jakob segir að svo virðist sem djúp gjá sé að myndast í þjóðfélaginu. „Þó virðast nokkrar vonir vera bundnar við að það verði talið aftur og gerð verði rannsókn á kosningunum."

**thorunn@frettabladid.is**



**ÁTÖK Í KENÍA** Maður flýr með börnum sínum frá átakasvæðum í fátækrahverfi í Naíróbí í gær. Íkveikjur, lögregluárásir og átök milli ættbálka hafa geisað í Kenía undanfarna daga.

FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

## BANDARÍKIN

### Tjá sig ekki um tígrisdýrið

Bræðurnir tveir, sem slösuðust alvarlega í árás tígrisdýrs í dýragarðinum í San Francisco, hafa enn ekkert tjáð sig um árásina. Ásakanir hafa komið fram um að drengirnir hafi espað dýrið upp og þannig valdið því að það stökk yfir veggi í búri sínu.

## SVÍÞJÓÐ

### Skemmdarfíkn í kirkjugarði

Skemmdarvargar fóru um kirkjugarð í Helsingjaborg í Svíþjóð á gamlárskvöld og veltu stórum grafsteinum um koll og skemmdu. Minnst 38 grafir urðu fyrir barðinu á skemmdarvörgunum, að sögn sænska dagblaðsins Aftonbladet.




FRÉTTABLAÐIÐ

Munum eftir útiljósunum !

Nú þegar farið er að myrkva úti viljum við vinsamlega minna íbúa á að hafa kveikt á útiljósum við heimili sín til að auðvelda blaðberum Fréttablaðsins aðgengi að lúgu.

Fyrirfram þakkir, dreifing Fréttablaðsins

pósthúsið

Pósthúsið - S: 585 8300 - www.posthusid.is


## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

**HLÝNANDI VEÐUR**

Enda þótt vindur verði víða hægur í dag er ekki að sjá að þar verði framhald á. Eru horfur á að það hvessi á ný á morgun en þó ekkert í líkingu við stórviðrin sem geisað hafa. Hins vegar eru reyndar horfur á stormi sunnan og suðvestan til á föstudag en óljóst hvar það veður verður verst. Núna með morgninum er úrkomusvæði að ganga inn á suðaustanvert landið og því víða væta í kvöld, síst þó norðan til.

**REYKJAVÍK Í DAG**

Hæg suðaustanátt og skýjað. Fer að rigna síðdegis. Hiti 2-7 stig.




um hádegi »

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 2°C skúrir | London | 6°C léttskýjað | Friedrichshafen | 0°C snjókoma |
| Billund | 1°C alskýjað | París | 3°C hálfskýjað | Lúxemborg | 4°C skúrir |
| Osló | 3°C snjóél | Amsterdam | 0°C heiðskírt | Alicante | 16°C hálfskýjað |
| Stokkhólmur | 1°C snjóél | Frankfurt | 0°C hálfskýjað | Róm | 13°C skúrir |
| Gautaborg | 2°C alskýjað | Berlín | 1°C alskýjað | Las Palmas | 20°C heiðskírt |

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.

# Útsalan

## er hafin

## Verðhrun

## Allar útsöluvörur

# 250-2000 kr

## Verðdæmi

| UPPHAFLEGT VERÐ | ÚTSÖLUVERÐ |
|---|---|
| ~~499~~ KR. | 250 KR. |
| ~~799~~ KR. | 500 KR. |
| ~~999-1.299~~ KR. | 750 KR. |
| ~~1.499-1.699~~ KR. | 1.000 KR. |
| ~~1.999-2.499~~ KR. | 1.500 KR. |
| ~~2.999-4.999~~ KR. | 2.000 KR. |

Þessi auglýsing á við fatnað og skó, ekki raftæki, leikföng, húsgögn og heimilisvöru

HAGKAUP

Ein ferð betra verð

## KJÖRKASSINN



*Keyptir þú flugelda fyrir gamlárskvöld?*

| | |
|---|---|
| Já | 42% |
| Nei | 58% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG?**

*Varstu ánægð(ur) með Áramótaskaupið?*

Segðu skoðun þína á visir.is.

Segja ríkið svíkjast um og spyrja um mótvægisaðgerðir vegna kvótaniðurskurðar:

# Í sveig fram hjá Grundarfirði

**STJÓRNMÁL** Bæjarstjórn Grundarfjarðar vill tafarlausar aðgerðir ríkisstjórnarinnar til að bæta fjárhagsstöðu bæjarins sem sjái fram á tekjumissi vegna ákvörðunar um þriðjungs skerðingu í þorskveiðum.

„Ríkisstjórnin hefur enn ekki greint frá því hvernig sveitarfélögum verði bætt tekjutap vegna niðurskurðarins og hingað til hafa mótvægisaðgerðir ríkisstjórnar siglt stóran sveig fram hjá Grundarfirði," segir í ályktun bæjarstjórnarinnar sem kveður sérstök framlög úr Jöfnunarsjóði ekki duga til að leiðrétta aðstöðumun milli sveitarfélaga á landsbyggðinni og sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu.



**FISKVERKUN Í GRUNDARFIRÐI** Bæjarstjórnin segirst vilja halda óbreyttri þjónustu við íbúana en að til þeirra sé ekki meira fé að sækja. FRÉTTABLAÐIÐ/JÓN SIGURÐUR

„Ríkið stendur ekki við sínar skuldbindingar – til dæmis um að greiða 60 prósent í uppbyggingu framhaldsskóla og umframkostnaður lendir á sveitarfélögum. Við þessar fjárhagslegu aðstæður koma áhrif 30 prósenta skerðingar þorskaflans mjög harkalega fram hjá Grundarfjarðarbæ og sveitarfélögum sem byggja á sjósókn og vinnslu sjávarafurða," segir bæjarstjórnin sem kveðst ekki geta sótt meira fé til íbúanna sem sjálfir sjái jafnvel fram á lægri tekjur.

Eftir að ályktun bæjarstjórnarinnar kom fram var kynnt að Grundarfjörður fengi tæpar 13 milljónir frá ríkinu að þessu sinni til að mæta aflaskerðingunni. **- gar**

Nýr samningur á Akureyri:

# Aldraðir sem lengst heima

**HEILBRIGÐISMÁL** Í nýjum þjónustusamningi um rekstur Heilsugæslustöðvarinnar á Akureyri og stofnanaþjónustu fyrir aldraða er lögð megináhersla á að gefa öldruðum kost á því að dvelja eins lengi heima hjá sér og kostur er og fólkið sjálft kýs. Samningurinn var undirritaður um helgina af heilbrigðismálaráðherra og bæjarstjóranum á Akureyri.

Lögð er sérstök áhersla á að samþætta þjónustuna sem veitt er, laga hana að þörfum þeirra sem fá hana og gera hana sveigjanlega. Samningsfjárhæð fyrir árið 2008 er rúmar 1.620 milljónir króna. **- eá**

Fjölmiðlar gerðu upp árið:

# Menn ársins úr ýmsum áttum

**FÓLK Bæði einstaklingar og stofnanir hlutu nafnbótina maður ársins árið 2007. Ýmsir fjölmiðlar hafa undanfarna daga staðið fyrir kosningum eða valið mann ársins.**

**Svandís Svavarsdóttir var kosin maður ársins á Rás 2 en Jóhannes Jónsson var valinn á Útvarpi Sögu. Fréttastofa Stöðvar 2 valdi fíkniefnadeild lögreglunnar og tollgæsluna sem mann ársins. Viðskiptajöfrarnir Björgólfur Thor Björgólfsson og Jón Ásgeir Jóhannesson voru valdir menn ársins í viðskiptum bæði af Viðskiptablaðinu og Markaðnum, viðskiptablaði Fréttablaðsins.** **- þeb**



**EKKI KOMIÐ TIL MÓTS** Aðalfundur Sjómannafélags Íslands mótmælir því að ekki sé komið til móts við sjómenn.

Sjómannafélag Íslands:

# Mótmæla skertum kjörum

**VINNUMARKAÐUR** Aðalfundur Sjómannafélags Íslands, sem haldinn var nýlega, samþykkti ályktun þar sem sjómenn mómæltu því harðlega að ekkert hefði verið komið til móts við þá vegna gífurlegrar skerðingar á fiskveiðiheimildum. „Nú á að fella niður veiðileyfagjaldið á útgerðirnar en sjómenn skildir einir eftir með umtalsverðar skerðingar á launum," segir í ályktuninni.

Sjómenn samþykktu líka ályktun um að íslenskri farmannastétt blæði út fljótlega þar sem farskipaútgerðirnar ráði í æ meiri mæli erlenda sjómenn til að lækka launakostnað. Íslenskir sjómenn geti ekki keppt við erlenda sjómenn með 90 þúsund á mánuði og jafnvel minna. **- ghs**

Yfirkjörstjórn Pakistans:

# Ákveður um kosningar í dag

**PAKISTAN, AP Yfirkjörstjórn Pakistans ákveður í dag hvort þingkosningunum sem áttu að vera í landinu 8. janúar verður frestað vegna morðsins á stjórnarandstöðuleiðtoganum Benazir Bhutto.**

**Stjórnarflokkurinn vill fresta kosningunum um sex vikur en stjórnarandstaðan er mótfallin því. Hún telur að samúðaratkvæði og reiði gegn Perez Musharraf forseta gefi fleiri atkvæði ef kosið verði nú.**

**Talið er nær öruggt að kosningunum verði frestað þrátt fyrir að stjórnarandstaðan hóti mótmælum á götum úti.** **- ghs**

# Hópur fræðinga telur kaleik Krists á Íslandi

**Dulmálssérfræðingur segir vísbendingar í málverkum endureisnartímans um að dýrgripir musterisriddara séu á Íslandi. Grafa á skurð til að finna hlutina með jarðsjá á Kili. Hefur áður verið rætt í hreppnum segir sveitarstjórinn.**

**DULMÁLSFRÆÐI** „Sterkar vísbendingar eru um að lausn þessarar gátu teygi anga sína til Íslands," segir Þórarinn Þórarinsson arkiktekt um leit að týndum dýrgripum musterisriddara, meðal annars hinum heilaga kaleik úr síðustu kvöldmáltíð Krists.

Ofangreind tilvitnun er úr bréfi Þórarins til hreppsnefndar Hrunamannahrepps. Þar óskar Þórarinn eftir heimild fyrir sig og ítalska verkfræðinginn og dulmálssérfræðinginn Giancarlo Gianazza til að grafa tveggja metra djúpan skurð við Skipholtskróka á Kili.

Gianazza telur sig hafa ráðið flóknar vísbendingar í ljóðum Dantes og í verkum Leonardos da Vinci og fleiri listmálara endurreisnartímans um að hinn heilagi gral og aðrir dýrgripir sem níu musterisriddarar fundu í Jerúsalem séu geymdir í fimm sinnum fimm metra stórri leynihvelfingu neðanjarðar í Skipholtskrók. Sá staður er frá Hrunamannaafrétti þar sem Jökulkvísl brýst fram úr gljúfrum norðvestan við Kerlingarfjöll.

„Við höfum rannsakað þennan stað frá árinu 2004 með vettvangsferðum bæði um sumar og vetur og gert þar ítarlegar jarðsjármælingar," segir í bréfi Þórarins til Hrunamannahrepps. „Þær upplýsingar sem við höfum aflað með vettvangsferðum þessum og frekari rannsóknum á frumheimildum gefa okkur tilefni til að rannsaka svæðið enn frekar."

Þórarinn fékk umbeðið leyfi hreppsnefndar fyrir tveggja metra djúpum og fimm metra löngum skurði við Skipholtskróka til að geta gert jarðsjármælingar með því skilyrði að frágangur svæðisins yrði óaðfinnanlegur að verkinu loknu.

„Þótt við höfum okkur efasemdir finnst okkur þetta engu að síður spennandi. Þetta er að minnsta kosti öðru vísi viðfangsefni en við í hreppsnefndinni erum að fást við dagsdaglega," segir Ísólfur Gylfi Pálmason sveitarstjóri. „Þegar þetta kom upp á yfirborðið núna kom reyndar í ljós að menn á Íslandi og meira að segja hér í Hrunamannahreppi hafa verið að lesa um þetta mál í eldgömlum fræðum."

Áhugamenn um málið segja vísbendingar um að musterisriddararnir hafi í ferð sinni til Íslands árið 1217 notið liðsinnis sjálfs Snorra Sturlusonar við að koma dýrgripunum í örugga geymslu á miðhálendi Íslands. **gar@frettabladid.is**



**SÍÐASTA KVÖLDMÁLTÍÐIN Á KILI** Á netsíðu áhugamanna um geymslustað hins heilaga grals er að finna þessa mynd þar sem málverk Leonardos da Vinci af Kristi og síðustu kvöldmáltíðinni er fellt inn í loftmynd af Skipholtskrók á Kili. Línur dregnar í málverkið þykja koma heim og saman við landslagið á Kili. MYND/GOPFRETTIR.NET



**GIANCARLO GIANAZZA** Jarðsjármælingar í Skipholtskrók. MYND/GOPFRETTIR.NET



**SKEMMDIR** Innri klæðning hússins skemmdist talsvert illa í brunanum og stálbitar í lofti bognuðu. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Geymsla skemmdist í bruna:

# Kviknaði líklega í út frá blysi

**BRUNI Allt tiltækt slökkvilið á höfuðborgarsvæðinu var sent að Miðhellu í Hafnarfirði um hádegisbil í gær, þar sem eldur var kominn upp í nýbyggingu sem hýsa á Áhaldahús bæjarins. Talið er að kviknað hafi í út frá blysi sem vísvitandi var komið fyrir í húsinu.**

**Húsið var fullt af reyk þegar slökkvilið kom á staðinn en greiðlega gekk að slökkva mesta eldinn. Húsið var tómt en tjónið er þó talið töluvert. Klæðning skemmdist og stálbitar í þaki svignuðu í miklum hita sem myndaðist.** **- sh**

**ÞÝSKALAND**

### Mengandi bílar bannaðir

Bílar sem menga mikið hafa verið bannaðir í miðbæjum þriggja þýskra borga. Í Berlín, Köln og Hannover í Þýskalandi fá bílaeigendur límmiða í bíla sína til að sýna fram á að bílarnir mengi nægilega lítið. Þetta er gert í von um að minnka loftmengun.

Forseti Íslands sæmdi heiðursmerki hinnar íslensku fálkaorðu á Bessastöðum í gær:

# Ellefu fengu heiðursmerki fálkaorðunnar

**VIÐURKENNING** Forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson, sæmdi ellefu manns heiðursmerki hinnar íslensku fálkaorðu í gær. Athöfnin fór venju samkvæmt fram á Bessastöðum í gær.

Meðal orðuhafa þetta árið voru listamennirnir Sigrún Eldjárn og Ólafur Elíasson en hann átti þess ekki kost að vera viðstaddur.

Ráðuneytisstjórinn Bolli Þór Bollason hlaut stórriddarakross fyrir störf í opinbera þágu.

Að orðuveitingunni lokinni var árleg nýársmóttaka forsetans á Bessastöðum, þar sem árlega koma nokkur hundruð manns. Í móttökuna er boðið ráðherrum, hæstaréttardómurum, alþingismönnum, sendiherrum, ræðismönnum, forystumönnum ríkisstofnana og embættismönnum, forystumönnum félagasamtaka, stéttarsamtaka og atvinnulífs ásamt öðrum gestum. **- þeb**



**FÁLKAORÐUHAFAR ÁSAMT FORSETA** Bjarni Ásgeir Friðriksson, íþróttamaður og ólympíuverðlaunahafi, Björgvin Magnússon, fyrrverandi skólastjóri, Bolli Þór Bollason ráðuneytisstjóri, Erlingur Gíslason leikari, Inga Lára Baldvinsdóttir sagnfræðingur, Ingibjörg Þorbergs, tónskáld, Margrét Eybjörg Margeirsdóttir félagsráðgjafi, Sigríður Pétursdóttir bóndi, Sigrún Eldjárn, rithöfundur og myndlistarmaður og Þórir Stephensen, fyrrverandi dómkirkjuprestur. Ólafur Elíasson var ekki viðstaddur athöfnina. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL




Mynd: RAX

TBWA\REYKJAVÍK \ SÍA \ 9071579

## Ný siglingaleið

Eins og vatn finnur sér stöðugt nýja farvegi, leitar Eimskip sífellt nýrra leiða til að mæta síbreytilegum þörfum viðskiptavina sinna.

Nýtt siglingakerfi verður tekið upp frá og með 1. janúar 2008. Bætt verður við nýrri siglingaleið, Austurleið, sem tengir Danmörku, Svíþjóð, Noreg, Færeyjar, Bretland og Ísland. Auk þess verða smávægilegar breytingar á Norðurleið en Suðurleið helst óbreytt.

Nýja kerfið mun leiða til stóraukinnar flutningsgetu og fjölga möguleikum í bæði innflutningi og útflutningi. Að auki tryggir nýja siglingakerfið tíðari ferðir, traustari þjónustu og meiri áreiðanleika fyrir viðskiptavini.




EIMSKIP

Korngörðum 2 104 Reykjavík Sími 525 7000 Fax 525 7709 www.eimskip.is

**VEISTU SVARIÐ?**



*1. Hvað heitir nýr forseti Kenía?*

*2. Framherjinn Marel Baldvinsson skrifaði nýverið undir samning við íslenskt knattspyrnulið. Hvaða lið?*

*3. Hvað heitir Íslendingurinn sem stóð fyrir jólasveinagöngu í Peking á dögunum?*

SVÖR Á SÍÐU 42

Formaður Geðhjálpar segir að 111 hafi leitað til sín vegna húsnæðisleysis:

# Nýjar íbúðir fyrir geðfatlaða

**FÉLAGSMÁL** „Við höfum barist fyrir þessu í fjölda ára. Það hefur þó hvorki gengið né rekið þar til Jóhanna tók við,“ segir Sveinn Magnússon, framkvæmdastjóri Geðhjálpar, um átaksverkefni félagsmálaráðuneytisins sem miðar að því að efla þjónustu við geðfatlaða.

„Verkefnið nær til 160 manns á landinu sem þurfa á búsetu að halda á vegum svæðisskrifstofa eða félagsþjónustu sveitarfélaga. Markmiðið er að veita fólki íbúðir utan stofnana og styrkja þjónustu sem talin er efla virkni fólks með geðfötlun. Átakið nefnist Straumhvörf og er Ásta R. Jóhannesdóttir þingkona formaður verkefnisins.

Þá hefur Jóhanna Sigurðardóttir félagsmálaráðherra undirritað samkomulag við hússjóð Öryrkjabandalagsins um kaup á 15 íbúðum í Reykjavík sem notaðar verða í þágu geðfatlaðra. Íbúðirnar hafa þegar verið teknar í notkun. Þar með hafa 27 manns fengið húsnæði á árinu fyrir atbeina Straumhvarfa.



JÓHANNA SIGURÐARDÓTTIR



SVEINN MAGNÚSSON

Sveinn segir að frá því í lok ársins 2006 og þar til nú hafi 111 einstaklingar leitað til hans þar sem þeir hafa ekki haft í önnur hús að venda. Enn sé mjög margt ógert en þetta verkefni lofi góðu um framhaldið. **- kdk**

Stálu öllu steini léttara:

# Verkfærum stolið í Ölfusi

**LÖGREGLUMÁL** Brotist var inn í vinnugám verktaka sem vinna við að reisa verksmiðju Icelandic Water Holdings við Hlíðarenda í Ölfusi.

Að sögn varðstjóra lögreglunnar á Selfossi fóru verktakar af svæðinu daginn fyrir Þorláksmessu og uppgötvaðist innbrotið þegar þeir snéru aftur til vinnu á fimmtudagsmorgun.

Í gámnum var mikið af nýlegum verkfærum og var þeim öllum stolið. Er tjónið talið í hundruðum þúsunda. Lögreglan biður alla þá sem telja sig hafa upplýsingar um málið að hafa samband í síma 480 1010. **- ovd**

Bíður dóms Hæstaréttar:

# Síbrotamanni haldið í gæslu

**DÓMSMÁL Hæstiréttur hefur úrskurðað mann í gæsluvarðhald þar til dómur fellur í máli hans í Hæstarétti. Hann var dæmdur í tólf mánaða fangelsi í Héraðsdómi Reykjavíkur 4. desember fyrir auðgunar-, fíkniefna- og umferðarlagabrot, en áfrýjaði.**

**Maðurinn, sem á að baki langan sakaferil, hefur setið í varðhaldi síðan 11. september á þessu ári. Fyrst vegna rannsóknarhagsmuna, síðan í síbrotagæslu og því næst var honum haldið þar til áfrýjunarfrestur var liðinn. Nú hefur hann verið úrskurðaður í gæsluvarðhald þar til dómur fellur í Hæstarétti, þó ekki lengur en til 29. febrúar 2008.** **- sþs**

Hljóp ökumanninn uppi:

# Sá fjórði sem reynir að flýja

**LÖGREGLUMÁL** Karlmaður var hlaupinn uppi af lögreglumanni á Akureyri á fimmtudagskvöldið þegar hann reyndi að stinga af eftir að honum hafði verið gefið stöðvunarmerki við akstur.

Ók maðurinn að húsi í bænum og reyndi að flýjan þaðan á hlaupum. Þetta er fjórði ökumaðurinn á stuttum tíma sem hlaupinn er uppi á Akureyri og grunaður um akstur undir áhrifum fíkniefna. **- ovd**

# Fimm sveitarfélög áforma að fjölga leiguíbúðum

**Um 2.800 manns eru á biðlistum eftir félagslegum leigubúðum á landinu öllu. Reykjavík, Kópavogur, Hafnarfjörður, Seltjarnarnes og Reykhólahreppur ætla að fjölga leiguíbúðum á þessu ári.**

**HÚSNÆÐISMÁL** Fasteignaverð hefur hækkað um ríflega 100 prósent umfram verðlag frá árinu 2000, samkvæmt drögum að greinargerð og tillögum nefndar um úrræði í húsnæðismálum. Verðþróun umfram kaupmátt launa hefur leitt til þess að vaxandi hópur fólks hefur ekki fjárhagslegt bolmagn til að kaupa húsnæði. Þrátt fyrir þetta eru aðeins áform um fjölgun leiguíbúða í fimm sveitarfélögum í landinu, samkvæmt sömu skýrslu.

Tæplega 2.800 manns eru á biðlistum eftir félagslegum leiguíbúðum, langflestir hjá sveitarfélögunum, eða tæplega 1.500 manns. Lengsti biðlistinn er í Reykjavík en þar bíða 750 manns eftir leiguíbúð, í Kópavogi eru tæplega 160 á biðlista og í Hafnarfirði eru með tæplega 150 manns í bið. Reykjanesbær og Akureyri eru með tæplega 100 manns á biðlista hvort sveitarfélag. Á Akranesi, í Grindavík, Árborg, á Blönduósi og í Skagafirði eru tugir manna á biðlista en fólk er á biðlista í samtals 24 sveitarfélögum.



**ÁFORM UM FJÖLGUN** Fólk er á biðlista eftir félagslegum leiguíbúðum í 24 sveitarfélögum í landinu. Reykjavík, Hafnarfjörður og Kópavogur ætla að fjölga íbúðum á næsta ári ásamt Seltjarnarnesi og Reykhólahreppi. Biðlistarnir eru lengstir í stærstu sveitarfélögunum þremur. Húsið á myndinni tengist efni fréttarinnar ekki beint.

Aðeins í fimm sveitarfélögum eru áform um fjölgun leiguíbúða á þessu ári, samkvæmt greinargerðinni. Þessi sveitarfélög eru Reykjavík, Kópavogur, Hafnarfjörður, Seltjarnarnes og Reykhólahreppur. Síðastnefnda sveitarfélagið er aðeins með tvo á biðlista og Seltjarnarnes með fjóra.

Reykjavíkurborg á tæplega 2.000 íbúðir, Kópavogsbær tæplega 312 og Hafnarfjörður 226. Bæjaryfirvöld á Seltjarnarnesi eiga 14 íbúðir og Reykhólahreppur á tíu. Reykjavík hefur 100 nýjar íbúðir í bígerð hjá Félagsbústöðum auk ýmissa annarra úrræða. Hafnarfjarðarbær gerir ráð fyrir tuttugu íbúðum en keypti fimm eða sex á þessu ári. Lúðvík Geirsson bæjarstjóri segir að bærinn hafi fundið fyrir aukinni eftirspurn frá því í haust.

„Það hefur ekki farið fram hjá okkur að leigumarkaðurinn er miklu þrengri og erfiðari og verðið hefur sprungið upp úr öllu valdi. Við finnum á fólki að það er þröngt og erfitt og við erum að reyna að koma til móts við þann vanda sem er að safnast upp,“ segir hann.

Gunnar I. Birgisson, bæjarstjóri Kópavogs, segir að bærinn hafi keypt 20 til 40 íbúðir á ári síðustu árin og stefni að því að kaupa minnst tuttugu á þessu ári, það fari þó eftir verði og hugsanlega kaupi bærinn fleiri íbúðir ef fasteignaverð lækki. „Vandamálið er hvað verðið hefur verið gífurlega hátt,“ segir hann.

**ghs@frettabladid.is**






**ALPALÝÐVELDI** Fánar Slóveníu og Evrópusambandsins blakta við hún á stjórnarbyggingu í höfuðborginni Ljúblíana. NORDICPHOTOS/AFP

Formennskuskipti í Evrópusambandinu:

# Slóvenar til forystu fyrstir nýliðaþjóða

**SLÓVENÍA, AP** Á nýársdag varð Slóvenía fyrst þeirra tólf ríkja sem gengið hafa til liðs við Evrópusambandið síðan árið 2004 til að taka við formennskuhlutverkinu í því.

Áður en Slóvenía varð sjálfstætt ríki með tæplega tvær milljónir íbúa árið 1991 var landið nyrsti hluti júgóslavneska sambandsríkisins. Af umsóknarríkjunum í Mið- og Austur-Evrópu varð Slóvenía fyrst til að uppfylla skilyrðin fyrir inngöngu í sambandið og hún var fyrst nýju aðildarríkjanna til að taka upp evruna fyrir ári.

Meðal helstu verkefna á formennskumisserinu verður að fylgja eftir fullgildingarferli Lissabonsáttmálans svonefnda, nýjustu uppfærslu stofnsáttmála ESB, en stefnt er að því að hann geti tekið gildi árið 2009. Þá hafa Slóvenar það snúna verkefni að reyna að fá bæði Serba og Kosovo-Albana til að sættast á lausn á framtíðarskipan Kosovo.

Slóvenski utanríkisráðherrann Dmitrij Rupel segir smæð landsins geta verið kost. „Margir segja okkur að litlar þjóðir taki formennskuna alvarlegar en stórar,“ tjáði hann AP-fréttastofunni. „Og þannig nái þær árangri.“ **- aa**

Nýársávarp páfans:

# Friðurinn er guðdómleg gjöf

**VATÍKANIÐ, AP** Friður á jörðu og mikilvægi fjölskyldunnar voru meginefni nýársávarps Benedikts sextánda páfa. Hann leiddi messu í Vatíkaninu á nýársdag.

Páfinn talaði um mikilvægi „hinnar hefðbundnu fjölskyldu“, sem byggðist á hjónabandi karls og konu. Þá sagði hann mannkynið í heild vera stóra fjölskyldu og gildi fjölskyldunnar væru nauðsynleg til þess að ná fram friði á jörðu. Einnig sagði hann að þolinmæði þyrfti til þess að friður næðist og friðurinn væri umfram allt guðdómleg gjöf. **- þeb**

**GRÆNLAND**

## Hammond fram til formanns

Aleqa Hammond, sem fer með utanríkismál í grænlensku landstjórninni, hyggst sækjast eftir formennsku í Siumut-flokknum á flokksþingi í febrúar næstkomandi. Nái hún kjöri verður hún fyrsta konan til að hljóta þann frama.

**AKUREYRI**

## Gáfu bænum Nonnahús

Zontaklúbbur Akureyrar gaf Akureyrarbæ Nonnahús í gær. Safnið er helgað minningu Jóns Sveinssonar rithöfundar og jesúítaprests, og hafa Zontakonur í bænum rekið það í hálfa öld. Minjasafnið á Akureyri tekur nú við rekstri safnsins.


Evrópa fellur!
vodafone
Vodafone stórlækkar verðið í Evrópu
Frá og með 1. janúar stórlækkar verð á símtölum hjá Vodafone innan Evrópu. Breytingin nær til allra landa innan Evrópusambandsins og EES ásamt Færeyjum og Sviss. Nú verða þessi lönd eitt gjaldsvæði og er lækkunin veruleg eða um og yfir **50%**.
Einnig getur þú skráð þig í **Vodafone Passport**, sem hentar sérstaklega þeim sem ferðast mikið. Þannig getur þú lækkað símkostnaðinn erlendis enn frekar.
Vodafone styrkir sig enn í sessi sem besti ferðafélaginn. Vodafone býður þér bestu verðin og reikisamninga við fleiri lönd en önnur íslensk símafélög. Þá er Vodafone eina símafyritækið á Íslandi sem býður viðskiptavinum sínum alvöru **Frelsi** í útlöndum og sendir þér enga bakreikninga.
Allar nánari upplýsingar á **www.vodafone.is**.
**Svona segjum við gleðilegt ár hjá Vodafone.**
**Gríptu augnablikið og lifðu núna**



**GÖTULISTAAPI** Lítill api sýnir listir sínar við verslanamiðstöð í Djakarta, höfuðborg Indónesíu, þar sem níu milljónir manna búa. Tæplega helmingur almennings í Indónesíu lifir á minna en 120 krónum á dag. NORDICPHOTOS/AFP

Bæklingur með leiðbeiningum og ráðleggingum til foreldra barna og unglinga:

# Foreldrar fræddir um farsímanotkun

**TÆKNI** Kominn er út bæklingur með leiðbeiningum og ráðleggingum til foreldra vegna farsímanotkunar barna og unglinga. Vodafone gefur bæklinginn út í sambandi við SAFT, Samfélag fjölskyldu og tækni.

Í bæklingnum segir að níu af hverjum tíu börnum í 4. til 10. bekk á Íslandi eigi farsíma. Helmingur þeirra segi að engar reglur hafi verið settar um farsímanotkun þeirra þótt símarnir verði sífellt fullkomnari og bjóði meðal annars upp á að skoða netið og taka ljósmyndir.

Þar er einnig tæpt á reglum um áreiti, tillitssemi og ábyrga notkun. Til dæmis sé mikilvægt að fá leyfi fólks áður en ljósmynd er tekin af því, barnið segi ekki hverjum sem er símanúmerið sitt og að það skuli aldrei svara textaskilaboðum frá ókunnugum.

„Foreldrar verða að ákveða, hverjir fyrir sig, hvenær þeir telja barnið sitt nægilega þroskað til að nota farsíma. Bæði foreldrar og börn verða að átta sig á mikilvægi ábyrgrar notkunar og skynsamlegt er að setja skýrar reglur um farsímanotkunina þar sem væntingar beggja aðila eru uppi á borðinu,“ segir í bæklingnum um það hvenær börn hafi þroska til að nota farsíma. - sþs




**FORSÍÐA** Bæklingurinn liggur frammi í verslunum Vodafone og hjá umboðsmönnum um land allt.

Kveikt í kirkjum og heimilum:

# Átök milli kristinna og hindúa

**INDLAND, AP** Yfir 1.000 kristnir Indverjar tóku á sunnudag þátt í mótmælagöngu í höfuðborginni Nýju-Delí og kröfðust þess að ríkisstjórnin refsaði mönnum sem ofsótt hafa kristna menn í Kandhamal á Austur-Indlandi undanfarna daga.

Minnst fjórir hafa látið lífið í átökunum, sem hófust á aðfangadagskvöld er harðlínuhindúar kveiktu í kirkju. Þeir hafa síðan kveikt í fleiri kirkjum og heimilum kristinna og hafa kristnir í hefndarskyni kveikt í heimilum hindúa. Um 700 kristnir íbúar hafa forðað sér í neyðarskýli undan átökunum. - sdg/aa

Stjórnmál og stjórnsýsla:

# Umræðan nái til sem flestra

**MENNTUN Desemberhefti veftímaritsins Stjórnmál og stjórnsýsla er komið út.**

**Markmið tímaritsins er að skapa vettvang fyrir fræðimenn, sem þannig geti gert rannsóknarniðurstöður sínar aðgengilegar en einnig er ritinu ætlað að vera vettvangur skoðanaskipta.**

**Ritið má finna á vefnum www.stjornmalogstjornsysla.is og er það öllum opið.** - ovd

**HORNAFJÖRÐUR**

### Tveggja ára bíóhlé rofið

Eftir tveggja ára hlé á kvikmyndasýningum á Hornafirði var myndin Veðramót sýnd í Sindrabæ í síðustu viku. Á horn.is segir að verið sé að kanna hvort hægt sé að breyta sýningarvél þannig að hægt sé að sýna textaðar myndir.

Hugsanleg olíuhreinsunarstöð í Hvestu í Arnarfirði:

# Of langt fyrir Ísfirðinga

**IÐNAÐUR** Ólíklegt er að fólk frá Ísafjarðarbæ sæki vinnu í Hvestu í Arnarfirði ef olíuhreinsunarstöð kemur þar, jafnvel þótt vegsamgöngur yrðu bættar verulega. Þetta er niðurstaða skýrslu sem Rannsókna- og þróunarmiðstöð Háskólans á Akureyri hefur unnið fyrir Fjórðungssamband Vestfirðinga.

Fyrirhugað er að um 500 manns starfi við stöðina en samkvæmt skýrslunni búa 1.200 á vinnumarkaði Hvestu en 4.100 á vinnumarkaði Sanda.

Aðalsteinn Óskarsson, framkvæmdastjóri Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða og verðandi framkvæmdastjóri Fjórðungssambandsins, segir að nú hafi aðstæður í Hvestu og á Söndum í Dýrafirði verið rannsakaðar með tilliti til náttúrufars og samfélagsþátta og hafi ekkert komið fram sem hamli því að olíuhreinsunarstöð verði á öðrum hvorum staðnum.

„Nú liggja öll gögn fyrir og boltinn er því nú hjá forsvarsmönnum fyrirtækisins sem lögðu upp með þessa viðskiptahugmynd,“ segir Aðalsteinn. Efnt verður til málþings um málið þar sem heimamönnum gefst færi á að kynna sér málin snemma á næsta ári. - jse



**OLÍUHREINSUNARSTÖÐ** Þessi olíuhreinsunarstöð í Þýskalandi er álíka þeirri og fyrirhugað er að reisa á Vestfjörðum.



**ÚR HAGANUM** Minna seldist af lambakjöti árið 2007 en árin þar á undan. Útflutningur hefur líka minnkað.

# Lambakjötið selst ekki lengur af sjálfu sér

**Meðaltalssala lambakjöts á mánuði er nú rúmum hundrað tonnum minni en hún var 2004. Formaður Landssamtaka sauðfjárbænda segir söluna í framtíðinni ráðast af verði og markaðssetningu.**

**LANDBÚNAÐUR** „Það er meiri samkeppni en áður og meira úrval,“ segir Jóhannes Sigfússon, bóndi á Gunnarsstöðum í Þistilfirði og formaður Landssamtaka sauðfjárbænda.

Minna seldist af kindakjöti í síðastliðnum nóvembermánuði heldur en í sama mánuði síðustu ár. Nam salan rúmum 500 tonnum og tæpum 600 með útfluttu kjöti. Í nóvember á síðasta ári seldust rúmlega 580 tonn á innanlandsmarkaði og rúm 200 tonn voru flutt út.



**JÓHANNES SIGFÚSSON**

Salan innanlands á nýliðnu ári er tæpu einu og hálfu prósenti minni en á fyrstu ellefu mánuðum síðasta árs. Á sama tíma hefur orðið rúmlega níu prósenta samdráttur í útflutningi.

Kindakjötssalan hefur risið og hnigið það sem af er 21. öldinni. Salan jókst jafnt og þétt frá 2001 til 2004 en hefur farið minnkandi frá 2005.

Jóhannes Sigfússon getur ekki skýrt samdrátt í sölu kindakjöts með öðru en aukinni samkeppni. Horfir hann þar helst til aukinnar kjúklinganeyslu sem komi í staðinn fyrir lambakjötsát.

„Kannski höfum við ekki verið nógu dugleg að auglýsa og halda lambakjötinu fram,“ segir hann og kveður þann tíma auglóslega liðinn að lambakjötið seljist af sjálfu sér. Eftirleiðis ráðist salan af markaðssetningu og verðlagningu. Hann bendir þó á að markaðshlutdeild lambakjöts hafi verið mjög góð á Íslandi, mun betri en í öðrum löndum.

Jóhannes bindur áfram vonir við útflutning kindakjöts. Víða sé nokkur eftirspurn, til dæmis í Bandaríkjunum, Noregi og Danmörku. „Norðmenn vilja kaupa verulegt magn og borga mun hærra verð en áður,“ segir hann og leggur áherslu á að útflutt kjöt verði unnið á Íslandi svo virðisauki skapist með fjölgun starfa.

Enn fremur segir Jóhannes gæði íslenska lambakjötsins meiri en víða annars staðar og bendir á nýjar fregnir af óæskilegum fitusýrum og gerlum í dönsku lambakjöti, máli sínu til stuðnings.

bjorn@frettabladid.is

**SALA KINDAKJÖTS**

**Innanlands og útflutt (í tonnum).**

| | |
|---|---|
| 2001 | 7.538 |
| 2002 | 7.730 |
| 2003 | 8.198 |
| 2004 | 8.701 |
| 2005 | 8.006 |
| 2006 | 7.698 |
| 2007 | 7.498 |

Heimild: Landssamtök sauðfjárbænda

„Kannski höfum við ekki verið nógu dugleg að auglýsa og halda lambakjötinu fram.“

**JÓHANNES SIGFÚSSON**
FORMAÐUR LANDSSAMTAKA SAUÐFJÁRBÆNDA





PIPAR • SÍA • 72560

Leitar hugurinn út í heim?

Viðskiptafulltrúar sendiráða Íslands verða með viðtalstíma í Reykjavík dagana 7.-9. janúar 2008

Fulltrúarnir verða til viðtals fyrir þau fyrirtæki sem leita markaðsráðgjafar á umdæmissvæðum sendiráðanna og óska aðstoðar þeirra í viðskiptamálum erlendis.
Nánari upplýsingar um sendiráðin og umdæmi þeirra eru á vef Útflutningsráðs, **www.utflutningsrad.is**.

Pantaðu viðtalstíma í síma **511 4000** eða hjá **utflutningsrad@utflutningsrad.is**.
Fundarstaður er hjá Útflutningsráði, Borgartúni 35.

ÚTFLUTNINGSRÁÐ ÍSLANDS
UTANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ

www.utflutningsrad.is
www.utn.stjr.is



# NÝ HREYFING

## & nýtt Betra form

Hefst 14. janúar

**8-vikna námskeið fyrir konur – ný og enn betri námskeið í glæsilegu nýju húsnæði Hreyfingar í Glæsibæ.**

**Nýtt – Betra form 6**
Frábær nýjung í Betra form námskeiðunum.
Fjölbreytt, skemmtileg og árangursrík
6 mismunandi æfingakerfi í einu námskeiði:

- Zumba/Body Jam
- Tæbó brennsla
- Body bar blanda
- Mótun
- Hjól og tæki
- Pallabrennsla

Spennandi námskeið með öllu því nýjasta í líkamsræktinni.
Þér leiðist ekki eina sekúndu!

**Betra form – byrjendur**
**Betra form – framhald**
**Morgunhópar**
**Kvöldhópar**

**Barnagæsla** – Glæsileg aðstaða fyrir börnin og sömu góðu barnfóstrurnar.

Allar nánari upplýsingar á www. hreyfing.is eða í síma 414-4000.
Skráðu þig núna í síma 414-4000 eða
með tölvupósti afgreidsla@hreyfing.is.

**Innifalið í öllum Betra form námskeiðum:**

- Þjálfun 3x-5x í viku – frjáls aðgangur að tækjasal og opnum tímum.
- Aðgangur að glæsilegri spa aðstöðu, útipottum og gufum.
- Markviss leið að árangri með réttu mataræði.
- Fræðslufundur með næringarfræðingi.
- Vikuleg vigtun. Ummáls- og fitumælingar í upphafi og við lok námskeiðs.
- Leiðbeiningar um mataræði.
- Þátttakendur halda matardagbók.
- Markvisst fræðsluefni og mikið aðhald.

**Ný heilsulind opnar 7. janúar í Glæsibæ.**





HREYFING HEILSULIND

BLUE LAGOON ICELAND geothermal spa

Sími: 414 4000
hreyfing@hreyfing.is
www.hreyfing.is/nyhreyfing

## „ORÐRÉTT“

*Alltaf níu ára*

**Ég hef aldrei skynjað aldurinn og læt mér líka algerlega á sama standa um hann. Er ævinlega sá sami þegar ég lít í spegilinn. Alltaf níu ára.“**

GUÐMUNDUR ANDRI THORSSON Í VIÐTALI Í TILEFNI ÞESS AÐ HANN VARÐ FIMMTUGUR Á GAMLÁRSDAG.
Fréttablaðið 31. desember

*Leikur að málinu*

**„Það var mjög skemmtilegt að fá að leika sér með tungumálið og blanda saman dönsku og íslensku á eins vitlausan hátt og mögulegt var.“**

CHARLOTTE BÖVING LEIKKONA UM LEIK SINN Í SKAUPINU.
Fréttablaðið 31. desember

# tilveran
*nær og fjær*

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?** RAGNAR BJARNASON SÖNGVARI

## Enga þörf fyrir heitstrengingar



„Það er það helst að frétta að það er búið að vera brjálað að gera í desember,“ segir Ragnar Bjarnason söngvari. „Ég gaf út hljómdisk fyrir jólin og hann seldist bara nokkuð vel. Ég held að hann hafi komist í fjórða sætið á metsölulista. Það er gaman að segja frá því að þar söng með mér ungur piltur og við höfum svo sungið saman við nokkur tækifæri. Hann heitir Árni Þór Lárusson og er 13 ára svo það eru 60 ár á milli okkar,“ segir Ragnar og hlær við.

„Svo er alltaf nóg að gera hjá okkur Þorgeiri Ástvalds en við höfum verið að skemmta saman. En svo hefur mér líka gefist tími til að kíkja í bók en ég er mikill lestrarhestur. Ég var til dæmis að klára bókina Útkallið sem Óttar Sveinsson skrifaði. Það er alveg ótrúlegt að lesa um þessi björgunarafrek þegar þeir björguðu danskri áhöfn við Reykjanes, maður var bara með lafandi hökuna af undrun yfir þessum snillingum sem við eigum í þessum björgunarsveitum. En nú var ég að byrja á bók Hrafns Jökulssonar, Þar sem vegurinn endar, og svo bíður náttúrulega bókin um Guðna Ágústsson, maður verður að lesa hana.

Svo á gamlárskvöld var ég í fríi og þá sprengdi ég vel upp, það var aldeilis „sjó“ í lagi.“ Aðspurður hvort hann hafi strengt einhver áramótaheit kveður hann nei við: „Ég strengdi þess heit í tíu ár í röð að hætta að reykja og svo tókst það. Eftir það hef ég enga þörf fyrir svona lagað.“

## MICROSOFT BOB:
### STÝRIKERFI Í BOBBA

■ Árið 1995 kynnti Microsoft nýtt stýrikerfi sem kallaðist Microsoft Bob. Bob var ætlað að veita notendum eins einfalt viðmót og frekast var unnt. Í stað glugganna sem þekktust úr Windows sást á skjánum litskrúðugt herbergi í teiknimyndastíl og gegndi hver hlutur í herberginu ákveðnu hlutverki. Alltaf var notendum svo innan handar hjálparhella í formi einhvers dýrs eða persónu, sem leiðbeindi þeim um kerfið. Bob fékk skelfilegar viðtökur, lenti í 7. sæti á lista tímaritsins PC World yfir verstu vörur allra tíma og var valin versta vara áratugarins af vefnum CNET.com.

## SJÓNARHÓLL
BREYTINGAR Á STJÓRNARRÁÐINU

### Gott skref í rétta átt



**SIGURÐUR PÉTURSSON** Sagnfræðingur á Ísafirði.

„Mér finnst margt af þessu vera löngu tímabærar breytingar,“ segir Sigurður Pétursson sagnfræðingur á Ísafirði um þær breytingar sem urðu á stjórnarráðinu nú um áramótin. „Stjórnkerfið hefur verið ótrúlega íhaldssamt og margt er þarna verið að laga að breyttum atvinnu og samfélagsháttum.“

„Mikilvægast er að skipta heilbrigðis- og tryggingaráðuneytinu upp, að lífeyristryggingarnar fari í félagsmálaráðuneytið. Ég held að ansi margir séu búnir að bíða eftir þessari uppstokkun og vonandi að ríkisstjórnin geti ráðið við það verkefni.“

„Sem sveitarstjórnarmaður bind ég vonir við færslu sveitarstjórnarmála til samgönguráðuneytis. Það er spurning hvort sveitarstjórnarmálin fái þá meiri vigt en áður.“

„Auðvitað þyrfti að ganga enn lengra í sameiningum og fækkun ráðuneyta en jafnframt aðskilja löggjafar- og framkvæmdavald með því að ráðherrar gegni ekki þingmannsstörfum jafnhliða.“






# Kærleikurinn eldinum yfirsterkari

**Í nóvember síðastliðnum brann fjósið í Stærri-Árskógi með 166 nautgripum inni en aðeins 34 sluppu. Sá dagur situr vissulega enn í Guðmundi Geir Jónssyni bónda en viðbrögð sveitunga urðu til þess að hann sannfærðist um að kærleikurinn gæti sigrað bálið.**



**FJÖLSKYLDAN Á STÆRRI-ÁRSSKÓGI** Eftir að hafa misst megnið af bústofni sínum í nóvember hefur nú fjölskyldan snúið vörn í sókn. Freydís Inga Bóasdóttir er lengst til vinstri en Bríet Una er í fangi föður síns, Guðmundar Geirs Jónssonar.

Það var í óveðri miklu hinn 17. nóvember sem sjálfvirki mjaltaþjónninn gaf frá sér viðvörunarhljóð svo Guðmundur dreif sig út í storminn og yfir í fjósið. Þegar hann nálgaðist sá hann eldinn standa út úr því. „Á svona stundu upplifði ég það hvað maðurinn getur verið vanmáttugur þegar hann stendur frammi fyrir svona afli eins og eldurinn er. Kvígurnar sem höfðu möguleika á því að koma sér út gerðu það en eldurinn breiddist svo hratt út að ég gat ekki bjargað hinum til bjargar.

Það var náttúrulega hræðileg tilfinning að geta ekkert gert og vissulega fyllist ég stundum sjálfsásökunum eins og verða vill þegar einhver finnur til vanmáttar síns. En svo er það fyrst og fremst sveitungum mínum að þakka að reiðin fékk ekki að gerjast, þeir veittu mér mikinn stuðning strax.“ Það yljaði Guðmundi um hjartarætur þegar einn nágranni kom til hans og sagði: „Láttu þér ekki detta í hug að þú sért að fara að byggja fjósið aleinn.“ „Hefði ég ekki fengið þessi hlýju viðbrögð frá þeim hefði mér eflaust fallist hendur eftir þetta áfall og líklegast ekki reist fjósið að nýju.“

Sú var hreint ekki raunin því þremur dögum eftir brunann var Guðmundur búinn að panta nýtt hús fyrir fjós og nokkrum dögum síðar var hafist handa við framkvæmdir. Nú er húsið komið til landsins og Guðmundur hyggst koma því á grunninn 8. janúar næstkomandi og mjólkin verður aftur farin að renna á brúsa í Stærri-Árskógi í febrúar ef áætlanir ganga eftir.

Enda sátu sveitungar með hlýjan hug ekki við orðin tóm heldur sýndu vilja sinn í verki. „Ég fékk að hýsa kvígurnar sem sluppu úr eldinum á Kálfskinni. Svo var stofnaður söfnunarreikningur og nú eru komnar rúmar tvær milljónir inn á hann. En það voru ekki aðeins bændur sem tóku sig til því tveir tónlistarmenn, þeir Kristján Guðmundsson og Aron Birkir Óskarsson, héldu styrktartónleika á Dalvík þar sem söfnuðust um 700 þúsund krónur.“



**BRUNARÚSTIR EINAR** Fjósið og byggingar sem því fylgdu voru um 1.100 fermetrar, en eldurinn skildi eftir svartar rústir. Nýja fjósið sem reist verður í næsta mánuði verður 450 fermetrar.

Á síðasta kvótaári voru 360.000 lítrar af mjólk framleiddir í Stærri-Árskógi en þá var Guðmundur með um sextíu mjólkandi kýr. En hvað hyggst hann framleiða mikið á þessu kvótaári sem lýkur í september? „Það er mjög erfitt að segja til um það, ég stóð uppi með aðeins 34 kvígur eftir brunann en svo hafa nokkrir velunnarar tekið sig til og safnað alveg ótrúlega mörgum gripum sem þeir eru til í að láta mig hafa eða selja mér og einnig hefur Búnaðarsamband Eyjafjarðar komið mjög rausnarlega til móts við mig og þetta er alveg ómetanlegt framtak hjá þeim og er ég öllum alveg sérstaklega þakklátur. En það er nokkuð snemmt að segja hvað ég get farið að framleiða mikið.“

En hvað er honum nú efst í huga þegar hörmungarnar eru afstaðnar og búið er að snúa vörn í sókn? „Lífið er einn skóli,“ segir Guðmundur og verður hugsi. „Ég tel mig hafa verið lánsaman mann ef frá er talinn þessi atburður. Ég á yndislega fjölskyldu og góða vini. En ég hef þó venjulega ekki fengið neitt upp í hendurnar. Ég hef ævinlega þurft að berjast fyrir öllu í lífinu. Svo upplifi ég það nú að menn eru boðnir og búnir að eigin frumkvæði að greiða götu mína eftir þetta áfall og það er stórkostlegt að finna fyrir þessum hlýhug. Þó ég hafi fundið fyrir mætti eldsins þá sé ég það nú að máttur kærleikans er jafnvel ívið meiri. Svo finn ég til þakklætis að ekki skyldu hafa orðið slys á fólki; hvorki hér á bænum eða á því góða fólki sem vann við slökkvistörf.

En svo sá ég þarna svart á hvítu hvað það er mikilvægt í dreifbýlinu þar sem það tekur slökkvilið um 20 til 30 mínútur að komast á vettvang að það séu til staðar brunahanar og aðrir nauðsynlegir hlutir svo fólk geti hafist handa við slökkvistörf strax því úrslitin geta ráðist af fyrstu mínútunum. Reyndar var brunaslanga hér en hún var einmitt þar sem eldurinn kom upp svo ekki var hægt að komast að honum.“

Guðmundur segir erfitt að meta tjónið í fjárhæðum en það gæti verið vel á annað hundrað milljónir króna. Styrktarreikningurinn er í Sparisjóði Norðlendinga og er númer hans 1145-15-520040 og kennitala Guðmundar er 150172-3069.

jse@frettabladid.is

www.toyota.is




## Land Cruiser - Fullkomið frelsi

Það verður konungleg byrjun á nýju ári hjá söluaðilum Toyota um land allt nú um helgina. Þar ber hæst frumsýning á nýjum Land Cruiser 200, sem verður umkringdur öllum hinum stjörnunum frá Toyota.

Byrjaðu spennandi bílaár hjá Toyota. Veitingar í boði.

Opið:
Laugardagur kl. 12 - 16
Sunnudagur kl. 13 - 16

TODAY TOMORROW TOYOTA

Toyota Kópavogi
Nýbýlavegi 4
Kópavogur
Sími: 570-5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
Reykjanesbær
Sími: 420-6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
Selfoss
Sími: 480-8000

Toyota Austurlandi
Miðási 2
Egilsstaðir
Sími: 470-5070


HVÍTA HÚSIÐ / SÍA 07-2165
BYGGINGA- OG
FASTEIGNAFÉLÖG
ÞUNGAFLUTNINGAFYRIRTÆKI
SJÁVARÚTVEGSFYRIRTÆKI
FYRIRTÆKI Í
BIFREIÐAÞJÓNUSTU


ÁRANGUR
Á ÖLLUM SVIÐUM
Fyrirtæki úr öllum greinum atvinnulífsins nýttu sér sérþekkingu starfsmanna Glitnis á árinu 2007
SMÁSÖLUFYRIRTÆKI
MATVÆLAFYRIRTÆKI
RAFORKUFYRIRTÆKI
FJÁRMÁLA- OG FJÁRFESTINGAFYRIRTÆKI
JARÐVARMAFYRIRTÆKI
GLITNIR




# MERKI UM ÁRANGUR

Þessi og fjölmörg önnur fyrirtæki hafa kosið Glitni til samstarfs í umfangsmiklum verkefnum. Glitnir vinnur náið með viðskiptavinum við að ná settum markmiðum og leggur áherslu á faglega þjónustu byggða á reynslu og þekkingu starfsmanna.

Við þökkum viðskiptavinum okkar hérlendis og erlendis samstarfið á síðastliðnu ári og hlökkum til að takast á við verkefni nýs árs.

GLITNIR

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA 07-2155

INNLENDIR VENDIPUNKTAR 2007

# Ættarbölvun og refskák – nýr meirihluti í Ráðhúsið

Það líktist einna helst revíu að fylgjast með þegar slitnaði upp úr í haust milli Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks í borgarstjórn Reykjavíkur. Deilt var um útrás Orkuveitunnar, hver myndi hvað og hver hafði lofað hverju. *Birgir Guðmundsson* fer yfir refskákina og leyndardómsfull smáskilaboð sem fóru eða fóru ekki milli manna.



**REYNT AÐ HALDA BORGARSTJÓRN SAMAN** Deilt var um hvernig málin stóðu eftir síðasta borgarstjórnarfund gamla meirihlutans, en daginn eftir hafði Björn Ingi Hrafnsson myndað nýjan meirihluta með Samfylkingu, Vinstri grænum og Frjálslyndum. Hann skildi þó ekki þarna vera að fá boð um nýjan meirihluta, með SMS.

Í almennri umræðu lengi framan af árinu var útrás orkufyrirtækja lýst sem stóra-sannleik. Gilti einu hvort það var forseti lýðveldisins, ráðherra í ríkisstjórn, alþingismaður eða sveitarstjórnarmaður sem talaði, orkuútrásin var sá vaxtarbroddur sem átti að taka við af útrás fjármálafyrirtækja og bera Ísland áfram á vegi velmegunar og hagvaxtar. Sameining REI, dótturfyrirtækis Orkuveitu Reykjavíkur og einkafyrirtækisins Geysis Green Energy virtist eðlilegt framhald þess lausnarorðs sem orkuútrásin var. Málið fór fyrst að súrna þegar einstök atriði í samningnum komu upp á yfirborðið og hinn sjálfumglaði tónn í öllum vinnubrögðum varð ljós. Umræða um hugsanlega spillingu og skjótfenginn gróða einstaklinga er jafnan trygging fyrir athygli og gagnrýni – og svo var nú. Á nokkrum dögum breyttist þannig mál, sem hafði snúist um útfærslu á langvarandi stefnumótun nær allra stjórnmálaflokka, í hatrammar deilur. Valdabrölt og bræðrabyltur birtust þá landsmönnum sem illskiljanleg pólitísk sápuópera. Í yfirlýsingum fékk þessi sápa yfirbragð „hagsmunagæslu fyrir almenning“. Annars vegar voru sjálfstæðismenn sakaðir um að vilja selja á brunaútsölu verðmætar eignir almennings, og hins vegar voru andstæðingar sjálfstæðismanna sagðir vilja spila happdrætti á áhættumarkaði með þessar almenningseignir. Hér dúkkaði upp hugmyndafræði um hlutverk opinberra aðila í áhætturekstri og var hún notuð sem göfgandi skýring þegar meirihlutasamstarf Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks sprakk með miklum hvelli í október.

### Ættarbölvun óeiningar

Línurnar voru þó engan veginn eins skýrar í aðdraganda falls meirihlutans og yfirlýsingar gáfu til kynna. Ýmsir fleiri þættir skiptu máli varðandi aðdraganda og afleiðingar þessa pólitíska vendipunkts.

Sérstaklega mikilvægt var að sjálfstæðismenn voru ekki samstiga í málinu. Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, þáverandi borgarstjóri, hafði keyrt ákveðna línu ásamt sínu fólki í stjórn Orkuveitunnar. Þegar sú lína var dregin í efa af hans eigin borgarstjórnarflokki neyddist hann til að draga í land og meðal annars fórna sínum gamla samherja og vini Hauki Leóssyni sem verið hafði formaður stjórnar Orkuveitunnar. En trúverðugleiki hans sem leiðtoga var líka að verulegu leyti horfinn – einkum vegna þess að hann virtist ekki eiga tryggt bakland í borgarstjórnarflokknum. Hér virðist sem hin gamalkunna ættarbölvun óeiningar um leiðtoga, sem plagað hefur Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík frá því að Davíð Oddsson fór úr Ráðhúsinu, hafi enn einu sinni spunnið örlagaþræði flokksins. Það er hátt í áratugur síðan sá sem þetta ritar taldi sig fyrst sjá sláandi samlíkingu með borgarstjórnarflokki Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík og „ríki náttúrunnar“ hjá 17. aldar heimspekingnum Tómasi Hobbes. Þessi líkindi hafa ekki minnkað. Í ríki náttúrunnar hjá Hobbes stjórnast menn af eigin hagsmunum. Enginn getur treyst náunganum, enda engar almennar samfélagsreglur í gildi. Lífið í ríki náttúrunnar er því óþolandi, andstyggilegt, grimmt og stutt („arbitrary, nasty, brutish and short“). Til að tryggja öryggi sitt geta menn þó samaneinast um konung – „Leviathan“ – sem fær að ráða því sem hann vill, en hann verður á móti að halda uppi lögum og reglu. Eftir að Davíð fór úr borginni hafa sjálfstæðismenn einfaldlega ekki fundið sinn Leviathan. Markús Örn Antonsson var dreginn í efa sem foringi og hann vék korteri fyrir kosningar 1994. Árni Sigfússon var jafnframt dreginn í efa af því hann hélt ekki borginni og átti Björn Bjarnason ekki að vera svo miklu betri en Inga Jóna Þórðardóttir? Loks þegar Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson náði borginni var það ekki með mjög sannfærandi hætti og raddir sem telja að aðrir séu betri foringjar hafa ekki þagnað.

> Hér virðist sem hin gamalkunna ættarbölvun óeiningar um leiðtoga, sem plagað hefur Sjálfstæðisflokksinn í Reykjavík frá því að Davíð Oddsson fór úr Ráðhúsinu, hafi enn einu sinni spunnið örlagaþræði flokksins.

### Til – án Villa!

Í þessu samhengi má ekki mikið út af bregða til að hrinda af stað mikilli atburðarás. Þetta sást e.t.v. best á því hvað lítil sakleysisleg sms-skilaboð ollu miklum usla í október. „Til í allt án Villa!“ Hvort skilaboðin voru raunveruleg eða bara kjaftasaga skiptir litlu. Augljóst var að mikilvægir spilarar mátu það þannig að einhver hluti borgarstjórnarflokks sjálfstæðismanna, þ.e. flokkurinn að Vilhjálmi undanskildum, væri tilbúinn að reyna fyrir sér um nýtt meirihlutasamstarf. Staðan varð síðan enn eldfimari þegar þetta ástand í Sjálfstæðisflokknum er sett í samhengi við:

a) harða og stöðuga gagnrýni Svandísar Svavarsdóttur á REI-málið í stjórn Orkuveitunnar;

b) vakandi auga Samfylkingarinnar við að koma fleyg inn í meirihlutasamstarfið til að komast sjálf í meirihlutaaðstöðu;

c) erfiða stöðu Björns Inga Hrafnssonar sem hafði náð að halda Framsókn við borgarstjórnarborðið með því að tefla djarft og án hiks í hinni pólitísku refskák.

### Sigrar og ósigrar

Þetta var bakgrunnur þeirra pólitísku sviptinga sem urðu til þess að Björn Ingi söðlaði um og þáði meirihlutafaðmlag VG, Samfylkingar og Frjálslyndra. Sjálfstæðismenn hafa litlar þakkir kunnað Birni Inga fyrir og Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir varaformaður talaði, eins og raunar fleiri sjálfstæðismenn, um rýtingsstungu frá honum. Á móti hafa bæði Björn Ingi og nýir samherjar hans í meirihluta dregið fram sundurlyndið í Sjálfstæðisflokknum og sagt að flokkurinn hafi viljað einkavinavæða REI með skyndisölu. Báðar eða kannski öllu heldur allar fylkingar í málinu hafa náð að sveipa málið allt þeim hugmyndafræðilega blæ sem áður var nefndur, enda er það mikilvægt fyrir flokkana upp á framhaldið og hvernig þeir spila úr þessari stöðu í framtíðinni. Borgarstjórnarfulltrúar hafa verið í sókn og vörn og niðurstaðan nokkuð ólík eftir flokkum og einstaklingum.

### Gæfa eða gjörvileiki

Sjálfstæðismenn hafa náð að berja merkilega vel í brestina og láta eins og aldrei hafi verið neinn ágreiningur uppi í þeirra röðum. Vilhjálmur er enn í oddvitastól og sexmenningarnir, þ.e. hinir borgarfulltrúarnir, hamra á því að þeir hafi staðið fast á einhverjum prinsippum varðandi aðild opinberra aðila að útrás orkufyrirtækjanna. Þessi prinsipp eru hins vegar torskilin almenningi, sem horfir síðan upp á þessa sömu sjálfstæðismenn verja orkuútrás Landsvirkjunar í sérstöku félagi. Eftir stendur að Sjálfstæðisflokkurinn missti borgina með fremur snautlegum hætti og fáir trúa því í alvöru að Vilhjálmur verði þaulsætinn á oddvitastóli. Þó svo að í hópi sexmenninganna séu glæsileg leiðtogaefni, þá sannast e.t.v. enn hið fornkveðna að sitt er hvað gæfa eða gjörvileiki. Öll eru þau nokkuð brennd af þessari sérkennilegu REI-uppákomu sem leiddi samfylkingarmanninn Dag B. Eggertsson – einn höfuðandstæðing sjálfstæðismanna í síðustu kosningum – beint til hásætis.

Samfylkingin kemur hins vegar jafn vel út úr þessum vendingum og Sjálfstæðisflokkurinn kemur illa út. Flokkurinn fær tækifæri til að vera í leiðandi stöðu í nýjum meirihluta og vinna þannig sigra í miðtafli kjörtímabilsins, sigra sem ekki tókst að vinna í kosningunum sjálfum.

Sama má í raun segja um Frjálslynda flokkinn, sem skyndilega verður að mikilvægum hlekk í meirihluta í stað þess að vera einmana rödd hrópanda í andstöðunni.

### Svandís valdi vinstri

Þessi umskipti í borgarstjórn eru þó fyrst og fremst vendipunktur fyrir oddvita Framsóknar og VG, þau Björn Inga Hrafnsson og Svandísi Svavarsdóttur.

Svandís stendur uppi sem skeleggur sigurvegari sem nýtur trausts vinstri manna. Óumdeilt er að það var ekki hvað síst gagnrýni hennar á vinnulagið við sameiningu REI og Geysis Green sem kom því máli á dagskrá. Hún kaus jafnframt að fara í samstarf við gömlu R-lista flokkana frekar en t.d. að taka undir meint tilboð um samstarf við sjálfstæðismenn. Hvort sem slík tilboð hafa komið fram einhvers staðar annars staðar en í Morgunblaðinu eða ekki, þá er ljóst að mikilvægur hópur í baklandi hennar er mjög sáttur við að hún valdi „valkost til vinstri“. Hún hefur þannig styrkt sig og mun ganga inn í nýtt ár sem foringjaefni hjá Vinstri grænum.

### Björn Ingi skorar

Sömuleiðis má ætla að Björn Ingi hafi náð að framlengja og styrkja pólitískt líf sitt með því að segja Sjálfstæðisflokknum stríð á hendur. Björn fær vissulega á sig orð fyrir að vera slóttugur pólitíkus og jafnvel tækifærissinni og svikari. Þetta kemur ekki síst til af því að þegar hann myndaði meirihluta með Vilhjálmi á sínum tíma sakaði Ólafur F. Magnússon forustumenn hins nýja meirihluta um að hafa beitt brögðum. Á móti kemur að flestir hafa fylgst með því hvernig Framsókn stóð af óendanlegu trygglyndi með sjálfstæðismönnum í landsmálum og framdi með því pólitískt sjálfsmorð, til þess eins að líkinu yrði hent á haugana þegar Geir Haarde myndaði núverandi ríkisstjórn. Innan Framsóknarflokksins í það minnsta er ljóst að Björn Ingi framdi engin helgispjöll gagnvart sjálfstæðismönnum, og styrkti sig mikið sem leiðtogaefni.

### Baklandsbrestur

Meirihlutaskiptin í borgarstjórn í október voru mikill vendipunktur í íslenskri pólitík. En þótt málefni orkuútrásarinnar sé nýtt á hinni pólitísku dagskrá og hafi á sér yfirbragð mikilla hugmyndafræðilegra grundvallardeilna, þá eru átökin að mörgu leyti gamalkunnug. Togstreitan um borgina milli „félagshyggjuflokka“ og Sjálfstæðisflokks og ættarfylgja sjálfstæðismanna um baklandsleysi borgarstjórnarleiðtoga flokksins leika enn stórt og sennilega stærstu hlutverkin.



**Birgir Guðmundsson** er lektor í fjölmiðlafræði við Háskólann á Akureyri. Hann er gamalreyndur blaðamaður og pistlahöfundur og hefur fylgst með íslenskum stjórnmálum í áratugi.

**Innlendir vendipunktar 2007**
Fréttablaðið gerir nú upp árið með greinum um innlenda vendipunkta eftir landskunna Íslendinga. Vendipunktarnir snúast um markverðar fréttir á árinu, sem eiga það sammerkt að vera fréttir um eitthvað nýtt sem gerðist eða breytingar sem hafa áhrif til frambúðar.

## ERLENDIR VENDIPUNKTAR 2007

# Skuldakreppan og þróunarlönd

Kreppan á íbúðalánamarkaði í Bandaríkjunum heldur sjálfsagt áfram að valda óskunda um allan heim á næsta ári. Kreppan hefur hins vegar ekki bitið á þróunarlönd, bendir *Ngozi Okonjo-Iweala* á, sem telur að ríkari þjóðir geta lært mikið af þeim fátækari um mikilvægi reglugerða í fjármálamörkuðum og í stjórnkerfinu.



**DIAZ-FJÖLSKYLDAN BORIN ÚT** Diaz-fjölskyldan var meðal fjölmargra Bandaríkjamanna sem misstu heimili sitt í kreppunni á íbúðalánamarkaði í ár, en fasteignabólan sprakk þar fyrir tveimur árum.

Í árslok 2007 gætir enn áhrifa undirmálsléna á fasteignamarkaði á hina bandarísku fjármálamarkaði. Afleiðinganna gæti orðið vart um allan heim ef kreppa skellur á í Bandaríkjunum.

Robert Schiller, prófessor í hagfræði við Yale-háskóla, sagði í vitnisburði fyrir Bandaríkjaþingi að kreppan á íbúðalánamarkaði væri afleiðing af bæði óhóflegri uppsveiflu í kjölfar sprengingar á fasteignamarkaði og nýrra fjárfestingakosta. Allir vildu græða og fólk vílaði ekki fyrir sér að taka lán í þeirri vissu að fasteignaverð myndi halda áfram að hækka. Nýir fjárfestingakostir, aðallega óhefðbundin lán, mögnuðu eftirspurnina á fasteignamarkaði en grófu um leið undan góðærinu.

Þetta leiddi til fleiri áhættusamra lána auk þess sem fjarlægðin jókst milli lánveitandans og fjárfestisins, sem var sá sem bar alla ábyrgðina. Bankar þróuðu sífellt flóknari fjármögnunarleiðir og fyrirtæki sem fjárfestu í íbúðalánum lögðu lánin fram sem veð fyrir nýrri lántöku. Þetta leiddi til mikillar aukningar á skuldabréfum með veð í undirmálslánum og skuldavöndlum. Hrikta tók í stoðum þessara fjármálagjörninga þegar fasteignabólan í Bandaríkjunum sprakk árið 2005.

Greiningarfyrirtækið RealtyTrac segir að í fyrra hafi fjárnám verið gert 1,2 milljón sinnum í Bandaríkjunum, sem er 42 prósenta aukning frá 2005. Talið er að fjárnám í ár nálgist tvær milljónir, það er eitt á hver 62 heimili. New York Times segir fjárnám ekki hafa verið fleiri síðan í kreppunni miklu.

### Sterkari staða

Áður voru undirmálslán fátíð en nýir fjárfestingakostir gerðu þau allt að því að sjálfsögðum hlut, eins og Schiller benti á: „Það hefur færst í aukana á undanförnum árum að veita einstaklingum slík áhættulán á almennum lánamarkaði. Sprengingin á fasteignamarkaði og gróðavonin bjuggu til stóran leikvöll á stuttum tíma.“ Hann bætti við að fáar reglugerðir næðu yfir gjörninga af þessu tagi.

Nú er talið að þúsundir milljarða geti glatast og haft áhrif á fjármálamarkaði um allan heim, sem leiðir mig að áhrifunum á þróunarlöndin.

Hverfum 25 ár aftur í tímann. Árið 1982 stóð Mexíkó ekki í skilum við viðskiptabanka sem ríkið hafði fengið lán hjá. Það leiddi til skuldakreppu í þróunarlöndum. Efst á forgangslistanum var að bjarga hinu alþjóðlega fjármálakerfi. Auðugu ríkin féllust á að ekki væri hægt að kenna þróunarlöndum um kreppuna, þar sem þau réðu engu um hækkanir á olíuverði eða vaxtahækkanir í Bandaríkjunum. Þetta lagði grunninn að hinni svokölluðu Brady-áætlun árið 1989, umfangsmikilli aðgerð undir forystu Bandaríkjanna í þeim tilgangi að lækka skuldir þróunarlanda.

Árið 1997 og 1998 reið önnur kreppa yfir þróunarlöndin, sem varð meðal annars til þess að Rússland og síðar Argentína lentu í vanskilum. Í þetta sinn réðust ríkin gegn vandanum upp á eigin spýtur. Í kjölfarið hefur tekjuafgangur þessara landa aukist, þau tekið upp fljótandi gengi, greitt upp erlendar skuldir og safnað erlendum gjaldeyrisforða. Þá hafa mörg fátækari þróunarlönd, sem mörg hver hafa hagnast á afskrifum lána, sett strangari reglugerðir og styrkt stofnanir sína og stjórnkerfi.

### Þróunarlönd halda sjó

Mörg Afríkuríki sunnan Sahara hafa vaxið rækilega á undanförnum árum, þrátt fyrir verðhækkanir á vörum á borð við olíu. Þau ríki sem hafa hagnast á því síðastnefnda – þar fer Nígería, heimaland mitt, fremst í flokki – nýta byrinn sem verðhækkanir blása í segl þeirra betur en áður. Þá gerir uppgangurinn í Kína og Indlandi það að verkum að hagvöxtur á heimsvísu er ekki háður Bandaríkjunum einum.

> Hvers vegna að eyða tíma í að þróa flóknar fjármögnunarleiðir sem ekki er víst að borgi sig, þegar þróunarlönd geta boðið upp á fýsilega fjárfestingakosti?

Enn og aftur stöndum við frammi fyrir hættu á alþjóðlegri kreppu, sem á rætur á að rekja til Bandaríkjanna – það er undirmálslána og mikils viðskiptahalla.

En staðan í þróunarlöndum gæti ekki verið ólíkari því sem hún var fyrir aldarfjórðungi. Þrátt fyrir sölu eigna á nýmörkuðum og álag á gjaldmiðla halda þróunarlönd sjó. Snarpar stýrivaxtalækkanir og opnar markaðsaðgerðir seðlabanka hafa vissulega hjálpað til. En staðreyndin er þó sú að þróunarlönd státa nú af sterkari stöðu ríkissjóðs, betri stefnumótun og styrkara stjórnkerfi.

Þetta leiðir mig að lykilatriðinu: Hvers vegna að eyða tíma í að þróa flóknar fjármögnunarleiðir sem ekki er víst að borgi sig, þegar þróunarlönd geta boðið upp á fýsilega fjárfestingakosti? Áhugaleysi fjárfesta á þróunarlöndum mátti ef til vill einu sinni réttlæta með lítilli hagnaðarvon. En það er að breytast og sífellt fleiri fjárfestar leita til landa á borð við Afríkuríkin sunnan Sahara. Þar er fjárfestum boðið upp á áhættustýringu gegnum eignasöfnun. Þetta er ekki (og ætti ekki að vera) bundið við skammtíma fjárfestingar í verðbréfum, heldur gildir einnig í langtímaverkefnum sem lúta að innri viðum samfélagsins og hlutabréfum. Þetta gæti líka leitt til mikilvægra endurbóta í stofnunum þessara landa.

### Fjárfestakostir sem lofa góðu

Kreppan á undirmálslánamarkaði sýnir svo ekki verður um villst þörfina á gagnsæi og ströngum reglugerðum. Þetta á auðvitað við um alþjóðahagkerfið í heild, en er sérstaklega brýnt fyrir þróunarlönd.

Lengi hafa þróunarhagfræðingar rifið hár sitt og skegg yfir fjármagnsstreymi frá fátækum löndum til ríkra. Það brýtur gegn hinu hagfræðilega þyngdarafli: Fjármagnið ætti að streyma í hina áttina svo lengi sem þróunarlönd geta tryggt áhættulítið og gagnsætt umhverfi með traustri efnahagsstefnu og stjórnsýslu. Þetta hefur nú gerst að einhverju leyti þar sem Kína og Indland eru byrjuð að fjárfesta í Afríku. En hvers vegna aðeins þau tvö? Hví hafa ríkari lönd ekki fylgt í fótspor þeirra?

Undirmálslána-kreppan er margslungin ráðgáta og það tekur sjálfsagt nokkur ár að ráða í orsakir hennar og afleiðingar. Hins vegar er ánægjulegt til þess að vita að þróunarlönd virðast ætla að standa af sér storminn. Vonandi verður það raunin áfram og þróunarlönd sífellt vinsælli áfangastaður fjárfesta um allan heim.



**HAGFRÆÐINGURINN ROBERT J. SCHILLER** Schiller sagði í vitnisburði fyrir Bandaríkjaþingi að kreppan á íbúðalánamarkaði væri afleiðing af bæði óhóflegri uppsveiflu í kjölfar sprengingar á fasteignamarkaði og nýjum fjárfestingakostum. Allir vildu græða og fólk vílaði ekki fyrir sér að taka lán í þeirri vissu að fasteignaverð myndi halda áfram að hækka. Nýir fjárfestingakostir, aðallega óhefðbundin lán, mögnuðu eftirspurnina á fasteignamarkaði en grófu um leið undan góðærinu.



**Ngozi Okonjo-Iweala** er fyrrverandi fjármála- og utanríkisráðherra Nígeríu og heiðursfélagi í Brookings-stofnuninni. Hún var nýlega skipuð framkvæmdastjóri hjá Alþjóðabankanum. Greinin endurspeglar ekki skoðanir ofangreindra stofnana.

**Erlendir vendipunktar 2007**
Líkt og fyrri ár birtir Fréttablaðið greinar eftir erlenda höfunda, í samstarfi við New York Times Syndicate, um markverða atburði þessa árs. Allar greinarnar eiga það sameiginlegt að fjalla um vendipunkta, nýja þróun sem á eftir að hafa veruleg áhrif á alþjóðasamfélagið.

POTTAR — MEÐ 40% AFSLÁTTUR

SMÁVÖR — ALLT AÐ 70% AFSLÁTTUR

ÞVOTTAVÉLAR — ALLT AÐ 29% AFSLÁTTUR

UPPÞVOTTAVÉLAR — ALLT AÐ 15% AFSLÁTTUR

FRYSTISKÁP — MEÐ 15% AFSLÁTTUR

OFNAR — ALT AÐ 46% AFSLÁTTUR

HELLUBOR — MEÐ 15% AFSLÁTTUR

KÆLISKÁ — MEÐ 15% AFSLÁTTUR

HÁFAR — ALT AÐ 50% AFSLÁTTUR

ÖRBYLGJUOFNAR — MEÐ 20% AFSLÁTTUR

# ÚTSALAN ER HAFIN!

RAFTÆKJAVERZLUN ÍSLANDS HF

- ANNO 1929 -

Skútuvogur 1 • Sími 568 8660 • ri@ri.is **www.ri.is**

Opið: Virka daga kl. 9-18 • Laugardaga 11-16

LG Lífið er gott

DYNAMO REYKJAVIK

Við óskum lan
gleðilegra
góðrar **fjár**
**heils**

dsmönnum
r hátíðar og
**hagslegrar**
**u** á nýju ári.

Byrjaðu árið á **byr.is**
– kannaðu fjárhagslega heilsu þína
og komdu með í ræktina!

**BYR**
SPARISJÓÐUR

# skoðun

*greinar@frettabladid.is*

Komandi tíð og samkeppnisstaða Íslands:

## Veður til að skapa

**ÞORSTEINN PÁLSSON SKRIFAR**

Endurnýjun kjarasamninga er mikilvægasta og um leið eldfimasta verkefni sem við blasir í upphafi nýs árs. En það er kvika í því umhverfi sem þeir hrærast í sem leiða eiga þessa mikilvægu samninga til lykta. Hún vekur óneitanlega upp ýmsar spurningar um þjóðfélagsþróunina á næstu árum.

Með öðrum orðum: Margt veitir vísbendingu um að tími sé kominn til að endurmeta ýmsa grundvallarþætti er lúta að samkeppnishæfni Íslands og stöðu í alþjóðasamfélaginu.

Fyrsta viðfangsefnið eru menntamálin. Þau eru stærsta fjárfestingarverkefnið framundan. Háskóli Íslands setti sér metnaðarfullt markmið um að komast í fremstu röð skóla og rannsóknarstofnana af því tagi. Skólinn greip á lofti hugmynd sem menntamálaráðherra skaut fram um það efni. Nú er unnið samkvæmt markvissri áætlun um að lyfta skólanum á hærra stig.

Nýr alþjóðlegur samanburður á árangri grunnskóla sýnir að íslenskir skólar hafa fremur farið aftur á bak en áfram. Viðbrögðin á Alþingi voru eins og hver önnur moðsuða. Það er óásættanlegt. Á þessu sviði fræðslumálanna er einnig þörf á að beina sjónum að inntaki skólastarfsins með hnitmiðaðri tímasettri áætlun um árangur.

Frumvörp að nýrri heildarlöggjöf fela ekki í sér lausnina. En þau eru mikilvægur grunnur til að byggja á og stórt skref fram á við. Í framhaldi af því yrði bæði hressandi og vekjandi að sjá sams konar frumkvæði og tekið var í Háskólanum til að lyfta grunnskólunum og gera þá samkeppnishæfari í alþjóðlegu samhengi.

Annað viðfangsefnið er skattkerfið. Tveir áratugir eru nú frá því að mesta skattkerfisbreyting sem gerð hefur verið kom til framkvæmda. Hún var undirbúin í samstarfi við aðila vinnumarkaðarins. Tekjuskattslækkun allra síðustu ára hefur miðað að því að koma skatthlutfallinu aftur niður á það stig sem þá var ákveðið.

Eins og mál hafa skipast eru ríkar ástæður til að skoða möguleika á nýrri grundvallarbreytingu á skattkerfinu hugsanlega með flötum tekjuskatti til að þrengja bilið milli skattheimtu af launum og fjármagni. Það mun taka tíma með því að mikilvægt er að breið samstaða takist um öll veigamikil nýmæli í skattamálum. En framhjá því verður ekki litið að tími er kominn á að leggja línur til nýrrar framtíðar á þessu sviði.

Þriðja viðfangsefnið er krónan og staða Íslands í alþjóða samfélaginu. Aðalhagfræðingur Seðlabankans hefur réttilega lýst núverandi stefnu í peningamálum sem tilraun. Hana má ekki kaupa of dýru verði. Einsýnt er að viðunandi stöðugleiki á fjármálamarkaði næst ekki að óbreyttu skipulagi.

Evran er nærtækasti kosturinn í þessu efni. Þetta er langtíma viðfangsefni. Mestu skiptir að markmiðið sé skýrt. Aðild að Evrópusambandinu er ekki bundin sömu vandkvæðum eins og fyrir tíu til fimmtán árum. Kjarni málsins er sá að búa þarf svo um hnútana að unnt verði að taka varanlegar ákvarðanir um stöðugra peningalegt umhverfi eftir þrjú til fjögur ár.

Öll þessi þrjú atriði skipta sköpum fyrir samkeppnishæfni Íslands á komandi tíð. Einu gildir í því samhengi hvort horft er á umhverfi einstaklinga eða atvinnulífs.

Pólitískar aðstæður eru að því leyti hagstæðar að í ríkisstjórn sitja þeir flokkar sem líklegastir eru til að tryggja nægjanlega breiða samstöðu um þær grundvallarbreytingar sem samkeppnishæfni landsins veltur öðru fremur á. „Nú er veður til að skapa.“

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365

**RITSTJÓRAR:** Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir, Kristján Hjálmarsson, Trausti Hafliðason og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál). **FULLTRÚI RITSTJÓRA:** Páll Baldvin Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Aðdáunarljóminn fölnaði

Steingrímur J. Sigfússon, formaður vinstri grænna, uppskar aðdáun margra þegar hann hóf mál sitt á því að gera athugasemd við umgjörð þáttarins Kryddsíldar á dagskrá Stöðvar 2 á gamlársdag. Steingrímur benti á að kostun þáttarins hefði verið rædd í fyrra og það væru sér vonbrigði að stórfyrirtæki hefði verið fengið til að kosta þáttinn aftur. Hann kvaðst ekki vera í boði „Alcoa eða Alcan eða hvað það heitir“ og enginn réði því hvað hann segði annar en hann sjálfur, menn ryfu ekki hefð að gamni sínu og því hefði hann ákveðið að mæta. Það er þó greinilegt að af tvennu illu er betra að vera kostaður í þáttinn en að sleppa því að taka þátt í umræðunum. Aðdáunarljóminn fölnaði því fljótt. Þátturinn var kostaður og Steingrímur tók þátt í honum.



### Andklímöx ársins

Eftir fáu biðu landsmenn jafnspenntir í desember og auglýsingum tveggja íslenskra fyrirtækja, Kaupþings og Remax. Hermt er að mest hafi mátt greina óræðar munnviprur á andlitum landsmanna þegar John Cleese henti gaman að nafni Randvers Þorlákssonar í þeirri fyrrnefndu. Hefur Randver ekki mátt þola nóg? Vonandi kostaði sú ekki miklar hækkanir á þjónustugjöldum. Auglýsing Remax, sem sýndi fólk í ástríðufullum faðmlögum við þakskegg og innanstokksmuni, þykir heldur ekki til þess fallin að réttlæta auglýsingahlé í Áramótaskaupinu fyrir efasemdamönnum. Heima er best, var boðskapurinn. Samt var sungið á útlendu tungumáli undir blíðuhótunum. Við áramót þykir til siðs að gera upp liðið ár og útnefna hitt-og-þetta ársins. Fyrir árið 2007 má nú bæta við liðnum „andklímöx ársins“.



**stigur@frettabladid.is, ghs@frettabladid.is**

# Kossinn í Avignon



**EINAR MÁR JÓNSSON**

**Í DAG** | Listir

Eins og lög gera ráð fyrir féll það lokum dómur á mál stúlkunnar sem smellti kossi á einlitt og mjallahvítt málverk eftir Cy Wombly, þannig að það var ekki einlitt og mjallahvítt lengur heldur kom á það eldrautt far eftir varalit. En frá þessu máli hef ég þegar sagt á þessum blöðum. Dómurinn var að vísu ekki mjög þungur, hann hljóðaði upp á 1.500 evra sekt og hundrað klukkustunda vinnu við eitthvað sem varðaði almenningsheill. Var það víðsfjarri þeim kröfum sem ákærendur höfðu gert, en þeir heimtuðu m.a. tvær milljónir evra í skaðabætur – en sú upphæð var talin vera kaupverð meistaraverksins – auk ýmislegs annars, svo sem drjúgra endurgreiðslna á „rannsóknarkostnaði“. Virðist dómarinn hafa tekið skýringar stúlkunnar gildar að einhverju leyti, en hún sagðist alls ekki hafa ætlað að vinna nein spellvirki heldur hafi hún orðið altekin slíkri ofurást á þessari snilld að hún hafi ekki getað stillt sig um að tjá hana með þessum litríka hætti.

En vitanlega var ekki við hæfi að það væri refsivaldið sem hefði síðasta orðið. Allra augu hvíldu nú á listamönnum og menn veltu því fyrir sér hvaða vopn þeir myndu velja til að svara þessari lúalegu árás á listina. Spennan var mikil. Stjórnandi gallerísins sem málverkið átti viðurkenndi að í byrjun hefði hann ekki gert sér grein fyrir því hve málið var alvarlegt, hann hefði ekki áttað sig fyrr en hann varð þess var að fréttastofan AFP sendi út fimm fréttaskeyti um það á dag og hann var spurður hvort hann vildi semja handrit að sjónvarpsmynd um gjörninginn. Og þá þyrmdi yfir hann: „Þetta var geðveiki og ég hef ekki enn náð mér,“ sagði hann. Eitthvað varð að gera til að sýna að engum vandalisma yrði látið ósvarað.

Listamenn svöruðu með festu og alvöruþunga. Hinn 28. október var opnuð voldug sýning í Avignon, borginni þar sem ódæðið var framið, hún var á þremur hæðum og nefndist „Ég kyssi ekki“. Fjöldamargir listamenn buðu fram verk sín óbeðnir, sum þeirra voru beinlínis gerð af þessu tilefni, til annarra var leitað, svo og til fjölmargra safna, og fengin voru verk eftir látna listamenn. Allir þekktustu fulltrúar nútímalistar áttu verk á sýningunni, og einnig margir ungir og óþekktir snillingar, og til að koma henni fyrir var annarri sýningu, sem ráðgerð hafði verið, frestað til næsta vors.

Sýningin var skipulögð þannig að hún væri í senn stefnuskrá listamanna gegn vandalisma og hefði þar að auki uppeldislegt gildi. Fyrsti hluti hennar fjallaði um „Kossinn“ frá öllum sjónarmiðum og -hornum, þar voru frægir kossar úr kvikmyndum, gjörningur eftir Orlan frá 1977 sem nefndist „Koss listamannsins“, og alls kyns munnar, bæði opnir og lokaðir, „alltaf grípandi og stundum blekkjandi“ eins og blaðamenn komust að orði, eftir listamenn eins og Andy Warhol og fleiri. Í öðrum hluta sýningarinnar var farið lengra. Þar var t.d. sýnt að ógeringur væri að vernda listaverk fyllilega án þess að listin sjálf hyrfi við það. Verk eftir Daniel Buren átti að minna á hvernig fjölmiðlar gætu með sínu myrkravaldi snúið almenningi upp á móti skapandi list (það var í tilefni röndóttu súlnanna sem hann tróð niður í 18. aldar súlnagarðinum í Palais Royal í París við fremur litla hrifningu), og Anselm Kiefer sýndi andstöðuna milli hins nauðsynlega ofbeldis listarinnar og marklauss ofbeldis myndbrjótanna. Svo vantaði að sjálfsögðu ekki Mónu Lísu með skegg eftir Marcel Duchamp og átti hún að vera til sönnunar um það að viðbót sína hefði listamaðurinn að vísu krotað á eftirprentun en ekki frummyndina sjálfa, sem enn hangir skegglaus í Louvre það best verður séð. En þriðji hlutinn var hápunktur sýningarinnar, hann var í mjallahvítum sal og allur gerður hinu kossi spillta verki Cys Wombly til virðingar. Þar var m.a. þrískipt mynd eftir Robert Ryman sem hafði hlotið svipuð örlög og minnti menn nú á hve viðkvæm öll hin listræna arfleifð getur verið. Hún var nefnilega einnig snjóhvítur einlitungur sem fengið hafði á sig sams konar kossafar fyrir fimmtán árum (en það sýnir hið lifandi samhengi í sögu nútímalistar). Myndin hafði verið hreinsuð og fengið aftur sinn tandurhvíta lit. En eftir því sem árin höfðu liðið, hafði varalitsmerkið smám saman komið fram aftur.

„Þetta er eins og merki um dóm guðs“, sagði eigandi gallerísins, og virtist það vera honum nokkur huggun.

# Nýtt ár boði nýja stjórnartíð

**UMRÆÐAN**

Stjórnmál



**ÁRNI ÞÓR SIGURÐSSON**

Við áramót er gjarnan horft yfir farinn veg, liðið ár vegið og metið, og lagðar línur fyrir komandi ár. Árið 2007 hefur um margt verið viðburðaríkt, ekki síst í íslenskum stjórnmálum. Í kjölfar alþingiskosninga var mynduð ný ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar en sú stjórnarmyndun olli félagshyggju- og jafnaðarfólki miklum vonbrigðum. Enn á ný var Sjálfstæðisflokkurinn leiddur til öndvegis í ríkisstjórn hér á landi, og nú af hinum íslenska jafnaðarflokki. Forveri Samfylkingarinnar, Alþýðuflokkurinn, lék einmitt þann sama leik árið 1991 þegar hann valdi að endurnýja ekki stjórnarsamstarf á vinstri vængnum en þess í stað ryðja brautina fyrir margra ára stjórnarforystu hægri aflanna.

Þótt nýir siðir fylgi ævinlega nýju fólki, og þess sjáist stað við ríkisstjórnarborðið, er ekki mikill málefnalegur munur á þeirri ríkisstjórn sem nú situr og samsteypustjórnum íhalds og framsóknar sem sátu við völd í tólf ár. Jafnaðarmennirnir hafa meira og minna tekið sæti Framsóknar og láta sér vel líka að því er séð verður. Það er heldur dapurlegt hlutskipti, einkum í ljósi þess að Samfylkingunni stóð til boða að leiða raunverulega félagshyggjustjórn. Viðfangsefni næsta árs og ára verða margs konar, ekki síst á sviði umhverfismála, velferðarmála og jafnréttismála. Þau verkefni verða ekki sómasamlega leyst á forsendum frjálshyggjunnar og markaðslögmála. Þar þurfa félagsleg viðhorf og manngildishugsjón að ráða för.

Í borgarstjórn Reykjavíkur var m.a. tekist á um eignarhald á auðlindum þeim sem felast í orkunni í iðrum jarðar og þekkingu og reynslu starfsfólks. Við vitum öll hvernig því ævintýri lyktaði. Meirihlutasamstarf Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks sprakk og við völdum tók nýr meirihluti Vinstri grænna, Samfylkingar, Framsóknar og Frjálslyndra. Sá meirihluti var myndaður til að starfa í anda félagshyggju og lýðræðislegra vinnubragða og ekki síst til að standa vörð um almannaeigur gagnvart botnlausri peningahyggju. Vinstrihreyfingin – grænt framboð lék lykilhlutverk við myndun hans og er að öllum öðrum ólöstuðum hugmyndafræðilegur burðarás í samstarfinu. Slík stjórn þarf líka að taka við landsstjórninni, því fyrr því betra. Gleðilegt ár.

*Höfundur er alþingismaður.*

KAUPMANNAHÖFN – LA VILLA
Heimagisting á besta stað í bænum.
Býður alla Íslendinga velkomna.
Geymið auglýsinguna.
www.lavilla.dk. S.0045 3297 5530. GSM. 0045 2848 8905

Rafstilling ehf
startarar - alternatorar - perur
viðgerðir - sala
hröð og góð þjónusta
Dugguvogi 23 - s: 5814991 / 6634942
rafstilling@rafstilling.is

Bílaþjónusta Magga
Viðgerðaþjónusta - Smurþjónusta - Pústþjónusta - Hjólbarðaþjónusta - Bón og þvottur
*TILBOÐ
á umfelgun 3.495 kr. og Alþrif 5.490 kr
*tilboðið gildir út 2007
Hvaleyrarbraut 2, Hfj • Sími. 517 0350
Opið. 9-18 og 9-16 á laugardögum

bfo.is
Bifreiðaverkstæði Friðriks Ólafssonar ehf bfo@bfo.is
NISSAN SUBARU HONDA ISUZU OPEL
SMIÐJUVEGI 22 (GRÆN GATA) · 200 KÓPAVOGI · SÍMI: 567 7360




Bragi er alinn upp í tónelskri fjölskyldu og því kom ekki á óvart að hann kaus að leggja sönginn fyrir sig.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Þýskar óperur heilla mest

***Bragi Jónsson er nemi við Söngskólann í Reykjavík og lýkur sjötta stigi í vor.***

„Ég hef verið viðloðandi tónlist síðan ég var krakki. Það var mikið um tónlist á mínu æskuheimili, foreldrar mínir í kór og systkini mín þrjú í tónlistarskóla. Síðan söng ég sjálfur í kirkjukór Garðskirkju í Kelduhverfi sem krakki,“ segir Bragi Jónsson, 22 ára nemi í Söngskóla Reykjavíkur.

Bragi býr nú í Sandgerði og syngur þar í kirkjukórnum. Þar fannst félögum Braga að hann ætti að láta reyna á auðheyrða hæfileika og úr varð að hann skráði sig til náms í Söngskóla Reykjavíkur fyrir tveimur árum. „Sönginn er hægt að læra á ýmsum stöðum, en mamma þekkir ágætlega til í skólanum og vissi að þetta er góður skóli,“ segir Bragi, en skólinn fagnar þrjátíu og fimm ára afmæli í ár.

„Lengd námsins fer eftir eigin námshraða. Ég er á sjötta stigi af átta og hef farið ansi hratt yfir,“ útskýrir Bragi sem segist vera hreinn bassi sem er að hans sögn ekki svo algengt. Hann keyrir daglega frá Sandgerði í skólann í Reykjavík og segir það lítið mál. „Maður raular alltaf eitthvað á leiðinni og notar tímann til að hita aðeins upp,“ segir hann hlæjandi.

Söngnemar verða að ná tveimur stigum á píanó samhliða söngnámi en Bragi þarf ekki að hafa áhyggjur af því. „Ég var í tónlistarnámi sem barn og lærði þá á trompet og píanó og þarf þar af leiðandi ekki að stunda það nám samhliða söngnum,“ útskýrir Bragi og segist vera hrifnastur af þýskum óperum.

Námið er lánshæft þegar komið er að sjöunda stigi en eftir það býður skólinn upp á tveggja ára nám sem leiðir til brottfararnáms. Þó velja margir að halda áfram erlendis og þá nægja sjö stig. „Margir fara til Englands í nám, en ég hef líka heyrt að það sé gott að læra í Austurríki. Ég er svona að skoða möguleikana svo þetta á eftir að koma í ljós,“ segir Bragi

Skemmtilegast við námið er hversu gaman það er að syngja og félagsskapurinn að sögn Braga sem bætir við að hann syngi einnig í Óperukórnum. „Þetta er hörkuvinna ef vel á að ganga, mikill textalærdómur, þýðingar og æfingar. Hins vegar skilar vinnan sér alltaf í góðum árangri sem er vel þess virði,“ segir Bragi.

*rh@frettabladid.is*


Loksins raunhæfur valkostur í stað nagladekkja fyrir fólksbíla og jeppa

TOYO
VERÐLAUNA-MYNSTRIÐ
Stærri snertiflötur - aukið öryggi
Tvíhliða munstur Eykur gripöryggi og stuðlar að betri akstrseiginleikum við hemlun og í beygjum
Tennt brún Eykur gripöryggi
Bylgjótt mynstur Til að tryggja betra veggrip
Þríviðir gripkubbar Zik-Zak lóðrétt lögun kubbanna tryggir minni hreyfingu á þeim og aukna rásfestu

TOYO
Harðskeljadekk
Frábær ending - Minna svifryk - Mjög hljóðlát
30 daga eða 800 km skilaréttur
Svo sannfærðir erum við um kosti TOYO harðskeljadekkjanna að við bjóðum 800 km eða 30 daga skilarétt ef þið eruð ekki fullkomlega sátt. Andvirðið gengur þá að fullu til kaupa á öðrum hefðbundnum vetrar- eða nagladekkum hjá okkur, við umfelgun fyrir þig hratt og örugglega.



561 4110 NESDEKK Fiskislóð 30
TOYO TIRES Umhverfisvænn valkostur í stað nagladekkja
Bílabúð Benna
Vagnhöfða 23 • 112 Reykjavík
Sími 590 2000 • www.benni.is
Opið virka daga frá kl. 8.00 - 18.00.
Laugardaga 11.00 - 14.00.

**Hljóðbækur** eru góður valkostur fyrir þá sem eiga erfitt með lestur af einhverjum orsökum. Eldra fólki þykir stundum erfitt að halda á þungum bókum, til dæmis þegar lesið er uppi í rúmi, og auk þess getur letrið verið smátt. Hljóðbækur geta þá komið í góðar þarfir.


Outdoor Travel and More
Island - Grikkland /Albania - Marokko - Russland - Iran

Alfred Tischer
Leyfðu jeppanum þínum að hvíla sig frá snjó og slyddu heima - á Saharasandi
**MAROKKO í vor 2 0 0 8. Draumurinn rætist**
**28 daga jeppaferð fyrir Íslendinga**
2. - 28. april n.k.

verð 2480.- € a mann (miðað við tveggja manna áhöfn a bíl) frá Seyðisfirði báðar leiðir
Íslenskumælandi túlkur er með í ferðinni.

Síðasti skráningardagur 31. janúar 2008 - nánari upplýsingar á heimasíðu
http://www.outdoor-travel-and-more.de/ mailto:info@outdoor-travel-and-more.de
0049-172 8887819 0049-251 778394


# Í upphafi skal endinn skoða

***Nám er ákveðið langhlaup og það eru sannindi í kvæðinu „það er leikur að læra“ segir Jónína Kárdal, starfs- og námsráðgjafi hjá Háskóla Íslands. Henni finnst margir stúdentar gleyma því að nám er skemmtilegt. Hún telur upp nokkur góð ráð fyrir komandi vorönn.***

„Helstu pyttirnir eru að byrja ekki strax,“ segir Jónína þegar hún er spurð að því hvað stúdentar ættu helst að varast í upphafi vorannar nú í janúar. „Það að byrja strax er ekki endilega að maður sitji sveittur í átta tíma á dag, heldur að maður sé meðvitaður um hvað maður sé að gera. Að hvert skref sé alltaf í áttina að því að ljúka verkefninu. Og spyrja sig: Af hverju ætla ég að geyma þetta þar til á morgun? Er ég að fresta þessu af því mér finnst þetta leiðinlegt eða er ég smeyk við verkefnið? Maður verður að horfast í augu við hvað það er sem hindrar mann í að halda áfram.“

Jónína segir að tímastjórnun sé mikilvæg til að ná markmiðum. Mikilvægt er að átta sig á mismunandi hlutverkum sem maður gegnir: „Ég er kannski ekki eingöngu námsmaður heldur líka hluti af fjölskyldu og stunda vinnu. Orðið tímastjórnun er ef til vill öfugmæli því við stjórnum ekki tímanum, hann ræður sér sjálfur. En við ráðum hvað við gerum og hvernig við hugsum um tímann.“





Skólastofurnar fengu líka jólafrí.

Námsmaður á að líta yfir farinn veg og sjá hvað hann hefur lært á undanförnum misserum, athuga í hvers konar pytti hann datt og læra af mistökunum. Það má hinsvegar ekki einblína á mistökin heldur horfa frekar á það sem vel gekk.

Svo er mikilvægt að búa til skemmtilegar stundir líka og njóta þeirra án samviskubits. „Samviskubitið er dragbítur,“ segir Jónína. „Ef við tölum um prófstress og verkefnastress getur það verið jákvætt afl. Stress kemur okkur fram úr rúminu á morgnana. En ef við förum yfir okkar streituþröskuld fer stressið að vinna á móti okkur.“

Jónína nefnir algeng vinnubrögð sem hún kennir við slembilukku; það að fresta því að lesa undir próf þar til tveimur dögum fyrir prófið og fá svo átta í einkunn. „Það eru mjög slæm vinnubrögð, því þú ert ekki að læra og meðtaka. Markmið náms er að nota það sem maður lærði til að yfirfæra yfir á aðrar aðstæður. Ef við færum ekki þekkingu yfir í langtímaminnið þá hverfur hún.“ *niels@frettabladid.is*


**STÝRISENDAR, SPINDILKÚLUR OG FÓÐRINGAR**
**í jeppa í miklu úrvali**
Japan/U.S.A.



FJALLABÍLAR
Stál og stansar ehf.
Vagnhöfða 7
110 Reykjavík
Sími: 517 5000



Aukin ökuréttind - Meirapróf
Nýlegir kennslubílar



ÖKUSKÓLINN Í MJÓDD
**Næsta námskeið hefst 9. janúar**
Upplýsingar og innritun í síma 567 0300



„...fyrst á visir.is“
visir.is
...ég sá það á visir.is





Auglýsingasími
512 50 50
– Mest lesið

## SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

### Námskeið

ÍSLENSKA f. NÝBÚA - INTENSIVE ICELANDIC: Level I: 4 weeks x 5d; Md.-Frd; 18 - 19.30. Start 07/01, 11/02, 03/03. Level II: 7 weeks: Md/Wd/Frd; 20-21.30. Start 07/01, 26/02. Level III: 10 weeks; Tsd/Thrd; 20 - 21.30. Start 08/01, 18/03, Ármúli 5. s.588 1169, ice@icetrans.is, www.icetrans.is/iceschool

## HEIMILIÐ

### Húsgögn



Einstök húsgögn til sölu, henta bæði úti og inni. Úthöggvin úr heilli trjárót. Einnig gömul húsgögn, fást ódýrt og gefins. Uppl. í s. 893 8886

**Til sölu eikar eldhús- og baðinnréttingar**
**ásamt borðstofuskenk og fataskápum. Einnig 45fm af gegnheilu eikarparketi, 22mm og 4 Billy bókahillur 80x202 og tölvuborð með efri hillu. Væntanlegur kaupandi tekur innréttingarnar niður og fjarlægir. Allar innréttingar teiknaðar af arkitekt og sérsmíðaðar. Uppl. í s. 894 6301.**

### Dýrahald

Hvuttar.is - Netverslun Nýjar hágæða vörur hjá netversluninni www.hvuttar.is

### Ýmislegt

Tek að mér þrif í heimahúsum og þrif vegna flutninga. Endilega hafðu samband. Uppl. Berglind í s. 868 9133.

## HÚSNÆÐI

### Húsnæði í boði

Til leigu 20 fm. Vinnuh. Bæjarhraun Hafnarf. Sameigingl. aðstaða með elshúsi, Wc og setust. Uppl. í s. 696 5310.

76fm íbúð á besta stað á Akureyri fæst í leiguskiptum fyrir íbúð á höfuðborgarsvæðinu. Uppl. í s. 897 7681 e. kl. 17.

**Kaupmannahöfn**
Herb. f. einn til leigu á Amager frá 1. jan. með húsgögnum. Uppl. í s. 0045 2820 2880 & 0045 4333 6072.

Ný glæsileg 2 herb. íbúð á Noðrubakka í Hfj. Uppl. á heimahagar.is

Til leigu ný glæsileg 2 herb. íbúð í Brussel. Uppl. á heimahagar.is

Einbýlishús í Garðabæ til leigu frá jan - júlí 2008. uppl. 8930320

### Atvinnuhúsnæði

Um það bil 200 fm skrifstofu- og lager húsnæði til leigu á svæði 101. Einnig 160 fm lagerhúsnæði upp á höfða. Uppl. í s. 844 1011.

### Geymsluhúsnæði

Til leigu sér geymslubil 7, 10 og 17 m2. Einnig bretti. Búslóðir, fyrirtæki, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S. 564 6500. www.geymslaeitt.is

### Gisting

Flóki Inn - Langtíma gisting / Long term rental. Simi:552 1155 - info@innsoficeland.is

## ATVINNA

### Atvinna í boði

**Loftorka Reykjavík**
**Óskar eftir verkamönnum til jarðvinnu framkvæmda. Matur í hádeginu og heimkeyrsla. Upplýsingar í síma 565 0875.**

**Ítalía - veitingahús**
**Veitingahúsið Ítalía leitar eftir starfsfólki í fullt starf í sal. Unnið er á vöktum. Um er að ræða framtíðarstarf, ekki yngri en 18 ára.Nánari upplýsingar eru einungis veittar á staðnum milli kl. 12 og 17 næstu daga. Veitingahúsið Ítalía Laugavegi 11**

**Ísbar/Booztbar, Kringlunni.**
**Óskum eftir að ráða í eftirfarandi starf: dagvinna á tímabilinu 8.30-16.30, heilsdags eða hálfsdags starf. Góð laun í boði fyrir réttan aðila. Einungis traust og heiðarlegt fólk kemur til greina. Uppl. í s. 898 7924, Kristinn eða senda umsókn á cyrus@simnet.is**

**Energia kaffihús/veitingahús Smáralind**
**Vantar þjóna í sal og á kaffibar. Fulltstarf og og/eða hlutastörf eingöngu. Mikil vinna fyrir duglegt og kraftmikið fólk. Upplýsingar í síma 664 0664 eða á staðnum, Guðný.**

**Vaktstjóri á Pizza Hut Nordica**
Pizza Hut leitar að vaktstjóra í veitingasal á Pizza Hut Hótel Nordica. Um er að ræða framtíðarstarf. Starfið felst í: stjórnun vakta, þjónustu og mannastjórnun í samráði við veitingastjóra. Hæfniskröfur: Þjónustulund, samviskusemi, reglusemi, hæfni í mannlegum samskiptum. Lágmarks aldur er 22 ár. Áhugasamir sendi inn umsókn á www.pizzahut.is . Nánari uppl. hjá Birgir veitingastjóra Pizza Hut Nordica 694-8022 og 533-2002.

**Fullt starf á Pizza Hut Nordica**
Pizza Hut leitar að duglegu og stundvísu starfsfólki í fullt starf í veitingasal. Lágmarksaldur er 18 ára. Umsóknir sendist á www.pizzahut.is eða hafið samband við Birgir veitingastjóra Nordica í síma 694-8022 og 533-2002.

**Kökuhornið Bæjarlind**
**Óskar eftir að ráða starfsmann í afgreiðslu aðra hverja helgi. Uppl. í gefur Ingibjörg í s. 866 0060 & Sirrí í s. 897 0702.**

**Söluturn**
**Starfskraftur óskast í afgreiðslu í alla virka daga. Góð laun fyrir heiðarlega, stundavísa og þjónusulundaða manneskju. Uppl. í s. 892 2365.**

**Veitingahúsið Nings**
**Óskar eftir að ráða starfsfólkí fullt starf, um er að ræða 15 vaktir í mánuði. Einnig vantar okkur starfskraft í dagvinnu frá kl. 10-17. Aukavinna í boði ef vill. Upplýsingar í síma 822 8835 og einnig inn á www.nings.is**

**Veitingahúsið Nings**
**Óskum eftir að ráða fólk í sal í kvöld- og helgarvinnu. Um er að ræða afgreiðslustörf. Tilvalið fyrir skólafólk. Upplýsingar í síma 822 8840 og einnig inn á www.nings.is**

**Veitingahúsið Nings**
**Óskar eftir glaðlegu og broshýru starfsfólki í sal í kvöld- og helgarvinnu. Upplýsingar í síma 822 8835 og einnig inn á www.nings.is**

**Villtu ganga til liðs við okkur?**
**Bakarameistarinn Smáratorgi, Mjóddinni, Húsgagnahöllinni, Suðurveri og Austurveri leitar eftir hressum og skemmtilegum einstaklingum til starfa. Í boði eru bæði hlutastörf og fullt starf. Skemmtilegur vinnustaður og góð laun í boði fyrir rétt fólk. Upplýsingar gefur 897 5470 milli kl. 9-16**



Hressingarskálinn

**Hressingarskálinn Austurstræti**

**Hressingarskálinn óskar eftir þjónum í fulla dagvinnu, helst reyndum. Ef þú ert jákvæð/ur, brosmild/ur og vinnuþjarkur, þá endilega komdu hingað á Hressó of fylltu út umsókn hjá okkur á Austurstræti 20.**

**Hressingarskálinn Austurstræti 20**

**Viltu koma til liðs við okkur?**

**Nýr leikskóli í Norðlingaholti býður upp á krefjandi og spennandi starfsumhverfi.**

**Leikskólinn Rauðhóll**

**Vinátta - Virðing - Vellíðan**

**raudholl@leikskolar.is**

**S. 693 9812, Guðrún Sólveig.**

Þjónustumiðstöð Vesturbæjar leitar eftir sjúkraliðum, félagsliðum eða starfsönnum vönum umönnun til starfa nú þegar á Þorrasel dagdeild aldraða. Dagvinna virka daga,starfshlutfall samkomulag,lítill og notalegur vinnustaður.Allar nánari uppl.gefa Guðbjörg og Kristín sími 5612828 og Droplaug 4112700/6647790

**Bráðvantar starfsmann**

Handlaginn mann eða smið vantar til starfa við húsaviðgerðir o.fl. Góð laun fyrir réttan aðila. S. 616 1569.

Starfsfólk frá Lettlandi: smiðir, verkamenn, suðumenn, ræstingafólk o.fl. S. 8457158

## ATVINNA ÓSKAST

**Leikskólinn 101 Bræðraborgarstíg 1**

Sem er lítill 2ja deilda ungbarnaleikskóli óskar eftir aðstoðarleikskólastjóra. Skilyrði að hafa leikskólakennaramenntun. Einnig óskast starfsmaður í 100% starf.

Upplýsingar gefur Hulda í s. 562 5101 & 891 8430.

## Atvinna óskast

**Vantar þig Smiði, múrara eða járnabindingamenn?**

**Höfum á skrá menn sem að óska eftir mikilli vinnu. Geta hafið störf nú þegar.**

**Proventus starfsmannaþjónusta s. 661 7000.**

## TILKYNNINGAR

## Tilkynningar



Útför elskulegs eiginmanns míns, föður, tengdaföður, afa og langafa Björns Þórhallssonar viðskiptafræðings og fyrrverandi varaforseta ASÍ, Goðheimum 26, Reykjavík, sem lést á Landspítalanum aðfararnótt 25. desember fer fram frá Langholtskirkju föstudaginn 4. janúar kl. 15.00. Guðný S. Sigurðardóttir Þórhallur Björnsson Anna Janyalert Karl Björnsson Katrín I. Karlsdóttir barnabörn og barnabarnabörn




**Reykjavíkurborg**
Skipulags- og byggingarsvið

# Auglýsing um breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík og breytingar á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2001 - 2024

**Í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, er hér með auglýst tillaga að breyting á deiliskipulagi í Reykjavík.**

## Stakkholt 2 – 4 og 3.

Tillaga að breytingu á deiliskipulagi Hampiðjureits vegna lóða við Stakkholt 2-4 og 3.

Tillagan gerir ráð fyrir að grynnka byggingarreit íbúðarhluta bygginga svæðis meðfram Brautarholti, Stórholti og Þverholti, bæta við kjallarahæð og einni inndreginni hæð ofan á að hluta til. Á jarðhæð er gert ráð fyrir verslun og þjónustu. Heimilt verði að byggja svalir, skyggni, litlar útbyggingar, stiga og lyftuhús út fyrir byggingarreit. Í inngarði er gert ráð fyrir þriggja hæða húsi með kjallara.

Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

# Auglýsing um breytingar á Aðalskipulagi Reykjavíkur

**Í samræmi við 18. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, eru hér með auglýstar til kynningar tillögur að breytingum á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2001 - 2024.**

## Gylfaflöt Grafarvogi, breyting á Aðalskipulagi

Gert er ráð fyrir að opið svæði til sérstakra nota við Hallsveg, sunnan núverandi athafnasvæðis við Gylfaflöt breytist í athafnasvæði A2. Um er að ræða stækkun á núverandi atvinnusvæði við Gylfaflöt um u.þ.b. 3 ha. Á hinum nýju lóðum er gert ráð fyrir sambærilegri starfsemi og nýtingu og fyrir er á svæðinu við Gylfaflöt. Umrædd stækkun er í samræmi við eldri hugmyndir um skipulag atvinnusvæðisins við Gylfaflöt.

Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

## Grjótháls v/Vesturlandsveg, breyting á Aðalskipulagi

Gert er ráð fyrir að opið svæði til sérstakra nota, milli Vesturlandsvegar og Grjótháls breytist í miðsvæði. Svæðið er um 0,4 ha að stærð og kemur í beinu framhaldi af þjónustulóð bensín-stöðvar við Vesturlandsveginn. Á svæðinu er einkum gert ráð fyrir þjónustu við bíla og vegfarendur, s.s. bílaþvottastöð. Aðkoma að svæðinu verður um Grjótháls. Nýtingarhlutfall verði sambærilegt og á lóðinni að Grjóthálsi 8.

Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillögurnar liggja frammi í upplýsingaskála skipulags- og byggingarsviðs Reykjavíkurborgar að Borgartúni 3, 1. hæð, virka daga kl. 8:20 – 16:15, **frá 2. janúar 2007 til og með 13. febrúar 2008**. Einnig má sjá tillögurnar á heimasíðu sviðsins, ***www.skipbygg.is***. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillögurnar. **Ábendingum og athugasemdum við tillögurnar skal skila skriflega eða á netfangið *skipulag@rvk.is*, til skipulags- og byggingarsviðs eigi síðar en 13. febrúar 2008. Vinsamlegast notið uppgefið netfang fyrir innsendar athugasemdir með tölvupósti.**

Þeir sem eigi gera athugasemdir innan tilskilins frests, teljast samþykkja tillöguna.

Reykjavík, 2. janúar 2008
Skipulagsstjóri Reykjavíkur

BORGARTÚN 3 - 105 REYKJAVÍK - SÍMI 411 3000 - MYNDSENDIR 411 3090

**Hringdu í síma**
**512 50 60**
**ef blaðið berst ekki**

**KATE BOSWORTH LEIKKONA ER 25 ÁRA Í DAG.**

*„Það er hluti af starfinu að kynna myndirnar sínar. Maður situr fyrir á forsíðum tímarita og svo framvegis en þess fyrir utan reyni ég að lifa mjög venjulegu lífi. Ég reyni alls ekki að gera það að meira brjálæði en það er.“*



***Kate Bosworth heitir Catherine Ann Bosworth og er bandarísk leikkona. Hún er með annað augað blátt og hitt brúnt.***

# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 2. JANÚAR 1979

## *Réttarhöld yfir Sid Vicious hefjast*

Þennan dag árið 1979 hófust réttarhöld yfir Sid Vicious, bassaleikara pönkhljómsveitarinnar Sex Pistols, vegna morðsins á Nancy Spungen, kærustu hans.

Sid Vicious hét réttu nafni John Simon Ritchie. Hann fæddist í London og stuttu eftir fæðingu hans yfirgaf faðirinn fjölskylduna. Sid og móðir hans fluttust til Ibiza þar sem móðir hans gerðist eiturlyfjasali og má líta á það sem nokkurs konar fyrirboða um það sem í vændum var.

Sid og Nancy voru á kafi í eiturlyfjum og voru á hraðri leið til glötunar. Að morgni 12. október árið 1978 rankaði Sid við sér úr eiturlyfjavímu og fann Nancy látna á baðherbergisgólfinu í hótelherbergi númer 100 á Hótel Chelsea í New York. Hún hafði verið stungin í kviðinn og hafði blætt til dauða. Sid var handtekinn og ákærður fyrir morðið en hann hélt því fram að hann myndi ekkert eftir atvikinu. Trygging var greidd af útgáfufyrirtækinu Virgin Records svo Sid gæti tekið upp plötu með hljómsveit sinni til að safna fé fyrir lögfræðikostnaði. 2. febrúar árið 1979 var haldin lítil veisla til að fagna því hafði Sid fengið tímabundið frelsi. Veislan var haldin heima hjá nýrri kærustu hans sem hann hóf samband við daginn sem hann útskrifaðist af Bellevue-spítala í október árið áður. Sid hafði verið vaninn af heróíni á meðan á dvöl hans í fangelsinu stóð. Þetta kvöld fékk hann hins vegar heróín frá móður sinni og tók inn of stóran skammt. Kærastan lífgaði hann við og síðar um nóttina sofnuðu þau. Hann vaknaði hins vegar aldrei aftur til lífsins.



**SID VICIOUS OG NANCY**

### MERKISATBURÐIR

**1653** Sjávarflóð verður við suðurströnd Íslands stundum nefnt Háeyrarflóð.

**1871** Stöðulögin staðfest af konungi. Var þar kveðið á um að Ísland væri óaðskiljanlegur hluti Danaveldis með sérstökum landsréttindum.

**1884** Andrea Guðmundsdóttir saumakona á Ísafirði kýs til bæjarstjórnar og verður fyrsta íslenska konan sem það gerir eftir að konur fengu kosningarétt til sveitarstjórna.

**1887** Prentarafélagið er stofnað og er það fyrsta verkalýðsfélagið á Íslandi.

**1899** Kristilegt félag ungra manna, KFUM, er stofnað í Reykjavík.

# Frítt inn í Listasafn Reykjavíkur

Aðgangur að Listasafni Reykjavíkur í Hafnarhúsi, Kjarvalsstöðum og Ásmundarsafni er ókeypis frá 1. janúar 2008. Í framhaldinu, eða frá 10. janúar, verður safnið í Hafnarhúsi haft opið lengur en áður eða til klukkan 22 á fimmtudagskvöldum. Þetta var kunngjört á blaðamannafundi með Hafþóri Yngvasyni, safnstjóra Listasafns Reykjavíkur, Degi B. Eggertssyni borgarstjóra og Svanhildi Konráðsdóttur, sviðsstjóra menningar- og ferðamálasviðs Reykjavíkurborgar. Þau lýstu því yfir að niðurfelling aðgangseyris væri gerð til að undirstrika að safnið væri hluti af sameiginlegum lífsgæðum borgarbúa og hvöttu fjölskyldur og aðra til að fjölmenna á listsýningar á nýju ári.

„Þetta eru gleðitíðindi fyrir okkur, borgarbúa og landsmenn,“ segir Soffía Karlsdóttir, kynningarstjóri Listasafns Reykjavíkur og upplýsir að á fimmtudagskvöldum sé meiningin að hafa alltaf einhverja dagskrá, annaðhvort tengda sýningunum eða ekki. „Við viljum hafa söfnin samkomustað og ókeypis aðgangur að þeim auðgar en frekar þá skapandi borg sem Reykjavík er,“ segir hún.



**BJÓÐA FRÍTT Á SÖFNIN** Hafþór safnstjóri, Dagur borgarstjóri og Svanhildur sviðsstjóri. MYND/LISTASAFN REYKJAVÍKUR



†

*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Jónína Kristín Vilhjálmsdóttir**

Deildarási 1, Reykjavík,

lést á Landspítalanum Fossvogi þann 25. desember. Útför hennar fer fram frá Árbæjarkirkju fimmtudaginn 3. janúar kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Krabbameinsfélag Íslands.

**Fyrir hönd aðstandenda**

**Vilhjálmur Örn Halldórsson** **Svanfríður Ásgeirsdóttir**
**Þröstur Sveinsson** **Guðrún J. Eiríksdóttir**
**Óla Laufey Sveinsdóttir**
**Þorsteinn Sveinsson** **Keelie Walker**
**Jóna Denny Sveinsdóttir**



†

*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Áslaug Jónsdóttir**

Hrísalundi 4 c, Akureyri,

verður jarðsungin frá Akureyrarkirkju föstudaginn 4. janúar kl. 13.30. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Heimahlynningu Akureyri.

**Björn J. Jónsson** **Halldóra Steindórsdóttir**
**Sævar Ingi Jónsson** **Elín Jóhanna Gunnarsdóttir**
**Ingibjörg Jónsdóttir**
**Rósa Friðriksdóttir** **Ólafur Halldórsson**
**Atli Örn Jónsson** **Arnfríður Eva Jónsdóttir**
**Jón Már Jónsson** **Unnur Elín Guðmundsdóttir**
**ömmu- og langömmubörn.**

**ANNA BIRNA ÞRÁINSDÓTTIR SÝSLUMAÐUR Í VÍK:** LÖGBIRTINGABLAÐIÐ 100 ÁRA

# Lögbirtingablaðið aldargamalt

Lögbirtingablaðið kom fyrst út í prentuðu formi í byrjun árs 1908. Í dag eru því hundrað ár frá því blaðið var fyrst gefið út og þrátt fyrir að form þess og yfirbragð hafi kannski ekki breyst ýkja mikið þá hefur útgáfan breyst töluvert.

„Lögbirtingablaðið hefur verið í útgáfu óslitið síðan 1908 og er gefið út af dómsmálaráðuneytinu. Þau tímamót urðu hins vegar 1. júlí 2005 að farið var að gefa blaðið aðallega út á netinu á vefsíðunni logbirtingablad. is. Pappírsútgáfan sem margir þekkja frá síðustu áratugum er í raun orðin aukaafurð og eru nú að ég held einungis um fjórtán pappírsáskrifendur en um sex hundruð rafrænir áskrifendur,“ útskýrir Anna Birna Þráinsdóttir, sýslumaður í Vík, og segir hún Lögbirtingablaðið í raun vera eins konar auglýsingablað fyrir hið opinbera, lögmenn og önnur stjórnvöld. „Í Lögbirtingablaðinu birtast dómsmálaauglýsingar eins og stefnur til dóms, ýmsar tilkynningar frá skiptastjórum í þrotabúum, tilkynningar frá hlutafélagaskrá Ríkisskattstjóra, skipulagsauglýsingar frá sveitarfélögum og fleira sem stjórnvöld þurfa að koma á framfæri. Nánari skilgreiningu má annars finna á vefsíðu Lögbirtingablaðsins,“ segir Anna Birna en útgáfa blaðsins er nú í höndum sýslumannsembættisins í Vík. „Ég er í raunritstjóriLögbirtingablaðsins og ábyrgðarmaður. Sýslumaðurinn í Vík gefur út blaðið í umboði dómsmálaráðuneytisins en það gerðist um síðustu áramót, 1. janúar 2007, að sýslumaðurinn í Vík tók við þessu umboði. Þetta var liður í að færa verkefni frá dómsmálaráðuneytinu út til sýslumannsembætta og styrkja þau þannig,“ útskýrir Anna Birna og telur hún að önnur ráðuneyti mættu taka sér það til fyrirmyndar.

Þrátt fyrir að öld sé liðin frá útgáfu fyrsta tölublaðs Lögbirtingablaðsins stendur það enn í miklum blóma. „Þetta er bráðnauðsynlegt blað. Þarna birtast á einum stað áðurnefndar upplýsingar og þeir sem þurfa að lesa þetta, aðallega vegna starfa sinna, eiga því auðvelt með að nálgast þær. Ef Lögbirtingablaðið væri ekki þá væri þetta bara birt hér og þar og því erfiðara að henda reiður á því,“ segir Anna Birna ákveðin. „Það kemur afar sjaldan fyrir að við fáum eitthvað sem við teljum okkur ekki eiga eða mega birta. Við skiptum aðallega við hið opinbera, banka og lögmenn og þeir vita hvað má birta og hvað ekki. Það segir í lögum um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað hvað á að birta og síðan er fullt af öðrum lögum sem segja nánar til um það,“ segir Anna Birna og ítrekar að það sé mjög skýr rammi um auglýsingarnar. Lögbirtingablaðið er í raun merkileg söguleg heimild en Anna Birna segir að þótt blaðið sé aldargamalt þá hafi auglýsingarnar nú breyst glettilega lítið. „Blaðið hefur verið mjög fastmótað frá upphafi og hefur lítið breyst að efni til.“ Á netinu má nálgast öll tölublöð frá árinu 2001 til dagsins í dag en eldri blöð má meðal annars finna á Landsbókasafninu og öðrum bókasöfnum. „Þetta er einnig til hjá dómsmálaráðuneytinu og hér hjá sýslumannsembættinu í Vík er þetta allt til innbundið,“ segir Anna Birna. Það eru tvö störf í kringum útgáfu Lögbirtingablaðsins og snúa þau aðallega að prófarkalestri og skipulagningu á útgáfu. „Prófarkalesturinn er hvað tímafrekastur. Auglýsendur senda auglýsingarnar oftast inn rafrænt þannig að við gerum lítið annað en að lesa þær yfir og skipuleggja útgáfuna,“ segir Anna Birna og bætir við að með breyttu fyrirkomulagi útgáfunnar á netinu náist gríðarlegur sparnaður. „Flestir kjósa sér rafræna áskrift vegna þæginda. Ég gæti trúað að lögmenn og lögfræðiskrifstofur væru um einn þriðji áskrifenda, stofnanir og fyrirtæki einn þriðji og loks almenningur einn þriðji,“ segir Anna Birna og ljóst er að Lögbirtingablaðið er enn í fullu fjöri, en nú að mestu í netheimum. **hrefna@frettabladid.is**



**LÍTIÐ BREYST Í 100 ÁR** Anna Birna Þráinsdóttir, sýslumaður í Vík, segir Lögbirtingablaðið hafa lítið breyst að efninu til þótt útgáfuformið sé mikið breytt. MYND/SIGURÐUR HJÁLMARSSON



Lögbirtingablað.

**NÚMER 1** Fyrsta Lögbirtingablaðið kom út fyrir hundrað árum.

# Iðnskólinn í Reykjavík útskrifar

Iðnskólinn í Reykjavík brautskráði 120 nemendur 19. desember síðastliðinn en á haustönn stunduðu 2.100 nemendur nám við skólann. Við útskriftina voru veitt verðlaun fyrir besta samanlagðan námsárangur og féllu þau í hlut Súsönnu Barböru Götz og Gísla Karlssonar en auk skólans veita fjölmörg félagasamtök og fyrirtæki verðlaun í einstökum greinum.

Skólameistari Iðnskólans, Baldur Gíslason, gerði að umtalsefni í ræðu sinni frumvarp til nýrra laga um framhaldsskóla en þar eru boðaðar breytingar á umhverfi framhaldsskólans sem miða að því að tengja saman háskólasviðið og framhaldsskólana og eins atvinnulífið og skólana. Sagði hann Iðnskólann í Reykjavík hafa þar mörg sóknarfæri og vildi hann sjá skólann fremstan í flokki í mótun framhaldsnáms fyrir iðn- og starfsmenntað fólk. Einnig ávarpaði Baldur nemendur sína og sagði þau geta verið stolt af námi sínu og því forskoti sem þau hefðu á atvinnumarkaðnum með gráðu frá Iðnskólanum. Ekki ætti að draga fólk í dilka eftir lengd eða eðli náms heldur skipti máli að hver einstaklingur menntaði sig og næði sínum eigin markmiðum. - rt



**VERÐLAUNAHAFARNIR** ásamt Guðmundi Páli Ásgeirssyni námsstjóra og Baldri Gíslasyni skólameistara.

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# Opið í dag 12.00-18.30
## í öllum verslunum Bónus




**VATNSMELÓNUR 79 KR/KG.**
Ómissandi í alla megrunarkúra. Ótrúlega vatnslosandi.




**SJÓFRYST ÝSUFLÖK 808 KR/KG.**
Sjófryst ýsuflök roðlaus frá Norðanfiski.

BÓNUS BÓNUS BÝÐUR BETUR
Heimasíða Bónus: www.bonus.is




## STUÐ MILLI STRÍÐA Að vera Vembill

**FREYR GÍGJA GUNNARSSON** ÞJÁIST AF VALKVÍÐA



Það er vandlifað í stórum heimi. Nútíminn er síst einfaldari en gamli tíminn þrátt fyrir að hundruð, ef ekki þúsundir, tækja hafi verið fundin upp og sett á markað til að létta undir með okkur. Tölvur, farsímar, örbylgjuréttir, heimsendingarþjónustur og einkabankar. Allt hefur þetta gert það að verkum að lífið snýst ekki lengur um að grípa gæsina á meðan hún gefst heldur að velja á milli A og B og jafnvel skoða C svona rétt til hliðsjónar.

Hinir einföldustu hlutir sem áður kröfðust lágmarksþekkingu eru orðnir að verkefnum fyrir háskólamenntaða sérfræðinga, jafnvel þótt þeir snúist bara um morgunkornið eða súrmjólk. Jafnvel er stórmál að gera upp við sig hvort mjólkin eigi að vera eins og hálfs lítra umbúðum eða lítra, eða hvort hún skal heita ný-, létt- eða fjörmjólk.

Og það er eiginlega sama hvert maður fer, alltaf er maður krafinn um að gera upp á milli hluta. Taka eitt fram yfir annað. Þegar maður pantar sér súrsæta sósu á asískum skyndibitastað er maður spurður hvort það eigi að vera chili-, súrsæt eða bara venjuleg og jafnvel er þriðja tegundin af súrsætri sósu dreginn upp úr skúffunni og manni boðið að smakka. Subway-inn er síðan annað hvort hægt að rista eða hita og svona heldur þetta áfram. Allan daginn, allt árið, alla ævi. Þegar maður svo að endingu ætlar að framkvæma eitthvað einfalt og býðst til að kaupa jólaölið fyrir jólamatinn er maður spurður af afgreiðslustúlkunni hvort maður sé að leita að blönduðu jólaöli í áldós, malti og appelsíni í svipuðum pakkningum eða malti og appelsíni hvoru í sínu lagi.

Og það er því ekki nema von að maður sé stressaður, þjakaður af streitukvillum og valkvíða, ótta yfir því að velja eitthvað vitlaust. Lundarfarið er því farið að minna óþægilega mikið á hinn litskrúðuga búra Vembil sem hringsnerist á staðnum þegar hann reyndi að ákveða í hvaða peysu hann átti að fara.

# myndasögur

## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




## Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# Marsuppboð í Höfn

**Danska uppboðshúsið Bruun Rasmussen hefur frá því fyrir jól ítrekað minnt á stóruppboð sitt sem haldið verður í mars. Þar er megináhersla á verk CoBrA-málaranna en þá verða sextíu ár liðin frá upphafi hreyfingarinnar.**



**MYNDLIST** Óskað er sérstaklega eftir íslenskum verkum til uppboðs í Kaupmannahöfn í mars.

Hefur uppboðshúsið safnað verkum til uppboðsins um nokkurt skeið og verður þar meðal annarra verka CoBrA-málara boðið til kaups stórt verk eftir Asgert Jorn sem prýddi vegg í húsi Roberts Dahlman Olsen á Drageyri sem Jorn málaði beint á vegginn 1964 sem afmælisgjöf til félaga síns. Hefur miklu fé verið kostað til að ná málverkinu af veggnum og hafa pólskir forverðir unnið að því verki um margra mánaða tíma með ærnum tilkostnaði.

Þótt CoBrA teldist ekki starfa nema um þriggja ára skeið frá 1948 til 1951 með óformlegu samstarfi listamanna frá Danmörku, Hollandi, Belgíu, Bretlandi, Íslandi og víðar að hafði hreyfingin gríðarleg áhrif og átti sér framhaldslíf víða um álfuna: leitar uppboðshúsið eftir verkum eftir helstu forkólfa hreyfingarinnar og sækist eftir verkum eftir Pierre Alechinsky, Else Alfelt, Karel Appel, Jean-Michel Atlan, Mogens Balle, Ejler Bille, Eugène Brands, Constant, Corneille, Christian Dotremont, Jacques Doucet, Sonju Ferlov Mancoba, William Gear, Stephen Gilbert, Svavar Guðnason, Karl Otto Götz, Henry Heerup, C.O. Hultén, Egil Jacobsen, Asger Jorn, Lucebert, Tage Mellerup, Jan Nieuwenhuys, Erik Ortvad, Carl-Henning Pedersen, Reinhoud d'Haese, Anton Rooskens, Shinkichi Tajiri, Erik Thommesen, Theo Wolvecamp og Anders Österlin.

Að auki ætla þeir hjá Bruun að leggja áherslu á verk listamanna frá eyjunum í Norður-Atlantshafi eins og þeir kalla Færeyjar og Ísland, sem þeir segja að eigi æ meiri áhuga að fagna um þessar mundir og vitna þá einkum til hins háa verðs sem fengist hefur fyrir verk íslenskra málara á uppboðum í Breiðgötu: Ásgríms Jónssonar, Jóns Stefánssonar og Gunnlaugs Blöndal auk Hvítasunnumorguns Kjarvals sem nú hangir uppi í Listasafni Reykjavíkur ásamt öðrum verkum úr eigu Landsbankans. Þeir vilja fá til uppboðsins verk eftir Þórarin B. Þorláksson, Guðmund Thorsteinsson, Júlíönu Sveinsdóttur, Sigurjón Ólafsson, Þorvald Skúlason, Svavar Guðnason og fleiri auk verka eftir Færeyingana Joen Waagstein, William Heinesen, Ruth Smith, Jóannis Kristiansen, Jack Kampmann, Hans Jákup Glerfoss, Steffan Danielsen, Sven Havsten-Mikkelsen, Zacharias Heinesen, Thomas Arge, Trónd Patursson, Amariel Nordoy, Eydun av Reyni meðal annarra.

Í þriðja lagi er óskað eftir verkum danskra samtímamálara. Þeir sem vilja koma verkum sínum til uppboðs ytra í mars er hollast að hafa samband við starfsmenn Bruun Rasmussen sem fyrst.

pbb@frettabladid.is



**KRÍSUVÍK** Ljósmynd Ellerts sýnir okkur fegurð fyrirhugaðs virkjunarsvæðis.

# Landslag með augum Ellerts

Ellert Grétarsson, ljósmyndari blaðsins Víkurfréttir, opnar sölusýningu á ljósmyndum sínum í Saltfisksetrinu í Grindavík á laugardaginn næstkomandi. Á sýningunni má sjá myndir sem Ellert hefur tekið síðastliðin ár af íslenskri náttúru og landslagi og má því fara nærri um að þær séu sumar ægifagrar líkt og viðfangsefnið.

Ellert hefur gert víðreist með myndir sínar og sýnt þær víða um heim undanfarin ár. Meðal annars hafa myndir hans ratað á sýningar í New York, Barcelona, Los Angeles og Sofíu. Haustið 2006 hélt hann stóra einkasýningu í Narrows Center for The Arts í Fall River í Massachusetts. Þrátt fyrir velgengni Ellerts erlendis höfum við Íslendingar ekki farið varhluta af verkum hans þar sem hann hefur jafnframt sýnt víða hér heima. Myndir hans hafa meðal annars verið til sýnis á Eiðum, Skriðuklaustri, Café Milanó og nú síðast á Ljósanótt í Byggðasafninu á Vatnsnesi þar sem viðfangsefni hans var brúðusafn Helgu Ingólfs.

Myndir Ellerts hafa ennfremur víða birst á prenti í útbreiddum blöðum og tímaritum eins og Art Business News, Direct Art og menningarblaði Herald News. Ellert hlaut í haust þrjár svokallaðar „Honorable Mention" viðurkenningar við veitingu International Photography Awards verðlaunanna 2007. Viðurkenningarnar hlaut hann fyrir náttúruljósmyndun í flokki atvinnumanna. Verðlaunamyndirnar verða á sýningunni í Grindavík auk fjölda annarra ljósmynda sem hann hefur tekið á göngu- og fjallaferðum sínum um Ísland, meðal annars myndir af náttúruperlum á Reykjanesskaga.

- vþ






# Djarfir dansar í ársbyrjun

**Hinn árvissi gleðigjafi í upphafi árs, Vínartónleikar Sinfóníuhljómsveitar Íslands, fara fram fjórum sinnum næstu þrjá dagana; annað kvöld, á föstudagskvöld og tvívegis á laugardag. Efnisskráin er að vanda hefðbundin, enda vart hægt að bjóða aðdáendum og fastagestum þessara tónleika upp á annað. Tónleikarnir hafa fyrir margt löngu fest sig í sessi sem einn af hápunktum tónleikaársins.**



**AUÐUR GUNNARSDÓTTIR** Syngur með Sinfóníuhljómsveit Íslands á Vínartónleikum.

Áherslan verður á vínarvalsa og aðra lífsgleðitónlist af léttara taginu frá Vínarborg og nágrenni. Meðlimir hinnar afkastamiklu Strauss-fjölskyldu fá að sjálfsögðu sitt pláss á efnisskránni, ásamt óperettutónskáldunum Lehár og Kálmann og fleirum. Einsöngvari á tónleikunum er Auður Gunnarsdóttir og stjórnandi er Erns Kovacic. Þess má til gamans geta að í verkinu Zigeunerweisen eftir Pablo Sarasate, sem leikið verður á tónleikunum, mun stjórnandinn sjálfur munda fiðluna.

Á tónleikunum fá aðdáendur valsatónlistar eitthvað fyrir sinn snúð. Það kann að koma einhverjum á óvart að valsinn var á sínum tíma hneykslunarhella betri borgara í Vínarborg sakir meintrar ósiðsemi, en blessunarlega hefur hann löngu hrist af sér það orð og hefur nú frekar á sér yfirbragð saklausrar og fágaðrar skemmtunar og græskulausrar lífsgleði.

Um uppruna valsins er margt á huldu, enda er hann aðeins einn af mörgum sveitadönsum sem nutu vinsælda í Þýskalandi, Austurríki og Bæheimi á 18. öld. Þessir þýsku dansar voru í þrískiptum takti og þóttu óvenju djarfir fyrir það hversu nánar hreyfingar dansaranna gátu orðið miðað við það sem áður þekktist.

Um aldamótin 1800 var valsinn orðinn með vinsælustu dönsum og um leið hafði hraðinn aukist töluvert frá því sem áður var. Ekki voru þó allir sáttir við vinsældirnar, og valsinum var til dæmis harðlega mótmælt af heilsufarsástæðum þar sem hann þótti svo hraður að varfærnari mönnum þótti nóg um. Valsinn var þó ekki síður umdeildur vegna hinna ósiðlegu hreyfinga sem honum fylgdu. Í sveitadönsum hélt herrann þétt um dömuna, sem aðalsfólki þótti fráleitt enda tíðkaðist ekki nema lítilsháttar snerting handanna í flestum hirðdönsum.

Ekki urðu þessi mótmæli þó til að draga úr sívaxandi vinsældum valsins, sem sló rækilega í gegn í Vínarborg á fyrstu áratugum 19. aldarinnar. Í Vínarborg voru danssalir sem hvergi áttu sinn líka, til dæmis Appollósalurinn, sem gat rúmað sex þúsund dansara. Á þessum tíma var það Strauss-fjölskyldan sem óumdeilanlega bar höfuð og herðar yfir aðra þegar kom að valsagerð. Þessara yfirburða fá svo tónleikagestir Vínartónleika Sinfóníunnar að njóta.





FRÉTTABLAÐIÐ


FRÍTT
FRÉTTABLAÐIÐ
Af mörgu að taka á árinu 2007
Gleðilegt nýtt ár!
Fréttablaðið óskar
lesendum sínum
og landsmönnum öllum
heilla á nýju ári.
Það eru spennandi tímar
framundan.

> DÝRIR LEGGIR

„Þetta er fáránlegt. Erfðafræðilega séð ættu fótleggirnir á mér að vera risavaxnir. Ég get ekki hugsað um þetta, ég verð bara rugluð,“ segir söngkonan Rihanna um þá staðreynd að fyrirtækið Gillette tryggði fótleggi hennar fyrir eina milljón dollara, vegna auglýsingaherferðar fyrir rakvörur.“



# Fólk

folk@frettabladid.is

# Paris og K-Fed saman í Vegas

Vel fór á með Paris Hilton og Kevin Federline í Las Vegas um áramótahelgina, en þau sóttu sömu skemmtistaði bæði á laugardags- og sunnudagskvöldi. Bæði Paris og K-Fed voru stödd í Vegas til að vera gestgjafar hvort fyrir sitt áramótapartíið. Sjónarvottar sögðu Paris hafa hlegið og grínast með Federline á skemmtistaðnum LAX á laugardagskvöldi, en hún og Britney, fyrrverandi eiginkona hans, hafa verið ágætis vinkonur á liðnu ári.



**MEÐ K-FED Í VEGAS** Svo vel fór á með Paris Hilton og Kevin Federline um síðustu helgi að eftir því var tekið.

„Kevin og Paris skemmtu sér vel. Hann var alltaf að hrópa nafnið hennar og kyssti hana á kinnina og hvíslaði einhverju í eyrað á henni. Það leit út fyrir að þau væru mjög vinaleg hvort við annað,“ segir einn gesta á skemmtistaðnum. Annar lét þau ummæli falla að Britney myndi verða brjáluð, en hún ku ekki vera hrifin af því að vinir hennar umgangist Federline.

Hjónin fyrrverandi heyja nú hatramma baráttu um forræði yfir sonum sínum tveimur, eins og margir vita.

Synirnir vörðu jólunum í félagsskap föður síns, fyrrverandi kærustu hans og barna þeirra, Kori og Kaleb. Lögmaður Federline sagði í viðtali við People að jólin hefðu verið afar ánægjuleg fyrir alla. „Kevin var með öll börnin sín og þetta var ein, stór, hamingjusöm fjölskylda. Hann var mjög ánægður, og börnin voru ánægð,“ sagði hann.



**MEÐ BÖRNIN UM JÓLIN** K-fed var gestgjafi í áramótapartíi í Vegas, eftir að hafa varið jólunum með börnum sínum fjórum.

# Fjölskylda Hayden dáir kærastann

Tímaritið People greindi frá því á dögunum að Heroes-stjörnurnar Hayden Panettiere og Milo Ventimiglia séu par. Þrálátur orðrómur þess efnis hefur verið uppi síðustu mánuði, en frásögn People þykir vera til marks um að hann sé sannur, þó að parið hafi ekki enn staðfest sambandið.

„Mamma Haydens elskar Milo. Henni finnst hann svo sætur,“ segir fjölskylduvinur við tímaritið. Ventimiglia hefur víst hitt alla í fjölskyldu Panettiere í New York í desember. „Hann hitti meira að segja afa hennar og ömmu. Hann smellpassar í fjölskylduna,“ segir heimildarmaðurinn, sem bætir því við að parinu líði afar vel saman. „Þau eru mjög ástúðleg hvort við annað,“ segir hann. „Þau eru ekki hrædd við að sýna ást sína í kringum fjölskyldu og vini.“

Milo og Hayden hittust við tökur á þáttaröðinni Heroes. Hún er átján ára gömul, en Milo þrítugur.



**ÁSTÚÐLEG HVORT VIÐ ANNAÐ** Milo og Hayden eru óhrædd við að sýna ást sína innan um fjölskyldu og vini, en hann hitti fjölskyldu hennar í desember.

# Áfellist sjálfa sig

Britney Spears er sögð kenna sjálfri sér um að litla systir hennar, Jamie Lynn, sé orðin ólétt aðeins sextán ára að aldri. Söngkonan mun hafa sagt vinum sínum að hún hafi reynt að vara hana við. „Ég hef gert ýmislegt misgáfulegt, og hef ekki verið góð fyrirmynd. Ég varaði hana við, ég gerði það í alvöru. Hún virtist ætla að fara að ráðum mínum,“ sagði söngkonan, sem sjálf upplifði ýmislegt á síðasta ári. Botninum var náð þegar hún missti forræðið yfir sonum sínum tveimur, Sean Preston og Jayden James.

Hún kveðst hafa orðið fyrir vonbrigðum með litlu systur. „Ég sagði henni aftur og aftur að leyfa sér að vera barn og leyfa fullorðinshlutum eins og kynlífi og drykkju og öllu þessu að bíða. Ég bara trúi því ekki að hún sé ólétt. Hún er allt of ung til að verða móðir. Hún ætti að vera að skemmta sér, ekki eignast barn,“ segir söngkonan.



**BRITNEY AÐ KENNA** Britney segist kenna sjálfri sér um að sextán ára gömul systir hennar, Jamie Lynn, sé barnshafandi.

# Tommy Lee á leið til Íslands

**Viðburðafyrirtækið Jón Jónsson flytur inn hina heimsþekktu rokkstjörnu Tommy Lee nú í mánuðinum. Hann kemur fram í Burn-partíi Nasa í nýjum og dansvænni búningi, þar sem hann treður upp ásamt plötusnúðnum Dj Aero.**

Rokkstjarnan Tommy Lee er væntanlegur til landsins í lok mánaðar, þegar hann treður upp á Nasa á tónleikum á vegum viðburðafyrirtækisins Jóns Jónssonar. Þetta staðfesti Margeir Ingólfsson, einn aðstandenda Jóns Jónssonar, í viðtali við Fréttablaðið. Með Lee í för verður plötusnúðurinn Dj Aero, en saman mynda þeir plötusnúðatvíeyki. „Þetta er Tommy í svolítið nýjum búningi. Hann er að pródúsera elektróníska músík núna, og þeir Aero verða með trommur og syntha og ýmislegt. Þetta verður mjög líflegt og flott, miðað við það sem ég hef séð,“ segir Margeir. Tommy Lee er fyrsta alþjóðlega stjarnan sem kemur hingað á vegum Jóns Jónssonar, enda er fyrirtækið nýstofnað. Það stóð hins vegar fyrir lokatónleikum Gus Gus ná rétt fyrir áramót.

Margir hér á landi þekkja Tommy Lee sem einn af stofnendum rokksveitarinnar Mötley Crue, aðrir sem fyrrverandi eiginmann Pamelu Anderson, og enn aðrir úr þáttunum Rockstar: Supernova, þar sem Magni nokkur Ásgeirsson komst í návígi við rokkarann. Færri hafa séð hann í elektrónískum ham, en Margeir segist búast við því að miðar í Burn-partíið seljist hratt upp, miðað við þau viðbrögð sem hann hefur fengið. „Hann er náttúrulega alþjóðleg súperstjarna og er duglegur að koma sér á forsíðurnar,“ segir hann og hlær við.

Tónleikar Lees og Aeros, ef svo mætti kalla, fara fram 25. janúar næstkomandi, og hefst miðasala nú á föstudag. Tvíeykið mun dveljast hér á landi í nokkra daga. „Þeir hlakka mjög mikið til að koma, og verða nógu lengi til að geta farið á djammið. Þeir hafa víst heyrt sögur af þeim fögru fljóðum sem ganga hér um bæinn,“ segir Margeir og kímir.

Miða er hægt að nálgast á midi.is, frá og með föstudegi.

sunna@frettabladid.is



**Í NÝJUM BÚNINGI** Tommy Lee og DJ Aero spila á Nasa 25. janúar næstkomandi. Aðdáendur Mötley Crue geta búist við að sjá stjörnuna í nýjum búningi.



**FLYTUR TOMMY INN** Margeir Ingólfsson og aðrir aðstandendur hins nýstofnaða viðburðafyrirtækis Jóns Jónssonar flytja rokkstjörnuna hingað


Sunddeild Ármanns

Barnasund

Sundnámskeið fyrir börn 2ja-6 ára hefst laugardaginn 12. janúar nk. í Árbæjarskóla

Ungbarnasund

Námskeiðið hefst 12. janúar nk. í Árbæjarlaug.

Innritun virka daga frá kl. 17.00 og um helgar frá kl. 13.00 í síma 866 0122 Eygló. eyglo@sjukratjalfun.is Stella 557-6618. stella.gunnarsdottir@reykjavik.is


# Í rusli á meðgöngu

Jennifer Lopez, sem á von á sínu fyrsta barni ásamt eiginmanninum Marc Anthony, segist hafa verið í „tilfinningalegu rusli“ á meðgöngunni. Hormónasveiflurnar hafa ekki farið vel í söngkonuna, sem segist eiga í mestu vandræðum með að halda aftur af tárum sem vilja brjótast fram við hvert tækifæri.

„Ég fer að gráta yfir öllu sem er hjartnæmt, jafnvel kjánalegri auglýsingu. Allt um feður lætur mig fara að gráta, sem er kannski út af sambandi mínu við föður minn. Í hvert skipti sem ég sé eitthvað um pabba með litlu stelpuna sína, og ef ég er of þreytt, fer ég af stað,“ segir Lopez.

Erfingi Lopez og Anthony er væntanlegur í heiminn í vor. Eftir að hafa haldið þunguninni leyndri í lengstu lög tilkynnti söngkonan um væntanlega fjölgun í byrjun nóvember. Margir telja að Lopez beri tvíbura undir belti, en það hefur ekki verið staðfest enn.



**GRÆTUR YFIR ÖLLU** Jennifer Lopez segist hafa verið í „tilfinningalegu rusli“ á meðgöngunni, og kveðst gráta yfir öllu.

NORDICPHOTOS/GETTY

ÚTSALA



ZARA

ÚTSALAN HEFST Á MORGUN 3. JANÚAR

www.zara.com

NÝTT Í BÍÓ! GLEÐILEG JÓL NÝTT Í BÍÓ!




SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000 — AUKAKRÓNUR 5%

| | | |
|---|---|---|
| THE GOLDEN COMPASS | kl. 12.30 - 3 - 5.30 - 8 - 10.30 | 10 |
| THE GOLDEN COMPASS LÚXUS | kl. 12.30 - 3 - 5.30 - 8 - 10.30 | |
| ENCHANTED ÍSLENSKT TAL | kl. 1 - 3.20 - 5.40 | |
| ALVIN & ÍKORNARNIR | kl. 2 - 4 - 6 ÍSLENSKT TAL | |
| ALVIN & ÍKORNARNIR | kl. 8 - 10 ENSKT TAL | |
| HITMAN | kl. 8 - 10.10 | 16 |
| DUGGHOLUFÓLKIÐ | kl. 2 - 4 - 6 | 7 |
| DAN IN REAL LIFE | kl. 8 - 10.15 | |

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919 — 450 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar í Háskólabíó merktar með rauðu — AUKAKRÓNUR 5%

| | | |
|---|---|---|
| THE GOLDEN COMPASS | kl. 2.30 - 5 - 7.30 - 10 | 10 |
| I AM LEGEND | kl. 3.20 - 5.40 - 8 - 10.20 | 16 |
| WE OWN THE NIGHT | kl. 8 - 10.30 | 14 |
| ALVIN & ÍKORNARNIR | kl. 4 - 6 ÍSL. TAL | 12 |
| DUGGHOLUFÓLKIÐ | kl. 4 - 6 - 8 - 10 | 16 |
| BUTTERFLY ON A WHEEL | kl. 10.40 | 14 |
| ACROSS THE UNIVERSE | kl. 2.40 - 5.20 - 8 | |

REGNBOGINN SÍMI 551 9000 — 450 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar í Regnboganum merktar með rauðu — AUKAKRÓNUR 5%

| | | |
|---|---|---|
| THE GOLDEN COMPASS | kl. 3.30 - 6 - 8.30 - 11 | 10 |
| WE OWN THE NIGHT | kl. 3 - 5.30 - 8 - 10.30 | 16 |
| RUN FAT BOY RUN | kl. 8 - 10.10 | 14 |
| BUTTERFLY ON A WHEEL | kl. 8 - 10.10 | |
| DAN IN REAL LIFE | kl. 3 - 5.45 | 14 |
| LA VIE EN ROSE/LÍF RÓSARINNAR | kl. 5 | |

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500 — 450 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar í Borgarbíói merktar með rauðu — AUKAKRÓNUR 5%

| | | |
|---|---|---|
| THE GOLDEN COMPASS | kl. 3.40 - 5.50 - 8 - 10.10 | 10 |
| ALVIN & ÍKORNARNIR | kl. 4 - 8 ÍSL. TAL | |
| DUGGHOLUFÓLKIÐ | kl. 6 | |
| SAW 4 | kl. 10 | 16 |

AUKAKRÓNUR FÆRÐ 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIÐANN MEÐ KREDITKORTI TENGDU AUKAKRÓNUM! AUKAKRÓNUR




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| I AM LEGEND | kl. 3 - 5:30 - 8D - 10:30D | 14 |
| I AM LEGEND | kl. 12:30 - 8 - 10:30 | VIP |
| TÖFRAPRINSESSAN M/- ÍSL TAL | kl. 12:30D - 3D - 5:30D | L |
| ENCHANTED M/- ENSK TAL | kl. 6 - 8:20 - 10:40 | L |
| TÖFRAPRINSESSAN M/- ÍSL TAL | kl. 3 - 5:30 | VIP |
| FRED CLAUSE | kl. 12:30 - 3 - 5:30 - 8 - 10:30 | L |
| ALVIN OG ÍKORNARNIR ÍSL TAL | kl. 12 - 2 - 4 | L |
| BÝFLUGUMYNDIN M/- ÍSL TAL | kl. 12 - 2 - 4 | L |
| BEE MOVIE M/- Ensku TAL | kl. 6 - 8 - 10:10 | L |
| SIDNEY WHITE | kl. 8 | L |
| AMERICAN GANGSTER | kl. 10:30 | 16 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| I AM LEGEND | kl. 5:30D - 8:20D - 10:30D | 14 |
| TÖFRAPRINSESSAN M/- ÍSL TAL | kl. 1D - 3:30D | L |
| ENCHANTED M/- ENSK TAL | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | L |
| FRED CLAUSE | kl. 12:30 - 3 - 8 | L |
| BÝFLUGUMYNDIN M/- ÍSL TAL | kl. 1D - 3:30D | L |
| BEOWULF | kl. 6(3D) | 12 |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| I AM LEGEND | kl. 8 - 10:20 | 16 |
| THE GOLDEN COMPASS | kl. 2 - 5 - 8 - 10:30 | 10 |
| ENCHANTED m/ísl tali | kl. 4 - 6 | L |
| BEE MOVIE m/ísl tali | kl. 2 | L |

SAMBÍÓIN SELFOSSI

| | | |
|---|---|---|
| ENCHANTED M/- ÍSL TAL | kl. 1-3:20 - 5:40 | L |
| I AM LEGEND | kl. 8 - 10:10 | 14 |
| BÝFLUGUMYNDIN ÍSL TAL | kl. 1:30 - 3:30 | L |
| DUGGHOLUFÓLKIÐ | kl. 5:30 | 7 |
| FRED CLAUSE | kl. 8 - 10:30 | L |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| TÖFRAPRIN...M/- ÍSL TAL | kl. 2 - 4 - 6 | L |
| FRED CLAUS | kl. 8 | L |
| I AM LEGEND | kl. 4 - 6 - 8 - 10 | 14 |
| BEE MOVIE M/- ÍSL TAL | kl. 2 | L |
| SIDNEY WHITE | kl. 10 | L |

Nýtt í bíó — LAUGARÁSBÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus — GLEÐILEG JÓL




LAUGARÁSBÍÓ - SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| THE GOLDEN COMPASS | kl. 2, 5, 8 og 10.15 | 10 |
| RUN FATBOY RUN | kl. 6, 8 og 10 | L |
| ALVIN OG ÍKORNARNIR - ÍSL TAL | kl. 2, 4 og 6 | L |
| SAW IV | kl. 8 og 10 | 16 |
| BEE MOVIE - ÍSL TAL | kl. 2 og 4 | L |

450 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar merktar með rauðu!




**FÉLAGAR** Tim Robbins og Morgan Freeman léku aðalhlutverkin í hinni eftirminnilegu Shawshank Redemption. Telja má víst að Blunt og Espinosa hafi séð myndina á sínum tíma og munað vel eftir henni.

# Fangelsisflótti eins og í Shawshank

**Tveir hættulegir glæpamenn struku úr fangelsi í Bandaríkjunum með því að nota sömu aðferð og sást í kvikmyndinni Shawshank Redemption.**



**HÆTTULEGIR** Otis Blunt og José Espinosa eru taldir vopnaðir og afar hættulegir.

Fangarnir tveir, Otis Blunt og José Espinosa, voru báðir í varðhaldi í sýslufangelsi New Jersey og biðu dóms. Blunt hafði verið fundinn sekur um manndráp og átti yfir höfði sér að lágmarki 17 ára dóm. Espinosa hafði fengið fjölda kæra vegna þjófnaðar og átti yfir höfði sér margra ára dóm. Þeir dvöldu í klefa þar sem öll öryggisgæsla er í hámarki.

Flóttinn átti sér stað á jóladag, þegar fjöldi gæslumanna í fangelsinu var í lágmarki. Svo virðist sem flóttinn hafi verið þaulskipulagður og átt sér margra vikna aðdraganda. Blunt og Espinosa notuðu meðal annars hamar og stálvír til að brjóta sér leið í gegnum þykkan múrvegginn á klefa sínum. Talið er að þeir hafi barið í vegginn að nóttu til, en á daginn var gatið hulið með plakötum af fáklæddum fyrirsætum.

Félagarnir brutu sér leið að frárennsli fangelsisins og komust út í garð með því að stökkva niður af tíu metra háum vegg. Þeir klifruðu síðan yfir þriggja metra háa girðingu sem þakin var gaddavír. Þetta tókst þeim Blunt og Espinosa og er talið að þeir hafi náð að komast upp í lest sem ók eftir teinunum sem liggja upp við fangelsisins. Talið er að margar klukkustundir hafi liðið frá því að fangarnir létu til skarar skríða og þar til að fjarvera þeirra var uppgötvuð, en þeir höfðu sett púða undir sængurfötin svo að það liti út fyrir að þeir væru sofandi í rúmum sínum.

„Þetta hljómar eins og í Hollywood-kvikmynd. En þetta er blákaldur raunveruleikinn," segir saksóknarinn Theodore J. Romankow, sem fer með rannsókn málsins. Blunt og Espinosa gengu enn lausir skömmu fyrir áramót en var stíft leitað um gjörvöll Bandaríkin.

Flótti þeirra félaga er svo til nákvæmlega eins og sýndur var í kvikmyndinni Shawshank Redemption frá 1994 þar sem Tim Robbins notaði plaköt af Ritu Hayworth og Raquel Welch til að hylja gat í veggnum sem hann flúði svo út um.

# Mamman ábyrg



**LYNNE OG JAMIE LYNN SPEARS** Móðirin þykir valdur að vandræðum dætra sinna með peningagræðgi sinni.

Samkvæmt tímaritinu US Weekly ber Lynne Spears ábyrgð á vandræðum dætra sinna, Britney og Jamie Lynn Spears. Blaðið segir móðurina hafa tortímt systrunum með peningagræðgi sinni. Lynne Spears er sögð líta á dætur sínar sem sparibauka og hefur ávallt gætt þess að fá sinn skerf af öllum ágóða þeirra. „Lynne eignaðist alla sína peninga í gegnum dæturnar og varð himinlifandi þegar þeir hófu að streyma inn. Hún er sú eina í bænum sem keyrir Land Rover," segir heimildarmaður blaðsins.

Hin sextán ára gamla Jamie Lynn tilkynnti nýlega um þungun sína í viðtali við tímaritið OK!. Þvert á vilja föður stúlkunnar sannfærði Lynne hlédræga dóttur sína um að opinbera óléttuna á þennan hátt, en OK! tímaritið borgaði rúmlega 60 milljónir króna fyrir fréttina. „Þetta var ákvörðun móðurinnar, hún vissi að OK! myndi borga best," segir heimildarmaður. Vegna þessa var fréttunum haldið leyndum fyrir Britney Spears sem heyrði fyrst af þungun litlu systur sinnar í gegnum fjölmiðla. „Lynne óttaðist að Britney myndi kjafta frá og gera út um hið arðvænlega samkomulag við OK!."




# Robbie vill hefnd

Robbie Williams ku áforma að taka upp tónlistarþráðinn á komandi ári. Fjögurra ára samningur söngvarans við plötufyrirtækið EMI rann nýlega út, og samkvæmt heimildum Femalefirst.co.uk vill söngvarinn hefna sín á fyrrverandi hljómsveitarfélögum sínum í Take That með glæsibrag nú í ár. „Hlutirnir hafa ekkert gengið of vel hjá Robbie nýlega og hann hefur hvílt sig svolítið á upptökum. Síðasta platan hans, Rudebox, féll ekki í kramið hjá gagnrýnendum, og staðan varð enn verri af því að Take That gekk svo vel án hans,“ segir heimildarmaðurinn.

„Robbie hefur núna ákveðið að það sé kominn tími til að endurheimta krúnuna. Hann er að vinna að nýju efni og telur sjálfur að það sé það besta sem hann hafi nokkurn tíma samið. Það gæti meira að segja leynst þar annað vinsældalistalag á borð við Angels,“ segir heimildarmaðurinn.

Endurkoma Take That hefur gengið afar vel. Plata sveitarinnar, Beautiful World, er enn í áttunda sæti á metsölulista í Bretlandi, þótt hún sé orðin ársgömul. Þá er lagið „Rule the World“ úr kvikmyndinni Stardust, talið líklegt til að verða tilnefnt til Óskarsverðlauna sem besta kvikmyndalagið.

Gary Barlow, forsprakki sveitarinnar, kæfði nýlega orðróm þess efnis að Robbie myndi taka lagið með hljómsveitinni á ný, en hann yfirgaf sveitina árið 1995. „Það er ekki pláss fyrir Robbie í Take That lengur,“ sagði hann.



**EKKI PLÁSS FYRIR ROBBIE** Forsprakki Take That sagði á dögunum að það væri ekki pláss fyrir Robbie í sveitinni lengur.



**ÁFORMAR ENDURKOMU** Robbie Williams hyggst láta til sín taka á næsta ári og skjóta þar með Take That ref fyrir rass.






# Margfaldur persónuleiki

Kylie Minogue segist hafa margfaldan persónuleika. „Þetta snýst ekki um að hafa tvo mismunandi persónuleika – þetta er eins og að vera með heila nefnd í höfðinu á sér,“ segir söngkonan, sem segist eiga svo margar samræður við umrædda „nefnd“ að hún haldi oft að hún hafi í raun rætt við vini eða fjölskyldu um málin.

„Núna um daginn var ég að segja vini mínum, William Baker, frá næstu tónleikaferð minni og hvað við ætluðum að gera og svona, og hann horfði á mig og spurði „Hvaða ferð, hvenær?“ Og allt í einu mundi ég að ég hafði í rauninni ekki sagt neinum frá því að ég ætlaði í tónleikaferð nema sjálfri mér,“ segir söngkonan.



**MEÐ NEFND Í HÖFÐINU** Kylie Minogue segist vera margfaldur persónuleiki og á iðulega langar samræður við sjálfa sig.






# Portman hannar skó

**Natalie Portman er síðust í langri röð stjarna sem taka sér fyrir hendur að hanna tískulínur, yfirleitt í samráði við fyrirtæki eða reyndari hönnuði úr bransanum. Portman gerir þetta þó dálítið eftir eigin höfði, en í stað þess að ganga í lið með vel þekktu fyrirtæki hyggst hún hanna skó fyrir verslunina Te Casan í New York. Portman hefur lengi verið grænmetisæta, og hyggst framfylgja þeim gildum í hönnun sinni. Það má því draga þá ályktun að ekki verði mikið um leður eða rúskinn í skólínu Portman. Skórnir koma á markað ytra í febrúar, og verðið verður í kringum 12 þúsund krónur fyrir skóparið.**



**EKKERT LEÐUR** Natalie Portman er grænmetisæta og því ekki við því að búast að mikið verði um leður í skónum sem hún hannar fyrir Te Casan.

## > Snæfell og Þór mætast í dag

Leikur Snæfells og Þórs frá Akureyri í karladeild Iceland Express í körfubolta, sem fara átti fram 30. desember en var frestað vegna slæms veðurs, fer fram í dag kl. 19.15 í Stykkishólmi. Liðin eru sem stendur í sjöunda og áttunda sæti deildarinnar með átta stig hvort og því má búast við hörkuleik. Liðin unnu bæði síðustu leiki sína í deildinni en það er um mánuður síðan leikirnir fóru fram. Snæfell lagði þá Grindavík 82-95 í Grindavík og Þór sigraði Fjölni 84-88 í Grafarvogi.



**sport**
sport@frettabladid.is

LUKA KOSTIC, ÞJÁLFARI U-17 OG U-21 ÁRS LANDSLIÐA KARLA: HLAUT SÉRSTAKA VIÐURKENNINGU ALÞJÓÐAHÚSSINS

# *Leið vel á Íslandi frá fyrsta degi og líður vel enn*



Luka Kostic, þjálfari U-17 og U-21 árs landsliða karla í knattspyrnu, hlaut á dögunum viðurkenningu Alþjóðahússins fyrir lofsverða frammistöðu í málefnum innflytjenda á Íslandi og var það forsetinn, hr. Ólafur Ragnar Grímsson, sem afhenti honum verðlaunin við hátíðlega athöfn í Alþjóðahúsinu.

„Þetta var mikill heiður og ég er svakalega ánægður með þessa viðurkenningu," sagði Luka og ítrekaði ást sína á Íslandi.

„Eins og menn segja, Ísland, best í heimi. Það er dásamlegt að búa á Íslandi og mér hefur liðið vel hérna á þeim átján árum sem ég hef búið á landinu og ég var mjög heppinn að hafa komið hingað. Ég kynntist strax mikið af fólki í gegnum fótboltann og ég held að það hafi hjálpað mér mikið í byrjun að vera í íþróttum. Mér fór að líða vel strax frá fyrsta degi og líður enn vel í dag," sagði Luka og kvaðst afar ánægður og stoltur af starfi sínu með ungmennalandsliðunum.

„Það eru mikil forréttindi fyrir mig að vera að vinna með strákunum og þarna eru samankomnir efnilegustu knattspyrnumenn landsins. Þetta er mjög gefandi starf og það heldur mér líka ungum að vera að þjálfa þessa skemmtilegu stráka," sagði Luka sem bíður spenntur eftir komandi verkefnum með strákunum.

„Við erum með tvær æfingar í mánuði hjá báðum liðunum og við höfum valið 36 stráka til þess að mæta á æfingar hjá U-17 ára landsliðinu strax í byrjun janúar. Næsta stóra verkefni hjá þeim verður líklega Norðurlandamótið og svo leikir í undankeppni EM 2009 næsta haust. Hjá U-21 er það riðlakeppni fyrir EM 2009 sem fer aftur aftur af stað strax í febrúar þegar Ísland mætir liði Kýpur."

U-21 árs landslið Íslands er sem stendur í þriðja sæti riðils síns þegar þrír leikir eru eftir í riðlinum og er í harðri baráttu við Slóvakíu um annað sætið.



**ÖFLUGUR** Björgvin Sigurbergsson átti eitt af höggum ársins að mati heimasíðunnar kylfingur.is. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Kylfingur.is er með kosningu:

## Hver átti högg ársins í golfinu?

**GOLF Heimasíðan kylfingur.is stendur fyrir kosningu á höggi ársins og eru þar þrír kylfingar nefndir til sögunnar.**

**Fyrst er það Ottó Sigurðsson sem fór holu í höggi á 13. braut á Urriðavelli í úrslitaviðureigninni í Íslandsmótinu í holukeppni. Svo eru það tvö högg fyrir fugli sem annars vegar Birgir Leifur Hafþórsson og Björgvin Sigurbergsson náðu á ögurstundu.**

**Birgir Leifur náði fugli á næstsíðustu holu á lokahringnum á úrtökumótinu fyrir Evrópumótaröðina þegar hann vippaði beint í holu úr erfiðri stöðu í brekku. Björgvin náði fugli á næstsíðustu holu á lokahring á Íslandsmótinu í höggleik.** - óþ



**EGGERT** Er í tíunda sæti deildarinnar ásamt félögum sínum í Hearts.

Lið Eggerts G. Jónssonar:

## Ætlar að ráða nýjan stjóra

**FÓTBOLTI** Eftir dapurt gengi að undanförnu hefur stjórn Hearts ákveðið að ráða nýjan knattspyrnustjóra. Aðstoðarþjálfarinn Stephen Frail og Anatoly Korobochka, yfirmaður knattspyrnumála, hafa stýrt liðinu frá því Valdas Ivanauskas yfirgaf félagið í mars á síðasta ári.

Frail tekur nú einn við liðinu til bráðabirgða en Korobochka fer til fyrri starfa. Stjórarnir John Robertson, George Burley, Graham Rix og Ivanauskas hafa allir komið og farið síðan Vladimir Romanov eignaðist klúbbinn árið 2005. - hþh

# Þurfum ekki að kvíða framtíðinni

**Íslenska landsliðið í handbolta skipað leikmönnum átján ára og yngri er í blússandi sókn og náði góðum árangri á sterku móti nýverið. Það býr sig nú af kappi fyrir EM í sumar þar sem markið er sett hátt.**

**HANDBOLTI** Íslenska ungmennalandsliðið skipað leikmönnum 18 ára og yngri hreppti silfursætið á sterku móti í Þýskalandi milli jóla og nýárs. Nafnarnir Einar Andri Guðmundsson, yfirþjálfari yngri flokka hjá FH, og Einar Guðmundsson, yfirþjálfari yngri flokka hjá Selfossi, stýra liðinu sem undirbýr sig nú fyrir Evrópumótið í Tékklandi næsta sumar.

**Spila stóra rullu í 1. deildinni**

Strákarnir eru fæddir á árunum 1990 og 1991 og spila flestir þeirra með meistaraflokki. „Það eru nokkrir sem spila stórt hlutverk hjá liðum sínum í 1. deildinni," segir Einar Andri um hópinn.

Erfitt er að meta styrkleika landsliðsins þar sem þessi aldursflokkur er tiltölulega nýr af nálinni. Liðið hefur aðeins spilað ellefu leiki en íslensk lið hafa náð góðum árangri á Partille Cup sem haldið er árlega í Svíþjóð. „FH vann það mót til að mynda fyrir tveimur árum og fleiri lið hafa náð góðum árangri þar," segir Einar Andri.

Undirbúningurinn er í fullum gangi og góður árangur á Hela Cup var kærkominn árangur fyrir spennandi ár sem framundan er hjá liðinu. „Við unnum Pólverja fyrst þar sem við höfðum leikinn í höndum okkar nánast allan tímann. Svo töpum við illa fyrir Frökkum þar sem þeir keyrðu yfir okkur og unnu með fimmtán marka mun. Síðan unnum við sterkt úrvalslið Saar-héraðs sem meðal annars vann Pólverja," segir Einar Andri um riðlakeppnina sem spiluð var á einum degi.

„Við unnum síðan Þjóðverja í undanúrslitunum sem er frábær árangur. Við komumst einu sinni yfir í leiknum, þegar tuttugu sekúndur voru eftir og sýndum mikinn karakter með því að vinna eftir að hafa verið sjö mörkum undir í síðari hálfleik. Við bættum leik okkar svo mikið í úrslitaleiknum gegn Frökkum þar sem við lékum af eðlilegri getu en töpuðum með fjórum mörkum. Við minnkuðum muninn í eitt mark þegar sjö mínútur voru eftir og þá var blaðran sprungin," sagði Einar.



**TRYLLTUR DANS** Íslenska liðið dansaði til sigurs á Þjóðverjum á Hela Cup í lok desember. MYND/SVERRIR REYNISSSON



**ANNAR ÞJÁLFARANNA** Einar Andri Einarsson er annar þjálfara liðsins.

**Undankeppni EM á Íslandi**

Ísland spilar við Tyrki, Letta og Finna í riðli sínum fyrir undankeppni EM. Riðillinn verður leikinn hér á landi í maí. „Það er ekki spurning að við eigum að vinna þessi lið, þrátt fyrir að við vitum lítið um þau," segir Einar Andri en markið er sett hátt á Evrópumótinu, þangað sem liðið ætlar sér.

„Við eigum að komast þangað og góður árangur þar er vel mögulegur. Við erum nógu vitlausir til að hugsa um að við eigum að geta orðið Evrópumeistarar," segir Einar kíminn. „Við gerum okkur miklar vonir með þetta lið og við stefnum hátt. Árangurinn á Hela Cup kom okkur ekki mikið á óvart," segir þjálfarinn.

Hann segir að Ísland sé líklega meðal sterkustu liða Evrópu og eigi að geta komist í undanúrslit á EM. „Ég ímynda mér að Frakkar, Þjóðverjar, Norðmenn, Svíar, Danir og við séum meðal sterkustu liða Evrópu ásamt austantjaldslöndum á borð við Serba og Króata. Það er erfitt að meta þennan aldursflokk núna en við erum að reyna að átta okkur á þessu."

**Engu að kvíða í framtíðinni**

Einar segir að þessir framtíðarlandsliðsmenn Íslands hafi alla burði til að halda áfram merkjum Íslands á alþjóðavísu á lofti. „Ég held að það sé óhætt að segja að við gerum miklar væntingar til þessa hóps. Strákarnir gera líka miklar væntingar til sín sjálfir. Þeir eru vanir toppbaráttu og ætla sér mikið," segir Einar Andri.

„Þetta er næsta kynslóð í landsliðinu okkar. Einstaklingar bæði í undir 20 ára liðinu og 18 ára liðinu eiga eftir að spila fyrir landsliðið, það er ekki spurning. Við erum ekki með mikla breidd en við fáum alltaf upp einstaklinga sem enda í atvinnumennskunni. Ég held að það sé engu að kvíða í íslenskum handbolta," sagði Einar sem er ánægður með stuðninginn sem býr að baki liðinu.

„Við fáum mjög góðan stuðning frá HSÍ og umgjörðin í kringum liðið er mjög góð. Við fáum allt sem við biðjum um og það er virkilega vel að þessu staðið hjá sambandinu enda mikilvægt að hlúa að þessu drengjum," sagði Einar Andri að lokum. - hþh

**LEIKMANNAHÓPURINN**

Sigurður Arnarson (FH)
Svavar Ólafsson (Stjarnan)
Arnór Stefánsson (ÍR)
Sigurður Ágústsson (FH)
Ólafur Guðmundsson (FH)
Aron Pálmarsson (FH)
Heimir Óli Heimisson (Haukar)
Tjörvi Þorgeirsson (Haukar)
Róbert Aron Holstert (Fram)
Kristján Örn Arnarsson (Haukar)
Guðmundur Árni Ólafsson (Selfoss)
Jónatan Vignisson (ÍR)
Einar Héðinsson (Selfoss)
Oddur Grétarsson (Þór)
Bjarki Már Elísson (Selfoss)
Ragnar Jóhannsson (Selfoss)

Logi Geirsson hefur ekki spilað þrjá síðustu leiki með Lemgo:

# Partur af atvinnumennskunni

**HANDBOLTI** Handknattleikskappinn Logi Geirsson hefur ekki verið í leikmannahópi Lemgo síðustu þrjá leiki. Er það óvanalegt fyrir Loga sem jafnan er á meðal lykilmanna liðsins. Ástæðan er sú að Logi veiktist og var frá í heila viku í undirbúningnum fyrir leikina og var því ekki heill heilsu.

Logi sagði við Fréttablaðið í gær að hann væri hægt og rólega að koma sér inn í leikmannahópinn á ný eftir veikindin en þjálfarinn vildi eðlilega ekki hafa leikmenn í hópnum nema þeir væru tilbúnir í slaginn og heilir heilsu.

„Þetta er bara harður heimur atvinnumennskunnar og partur af þessu. Ég gat ekkert undirbúið mig fyrir leikina sökum veikinda og var ekki í hópnum fyrir fyrsta leikinn. Þeir sem komu inn í staðinn stóðu sig mjög vel," sagði Logi.



**LOGI** Er tilbúinn í slaginn á EM í feiknaformi. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Samkeppnin í liði Lemgo er hörð en leikmannahópur félagsins er eitt stærstu liðanna í þýsku úrvalsdeildinni. Logi lætur deigan þó ekki síga frekar en fyrri daginn. „Þetta er ekkert til að væla yfir," sagði kappinn sem er nú farinn að einbeita sér að næsta verkefni, Evrópumótinu í Noregi með íslenska landsliðinu.

„Það er gott að vera kominn heim og kúpla sig aðeins út úr þessu. Nú koma bara ný markmið og ný samkeppni," sagði Logi sem segist vera í formi lífs síns um þessar mundir. - hþh

Grétar Rafn Steinsson:

## Ánægður með sigurmarkið

**FÓTBOLTI** Grétar Rafn Steinsson tryggði liði sínu AZ Alkmaar sigur gegn Heracles í hollensku úrvalsdeildinni um helgina. Markið skoraði Grétar með þrumuskoti fyrir utan vítateig en í viðtali við opinbera heimasíðu AZ Alkmaar tók hann sérstaklega fram ánægju sína með að skora sigurmark í fyrsta skipti á ferlinum.

„Við sköpuðum okkur mörg færi í fyrri hálfleik og á venjulegum degi hefðum við nýtt þau og unnið leikinn örugglega. Eftir að Julian Jenner fékk rauða spjaldið á 64. mínútu varð þetta eðlilega mjög erfitt fyrir okkur. Við sýndum aftur á móti mikinn karakter í því að vinna leikinn," sagði Grétar einnig í viðtalinu. - hþh

**Tölvunám í viðurkenndum skóla - skráðu þig núna í nám:**

# Tölvunám vorið 2008 Menntun sem gefur þér forskot



1986 - 2008 • 22 ár í fremstu röð

Nýttu þér tölvunám TV til aukinnar þekkingar. Núna! Eyddu ekki tíma og peningum. Menntaðu þig hjá viðurkenndum skóla sem veitir þér öruggari aðgang að betra starfi til framtíðar. Tölvuskóli Tölvu- og verkfræðiþjónustunnar við Grensásveg er viðurkenndur af menntamálaráðuneytinu sem einkaskóli á framhaldsskólastigi. Skólinn er elsti tölvuskólinn á Íslandi og hafa um 36.000 nemendur sótt tölvumenntun sína til skólans á rúmu 21 ári. Nýttu þér tækifærin og skráðu þig strax. Hringdu núna í síma 520 9000 og talaðu við okkur um greiðslukjör.

**Tölvuskóli TV er vottaður af innlendum og erlendum aðilum til að tryggja hagsmuni nemenda.**

PEARSON VUE Authorized Centre Select

Microsoft CERTIFIED Partner

## Veldu nám sem hentar þér og skráðu þig strax hjá Tölvuskóla TV:

## MCSA og MCP nám

### MCSA netstjórnun 2. hluti

Frábært nám sérstaklega sniðið fyrir þá sem lokið hafa fyrri áfanga MCSA náms og vilja læra það sem til þarf til að taka gráðuna. Kenndar eru námsgreinarnar Windows Vista Client (70-620 og Windows 2003 Network Infrastructure (70-291). Forkröfur eru Windows XP (70-270) og Windows Server 2003 (70-290).

Tvö MCP próf innifalin.

**Lengd**: 121 stund/81 klst. **Verð**: 169.900

### MCSA netstjórnun

Taktu MCSA (Microsoft Certified Systems Administrator) gráðu og vertu í hópi þeirra eftirsóttustu. Fáðu yfirburða þekkingu á netstjórnun, Windows XP og Windows Vista.

Þú lærir netfræði, TCP/IP, Windows XP Professional (70-270), Windows 2003 Server MCP (70-290), stjórnun Windows neta og netumhverfi Windows 2003 (70-291) og Windows Vista (70-620).

Öll (4) nauðsynleg próf innifalin.

**Lengd**: 243 stundir/162 klst. **Verð**: 319.900

### Einstakar MCP greinar

- Windows Vista Client (70-620)
  **Lengd**: 58 st./39 klst. **Verð**: 92.900
- Netw. Infrastr. Win 2003 (70-291)
  **Lengd**: 63 st./42 klst. **Verð**: 99.900

## C# .NET forritun

### Visual C# .NET forritun

Frábært námskeið til að læra á það forritunarmál sem flestir nota. Hnitmiðað og yfirgripsmikið mál sem undirbýr þig fyrir krefjandi forritunarverkefni.

Krafist er góðrar tölvuþekkingar.

**Lengd**: 94 stundir/63 klst. kvöldnám
**Verð**: 139.900

## Notendaþjónusta

### Hagnýt notendaþjónusta

Einstakt nýtt nám fyrir þá sem vinna við notendaþjónustu eða vilja hasla sér völl á því sviði:

- Microsoft Office 2007(expert)
- Windows Vista og Server (intermediate)
- DreamWeaver, Photoshop og Flash

**Ath**: Aðeins fyrir fólk með mikla tölvuþekkingu

**Lengd**: 190 stundir/126 klst, **Verð**: 320.000

## Skrifstofunám

### Hagnýtt bókhaldsnám

Bókhaldsnám sem borgar sig strax. Námið er fyrir þá sem vilja ná góðum tökum á bókhaldi, t.d. sjálfstæða atvinnurekendur og þá sem vinna við bókhald.

Kennt er meðal annars fjárhagsbókhald, töluvbókhald, uppgjör og skil á virðisauka-skatti, grunnur launaútreikninga, afstemm-ingar, undirbúningur uppgjörs og fleira

**Lengd**: 94 stundir/63 klukkust. **Verð**: 99.900

### Skrifstofu- og tölvunám

Ef þú vilt verða liðtæk(ur) við margskonar skrifstofustörf og vinnu við tölvu þá er þetta hnitmiðaða skrifstofunám það rétta.

*Helstu kennslugreinar:*

- Tölvugrunnur, Windows, fingrasetning, Internetið, Word, PowerPoint, Outlook, Access og Excel.
- Almennar viðskiptagreinar og verslunarreikningur

**Lengd**: 200 stundir/133 klst. **Verð**: 159.900

### Skrifstofu- og bókhaldsnám

Þú verður í hópi eftirsóttustu starfskrafta ef þú menntar þig í bókhaldi, rekstri og skrifstofustörfum.

*Helstu kennslugreinar:*

- Tölvugrunnur, Windows, fingrasetning, Internetið, Word, PowerPoint, Outlook, Excel og Access.
- Almennar viðskiptagreinar og verslunarreikningur.
- Hagnýtt bókhald

**Lengd**: 300 stundir/200 klst. **Verð**: 229.900

*Allt skrifstofunám er í boði á morgnana (9:00-12:00) eða á kvöldin (19:30-22:30)*

## Vefsíðugerð

### Vefhönnun og myndvinnsla

Þetta nám er ætlað þeim sem vilja ná þeirri færni sem þarf til þess að starfa við vefhönnun, vefstjórnun og grafík.

Kennd er HTML forritun og notkun Flash, DreamWeaver og Photoshop forritanna.

**Lengd**: 90 stundir/60 klst. 16:15-19:15
**Verð**: 99.900

### DreamWeaver og Photoshop

Frábær samsetning af öflugum forritum og skemmtilegri kennslu gera það að verkum að vefsíðugerð verður leikur einn.

**Lengd**: 49 stundir/33 klst, **Verð**: 49.900

## Góð byrjun

### Almennt tölvunám

Ef þú hefur litla reynslu af tölvunotkun eða vilt fá gott og ítarlegt námskeið um allt það helsta sem gert er með tölvum þá er þetta frábæra námskeið fyrir þig.

*Helstu kennslugreinar*

- Windows, Word og Excel
- PowerPoint, Outlook og Internetið

**Lengd**: 90 stundir/60 klst. dag eða kvöld
**Verð**: 79.900 • Allt að 3 ára lán

### Tölvuþekking fyrir konur

Námskeið sem hefur slegið í gegn, ætlað þeim konum sem vilja ná færni í notkun tölva við margvísleg verkefni hvort sem er í vinnu eða heima.

*Helstu kennslugreinar:*

- Tölvugrunnur, Windows og Word
- Excel, Internetið og tölvupóstur

**Lengd**: 60 stnd./40 klst. morgun eða kvöld
**Verð**: 47.900 • Allt að 3 ára lán

### Tölvunám fyrir 50+

Ef þú hefur ekki ennþá lært á tölvu og ert komin(n) yfir fimmtugt er þetta rétta námskeiðið fyrir þig.

Þægilegur hraði, spennandi efni og frábær kennsla gerir þig að öflugum tölvunotanda.

*Helstu kennslugreinar:*

- Tölvugrunnur, Windows og Word
- Excel, Internetið og tölvupóstur
- Stafræn ljósmyndun og vinnsla

**Lengd**: 72 stnd./48 klst. dag eða síðdegi
**Verð**: 59.900 • Allt að 3 ára lán

## Verkefnastjórnun

### Hagnýt verkefnastjórnun

Vertu betri verkefnisstjóri. Lærðu grund-vallaratriði góðrar verkefnastjórnunar, PRINCE2 aðferðafræðina og Microsoft Project við gerð áætlana og stjórnun verka.

**Lengd**: 50 stundir/33 klst. **Verð**: 89.900

### PRINCE2 verkefnastjórnun

Lærðu PRINCE2 aðferðafræðina við verkefnastjórnun, fáðu betri yfirsýn og stjórnaðu verkefnunum óaðfinnanlega.

**Lengd**: 18 stundir/12 klst. **Verð**: 49.900

### Project verkefnastjórnun

Náðu betri tökum á áætlanagerð og utanumhaldi um verkefni með þessu frábæra forriti frá Microsoft.

**Lengd**: 22 stundir/15 klst. **Verð**: 39.900

## Veldu stutt og hnitmiðuð námskeið:

**Byrjendanámskeið**

Windows, Word og Internetið • *22 stundir/verð 24.500*
Internetið og tölvupóstur • *9 stundir/verð 10.900*
Windows fyrir byrjendur • *9 stundir/verð 10.900*
Fingrasetning - tölvuvélritun • *6 stundir/verð: 6.900*

**Stafræn ljósmyndun**

Ljósmyndavinnsla með Picasa • *9 stundir/verð 12.900*
Stafræn ljósmyndun • *13 stundir/verð 16.900*
Photoshop Elements • *13 stundir/verð 16.900*

**Access**

Access I: Almenn gagnagrunnsgerð • *22 stundir/25.900*
Access II: Sérhæfð gagnagrunnsgerð • *18 stundir/34.900*
Access 2007 - uppfærsla og nýjungar • 4 stundir/8.900

**Word**

Word I: Grunnur og betri ritvinnsla • *22 stundir/verð 24.500*
Word 2007 - uppfærsla og nýjungar • 4 stundir/8.900
Word II: Framhald • *22 stundir/verð 26.900*
Töflur og eyðublöð í Word • *4 stundir/verð 6.900*
Vinnsla langra skjala í Word • *13 stundir/verð 18.900*
Dreifibréf og markpóstur í Word • *4 stundir/verð 8.900*

**Excel**

Excel I: Almenn töflureiknisnotkun • *22 stundir/verð 24.500*
Excel 2007 - uppfærsla og nýjungar • 4 stundir/8.900
Excel IIa: Sérhæfð notkun • *18 stundir/verð 29.900*
Excel IIb: Fjármál,bókhald og endursk. • *18 st./verð 36.500*
Excel III: Fjölvar og forritun með VBA • *32 st./verð 45.900*

**FileMaker**

FileMaker I: Byrjendanám • *9 stundir/verð 16.900*
FileMaker II: Gagnagrunnsgerð • *13 stundir/verð 24.900*
FileMaker III: Forritun gagnagrunna • *27 stund/69.900*

**PowerPoint**

PowerPoint I: Glærur og kynningar • *13 stundir/verð 16.900*
PowerPoint 2007 - uppfærsla og nýjungar • 4 stund/8.900
PowerPoint II: Hreyfimyndir og hljóð • *9 stundir/verð 13.900*
PowerPoint I + II • *22 stundir/verð 24.500*

**Outlook**

Outlook: póstur, tímareiða og verkefni • *13 st./verð 16.900*
Outlook 2007 - uppfærsla og nýjungar • *4 stundir/8.900*
Tímastjórnun með Outlook • *6 stundir/verð 12.900*

**Publisher**

Publisher: Bæklingar og kynningar • *13 st./verð 16.900*

**Vefsíðugerð og Flash**

DreamWeaver vefsíðugerð • *27 stundir/verð 29.900*
DreamWeaver og Photoshop • *49 stundir/verð 49.900*
DreamWeaver, Photoshop og Flash • *72 st./verð 69.900*
Flash: Gerð hreyfimynda og mynda • *18 st/verð 24.900*

**Photoshop og Visio**

Photoshop: Ljósmyndir og grafík • *22 stundir/verð 29.900*
Visio: Viðskiptagrafík og teikning • *18 stundir/verð 24.900*

www.tv.is

VR, Efling og flest önnur stéttarfélög **styðja** félagsmenn sína til náms hjá okkur

**Afsláttur** er veittur til félaga í VR, Eflingu og mörgum öðrum félögum, allt að 15%

- 30 daga ókeypis **símaþjónusta** að loknu námi
- Ókeypis **forfallatrygging** felur í sér að þú getur bætt þér upp veikindi og forföll, innan árs
- Mjög hagstæðir **greiðsluskilmálar** og **lán til allt að 5 ára** (leitið nánari upplýsinga um kjör).

**Tölvunám TV til betri verka**
**– hringdu núna í síma 520 9000**
**– og skoðaðu www.tv.is til að fá meiri upplýsingar**
**– eða komdu í heimsókn, þú ert alltaf velkomin(n)!**

TÖLVU- OG VERKFRÆÐIÞJÓNUSTAN
Tölvu- og viðskiptaskóli • Ráðgjafarstofa

**Viðurkenndur einkaskóli á framhaldsskólastigi**

Grensásvegi 16 · 108 Reykjavík · Sími 520 9000 · tv@tv.is · www.tv.is

## ÚRSLITIN Í GÆR

### *Enska úrvalsdeildin:*

| | |
|---|---|
| Fulham-Chelsea | 1-2 |
| 1-0 Danny Murphy (10.), 1-1 Salomon Kalou (54.), 1-2 Michael Ballack (62.). | |
| Middlesbrough-Everton | 0-2 |
| 0-1 Andy Johnson (67.), 0-2 James McFadden (72.). | |
| Arsenal-West Ham | 2-0 |
| 1-0 Eduardo Da Silva (2.), 2-0 Emmanuel Adebayor (18.). | |
| Man. Utd.-Birmingham | 1-0 |
| 1-0 Carlos Tevez (25.). | |
| Reading-Portsmouth | 0-2 |
| 0-1 Sol Campell (9.), 0-2 John Utaka (66.). | |
| Aston Villa-Tottenham | 2-1 |
| 1-0 Olof Mellberg (41.), 1-1 Jermain Defoe (79.), 2-1 Marin Laursen (85.). | |

### STAÐAN Í DEILDINNI:

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Arsenal** | **21** | **15** | **5** | **1** | **42-16** | **50** |
| **Man. Utd.** | **21** | **15** | **3** | **3** | **38-11** | **48** |
| Chelsea | 21 | 13 | 5 | 3 | 33-16 | 44 |
| **Liverpool** | **19** | **10** | **7** | **2** | **33-12** | **37** |
| Everton | 21 | 11 | 3 | 7 | 37-22 | 36 |
| **Aston Villa** | **21** | **10** | **6** | **5** | **37-27** | **36** |
| Man. City | 20 | 10 | 6 | 4 | 27-22 | 36 |
| **Portsmouth** | **21** | **9** | **7** | **5** | **31-20** | **34** |
| Blackburn | 20 | 8 | 6 | 6 | 27-28 | 30 |
| **West Ham** | **20** | **8** | **5** | **7** | **25-19** | **29** |
| Newcastle | 20 | 7 | 5 | 8 | 27-31 | 26 |
| **Tottenham** | **20** | **6** | **6** | **8** | **41-36** | **24** |
| Reading | 21 | 6 | 4 | 11 | 29-44 | 22 |
| **M'brough** | **21** | **5** | **5** | **11** | **18-35** | **20** |
| Birmingham | 21 | 5 | 4 | 12 | 22-32 | 19 |
| **Bolton** | **20** | **4** | **5** | **11** | **22-32** | **17** |
| Sunderland | 20 | 4 | 5 | 11 | 20-39 | 17 |
| **Wigan** | **20** | **4** | **4** | **12** | **20-36** | **16** |
| Fulham | 21 | 2 | 9 | 10 | 22-37 | 15 |
| **Derby** | **20** | **1** | **4** | **15** | **10-45** | **7** |

### MARKAHÆSTU LEIKMENNIRNIR:

| | |
|---|---|
| **Cristiano Ronaldo, Man. Utd.** | **13** |
| Emmanuel Adebayor, Arsenal | 12 |
| **Nicolas Anelka, Bolton** | **10** |
| Robbie Keane, Tottenham | 10 |
| **Roque Santa Cruz, Blackburn** | **10** |
| Benjani, Portsmouth | 9 |
| **Fernando Torres, Liverpool** | **9** |
| Yakubu, Everton | 9 |
| **Dimitar Berbatov, Tottenham** | **8** |
| Dave Kitson, Reading | 8 |
| **Carlos Tevez, Man. Utd.** | **8** |

### FLESTAR STOÐSENDINGAR:

| | |
|---|---|
| **Cesc Fabregas, Arsenal** | **11** |
| Dimitar Berbatov, Tottenham | 8 |
| **Salomon Kalou, Chelsea** | **8** |
| Nicky Shorey, Reading | 8 |
| **Ashley Young, Aston Villa** | **8** |



**KEIKUR** Stóri Sam lætur sögusagnir um framtíð sína hjá Newcastle ekki á sig fá.
NORDIC PHOTOS/GETTY

Chris Mort, Newcastle:

## Erum ekki að leita að stjóra

**FÓTBOLTI** Chris Mort, stjórnarformaður Newcastle, hefur ítrekað í fjölmiðlum að starf Sam Allardyce, knattspyrnustjóra liðsins, sé ekki í hættu þrátt fyrir miklar vangaveltur þess efnis að Mike Ashley, eigandi liðsins, vilji losa sig við Stóra Sam.

„Það er verið að orða nýja og nýja menn við stjórastöðuna hjá Newcastle og við erum ekki einu sinni að leita að nýjum stjóra. Mér finnast þessar vangaveltur vera orðnar dálítið þreytandi,“ sagði Mort en Newcastle-hetjan Alan Shearer og Martin Jol hafa meðal annarra verið orðaðir við starfið á undanförnum dögum og vikum.

Allardyce virðist sjálfur pollrólegur yfir þessu öllu saman.

„Ég hef engar áhyggjur hvað varðar Ashley og Mort. Þeir finna alveg fyrir pressunni eins og ég og við látum ekki utanaðkomandi áhrif stjórna okkur. Hvað varðar Alan Shearer, þá er hann mikils metinn hér í Newcastle og verður það áfram og það breytir stöðu minni ekkert,“ sagði Stóri Sam keikur. - óþ

Reading og Portsmouth áttust við í „Íslendingaslag“ Ívars Ingimarssonar og Hermanns Hreiðarssonar:

# Hermann hafði betur gegn Ívari

**FÓTBOLTI** Reading og Portsmouth mættust í sannkölluðum Íslendingaslag á Madejski-leikvanginum í gær þar sem Ívar Ingimarsson var í byrjunarliði heimamanna en Hermann Hreiðarsson var í byrjunarliði gestanna sem höfðu betur í leiknum. Brynjar Björn Gunnarsson tók út leikbann hjá Reading og var því ekki með.

Leikur Reading og Portsmouth byrjaði fjörlega og lykilatriði átti sér stað strax á 3. mínútu leiksins þegar Ibrahim Sonko, varnarmanni Reading, var réttilega vikið af leikvelli fyrir að brjóta á Benjani. Portsmouth fékk í þokkabót víti en Niko Kranjcar, hinn króatíski framherji Portsmouth, fór illa af ráði sínu og misnotaði vítaspyrnuna með því að skjóta í stöng. Portsmouth var þó ekki lengi að nýta sér liðsmuninn og á níundu mínútu skoraði varnartröllið Sol Campbell fyrsta mark leiksins eftir mistök Marcusar Hahnemann í marki Reading. Portsmouth hélt áfram að sækja í fyrri hálfleik án þess þó að ná að bæta við marki en Kevin Doyle átti besta færi Reading þegar skot hans fór af David James, markverði Portsmouth, og rúllaði rétt framhjá markinu.

Í seinni hálfleik komu yfirburðir Portsmouth vel í ljós og Reading átti greinilega erfitt uppdráttar með að ráða við spilamennsku Portsmouth einum færri. John Utaka innsiglaði svo sigur Portsmouth á 66. mínútu þegar hann fékk sendingu upp hægri kantinn og stakk Nicky Shorey, varnarmann Reading, hreinlega af á sprettinum og afgreiddi boltann snyrtilega framhjá Hahnemann í markinu og þar við sat. - óþ



**BARÁTTA** Hermann stekkur hér upp í skallaeinvígi við Dave Kitson.
NORDIC PHOTOS/GETTY

# Arsenal og Man. Utd. tóku þrjú stig

**Toppliðin Arsenal og Manchester United unnu bæði leiki sína í ensku úrvalsdeildinni í gærdag. Arsenal lenti aldrei í erfiðleikum gegn West Ham á Emirates-leikvanginum og United gekk erfiðlega að skora en sigur liðsins var þannig séð tæplega í hættu. Everton og Aston Villa héldu einnig góðu gengi sínu áfram.**

**FÓTBOLTI** Englandsmeistarar Manchester United og topplið Arsenal voru í eldlínunni í ensku úrvalsdeildinni í gær og nældu sér bæði í þrjú stig.

Arsenal tók forystu þegar rétt rúm mínúta var liðin af leiknum gegn West Ham með stórglæsilegu marki Eduardo Da Silva. Cesc Fabregas átti þá hnitmiðaða sendingu á Da Silva sem tók boltann á kassann og afgreiddi hann svo glæsilega í fjærhornið og Robert Green, markvörður West Ham, átti aldrei möguleika. West Ham reyndi að svara og komst nálægt því þegar Anton Ferdinand átti skot eftir hornspyrnu sem Gael Clichy bjargaði á línu. Arsenal var hins vegar ekki hætt og á 18. mínútu átti umræddur Clichy sendingu inn fyrir vörn West Ham á Emmanuel Adebayor sem lék á Green og var þá nálægt því að missa boltann aftur fyrir endalínuna en náði með einhverjum ótrúlegum hætti að snúa boltanum í átt að markinu. Boltinn rúllaði aftur fyrir Matthew Upson, varnarmann West Ham sem kom á fleygiferð í skotlínuna, í stöngina og inn. Frábært mark hjá Adebayor úr vægast sagt þröngu færi. Markið var mikið áfall fyrir West Ham sem var búið að reyna allt sitt til að jafna leikinn. West Ham varð svo fyrir öðru áfalli á 37. mínútu þegar Freddie Ljungberg, fyrrverandi leikmaður Arsenal, fór meiddur af leikvelli.

Leikurinn var ekki jafn fjörugur í seinni hálfleik og mótspyrna West Ham minnkaði eftir því sem leið á leikinn. Sigur Arsenal var aldrei í hættu og aðeins spurning með mörgum mörkum Arsenal myndi vinna leikinn. Að endingu urðu mörkin hins vegar bara tvö en góð þrjú stig í hús og Arsene Wenger, stjóri Arsenal, var ánægður með lið sitt í leikslok.

„Við unnum vinnu okkar vel í byrjun leiksins og eftir það stjórnuðum við honum algjörlega,“ sagði Wenger sáttur.



**BRÖGÐÓTTUR** Emmanuel Adebayor leikur boltanum hér framhjá Robert Green, markverði West Ham, í leiknum í gær. Í framhaldinu skoraði hann svo seinna mark Arsenal í leiknum með hnitmiðuðu skoti úr mjög svo þröngu færi við endalínu vallarins.
NORDIC PHOTOS/AFP

### Töfrar Tevez

Flestir bjuggust við auðveldum sigri Manchester United þegar liðið tók á móti Birmingham á heimavelli sínum Old Trafford í gær. Sir Alex Ferguson, stjóri United, gerði fimm breytingar á liði sínu frá því í síðasta leik gegn West Ham en Wayne Rooney var enn frá vegna veikinda og Ryan Giggs var hvíldur. Carlos Tevez og Cristiano Ronaldo voru saman í sóknarlínu United og það voru einmitt þeir tveir sem skópu eina mark leiksins á 25. mínútu með glæsilegu samspili. Tevez var þá staddur á miðju vallarins og lyfti boltanum yfir sig, beint á Ronaldo sem gaf skemmtilega hælspyrnu inn í hlaupalínu Tevezar sem komst einn inn fyrir vörn Birmingham og átti ekki í erfiðleikum með að afgreiða boltann í netið framhjá Maik Taylor í marki Birmingham. Tevez fór svo meiddur af leikvelli eftir að hafa verið tæklaður fyrr í leiknum og þó svo að United hafi ekki náð að bæta við marki, þá gátu þeir verið ánægðir með að halda hreinu.

„Það var mikilvægt fyrir okkur að koma til baka eftir að hafa fengið á okkur tvö slæm mörk gegn West Ham og mikilvægt að halda markinu hreinu. Við getum ekkert verið að horfa á hvað Arsenal er að gera heldur verðum við bara að halda okkar striki og sjá til þess að við stöndum okkur,“ sagði Rio Ferdinand, varnarmaður United, í leikslok.



**MEÐ SNUÐ** Carlos Tevez fagnaði marki sínu með fremur sérstökum hætti.
NORDIC PHOTOS/GETTY

### Everton og Aston Villa á flugi

Everton tryggði stöðu sína í efri hluta deildarinnar með tveimur mörkum í seinni hálfleik gegn Middlesbrough sem gengur ekkert á heimavelli í deildinni.

Aston Villa sigraði Tottenham í kaflaskiptum leik, en Martin Laursen tryggði Villa þrjú stig með skallamarki á 85. mínútu.

omar@frettabladid.is

Chelsea hafði betur gegn Fulham í fyrsta leik liðsins undir stjórn Roy Hodgson í ensku úrvalsdeildinni í gær:

# Ballack bjargaði Chelsea í Lundúnaslag

**FÓTBOLTI** Fulham og Chelsea mættust í Lundúnaslag í ensku úrvalsdeildinni í hádeginu í gær og Roy Hodgson, nýráðinn stjóri Fulham, varð að sætta sig við tap í sínum fyrsta leik með liðið.

Hodgson fékk óskabyrjun á þjálfaraferli sínum hjá Fulham þegar liðið fékk dæmda vítaspyrnu strax á 10. mínútu gegn Chelsea eftir að Joe Cole brá Moritz Volz í teignum en snertingin virtist þó ekki vera mikil. Danny Murphy skoraði af öryggi úr spyrnunni og Fulham því óvænt komið með forystu í leiknum. Chelsea virkaði kraftlítið í fyrri hálfleik og staðan var enn 1-0 þegar fyrri hálfleikur var flautaður af. Í seinni hálfleik mætti allt annað Chelsea-lið til leiks og Fulham átti í erfiðleikum með hratt spil liðsins. Salomon Kalou jafnaði leikinn með skalla eftir að hornspyrna Julianos Belletti hafði ratað á kollinn á Alex og þaðan til Kalou sem stangaði boltann af miklu harðfylgi. Þjóðverjinn Michael Ballack sá svo um að innbyrða sigur Chelsea með því í fyrsta lagi að fiska vítaspyrnu eftir baráttu við Clint Dempsey í vítateig Fulham og svo í öðru lagi að skora úr spyrnunni. Markið reyndist sigurmark leiksins og Chelsea náði að styrkja stöðu sína í þriðja sæti deildarinnar og Avram Grant, stjóri liðsins, var afar sáttur í leikslok.

„Við höfum tekið 12 stig yfir hátíðirnar og það er mikið ánægjuefni. Við förum rólega af stað í þessum leik eins og virðist jafnan vera þegar við leikum snemma dags, en við náðum að koma til baka og skora tvö mörk og hefðum hæglega getað skorað fleiri,“ sagði Grant en starfsbróðir hans Roy Hodgson á erfitt verk fyrir höndum í fallbaráttunni með Fulham þó svo að ákveðin batamerki hafi verið á liðinu í leiknum.

„Það er alltaf svekkjandi þegar maður tapar með mörkum úr föstum leikatriðum því það er alltaf hægt að koma í veg fyrir þau. Sumir myndu segja að brotið hefði verið á Ballack og sumir myndu segja að þetta hefði alls ekki verið víti, en ég er sáttur við framlag leikmanna minna og baráttu,“ sagði Hodgson. - óþ



**LEIÐTOGI** Michael Ballack bar fyrirliðaband Chelsea í fjarveru John Terry og Frank Lampard í gær og skoraði sigurmark leiksins.
NORDIC PHOTOS/GETTY

# TÖLVUNÁM á vorönn 2008



## Innritun hafin

Computer and office courses
for beginners and advanced users



## STARFSNÁM OG VIÐSKIPTI

**Tölvu og skrifstofufnám**
Viðamikið og uppbyggilegt starfsnám sem tekur á öllum þáttum tölvuvinnslu, bókhaldi og almennri skrifstofufærni sem fólk þarf að kunna skil á í nútímafyrirtækjum. Hentar fólki á öllum aldri hvort sem það er á leiðinni út á vinnumarkaðinn að nýju, sjálfstætt starfandi eða þeim sem vilja skapa sér sterkari stöðu á vinnumarkaði með aukinni menntun. Lengd 260 std. Verð kr. 199.000,-

**Tölvu og bókhaldsnám**
Stutt og hnitmiðuð námsbraut þar sem tekin eru fyrir helstu skrifstofuforritin og bókhaldið.
Lengd 200 stundir. Verð kr. 153.000,-

**Bókhald I**
Sérlega hagnýtt grunnnám í hand- og tölvufærðu bókhaldi. Þátttakendur þurfa að vera vanir vinnu í tölvum og Excel. Lengd 110 std. Verð kr. 94.000,-

**Bókhald II**
Stutt framhaldsnámskeið í tölvubókhaldi. Hentar þeim sem hafa bókhaldsgrunn eða hafa lokið grunnnámskeiðum í bókhaldi og vilja bæta við sig þekkingu og færni á þessu sviði.
Lengd 32 stundir. Verð kr. 36.000,-

**Tollskýrslugerð**
Sérlega hagnýtt og ítarlegt námskeið í gerð tollskýrslna og um meðferð allra helstu innflutningsskjala ásamt reglum um innflutning.
Lengd 21 stundir. Verð kr. 28.000,-

**Navision fjárhagsbókhald**
Nám ætlað þeim sem hafa bókhaldsgrunn að byggja á eða hafa lokið bókhaldsnámi og vilja læra um færslu fjárhagsbókhalds í þessu útbreidda forriti.
Lengd 42 std. Verð kr. 49.000,-

## ALMENN TÖLVUNÁMSKEIÐ

**Byrjendanámskeið**
Vinsælt námskeið ætlað fólki á öllum aldri sem hefur enga tölvukunnáttu. Lengd 42 std. Verð kr. 32.900,-

**Almennt tölvunám**
Sérstaklega hagnýtt námskeið fyrir þá sem komnir eru af byrjunarstigi og vilja auka við þekkingu sína , hraða og færni í allri tölvuvinnu. Windows, Word, Excel, Internet og Outlook.
Lengd 63 std. Verð kr. 44.900,-

**ECDL tölvunám.**
Alþjóðlegt tölvunám sem hentar fólki á öllum aldri sem vill fá ítarlega þekkingu og þjálfun í öllum helstu tölvugreinunum og alþjóðlega vottun því til staðfestingar. Lengd 84 std. Verð kr. 65.000,-

## FYRIRTÆKJAÞJÓNUSTA

Bjóðum fyrirtækjum og stofnunum aðstoð við að setja upp sérsniðin námskeið. Bjóðum jafnframt uppá aðstoð við að greina símenntunarþörf starfsmanna í helstu skrifstofuforritunum án skuldbindingar um að kaupa námskeið af skólanum.

**Vinsælt núna:**
Stutt námskeið til að auðvelda og flýta fyrir við aðlögun starfsfólks vegna innleiðingar á Office 2007 pakkanum. (Word, Excel, Outlook, PowerPoint)
Leitið tilboða.

## ELDRI BORGARAR 60+

- **Grunnnámskeið,** ætlað byrjendum.
  Lengd 30 kennslustundir. Verð kr. 20.500,-
- **Framhaldsnámskeið.** Lengd 30 kennslustd.
  Verð kr. 20.500,-

## VEFUR OG GRAFÍK

**Grafísk hönnun**
Vinsælt og hagnýtt nám fyrir skapandi fólk sem og þá sem vilja forskot til frekara hönnunarnáms eða þeim sem vilja hanna sínar eigin auglýsingar.
Photoshop – Illustrator – InDesign og PDF vinnsla.
Lengd 105 std. Verð kr. 116.000,-

**Vefsíðugerð – grunnur**
Námskeið ætlað byrjendum í vefsmíði og fólki sem vill koma sér upp einfaldri og heimasíðu með sérstakri áherslu á myndgerð og myndnotkun á heimasíðunni. Dreamweaver og Photoshop.
Lengd 47 std. Verð kr. 49.000,-

**Vefsíðugerð – framhald**
Námskeið ætlað þeim sem halda úti vefsíðu eða hafa grunn í vefsmíði en vilja bæta kunnáttu sína.
Dreamweaver, HTML og JavaScript.
Lengd 31 stund. Verð kr. 32.000,-

**Myndbandavinnsla**

**Photoshop ljósmyndun**

**Stafrænar myndavélar**

## SÉRFRÆÐINÁM

- MCSA
- MCP XP
- MCDST
- Windows 2003 Network Infrastructure
- Microsoft Exchange Server

Microsoft CERTIFIED Systems Administrator

## OFFICE 2007

Stutt aðlögunarnámskeið fyrir alla nýja og verðandi notendur á Office 2007 pakkanum.
5 kennslustd Verð kr. 8.900,-

## STÖK FORRIT

- Access
- Dreamweaver
- Excel grunnur
- Excel í skipulagi og stjórnun
- Flash
- Internet og tölvupóstur
- Outlook póstur og skipulag
- PowerPoint
- Photoshop
- Word I og II
- Illustrator

## VAKTAVINNUFÓLK

*Flest námskeið skólans geta hentað ykkur sérstaklega vel þar sem möguleiki er að skipta milli morgun- og kvöldtíma eftir vöktum án þess að missa úr.*

TÖLVUSKÓLINN ÞEKKING

REYKJAVÍK & AKUREYRI

FAXAFEN 10 | GLERÁRGATA 36 | WWW.TSK.IS | SÍMI: 544 2210
108 REYKJAVÍK | 600 AKUREYRI | SKOLI@TSK.IS



**KÚREKARNIR** Mega dansa eftir sigur í sinni deild. NORDICPHOTOS/GETTY

NFL-deildin:

## Úrslitakeppnin að hefjast

**NFL** Úrslitakeppnin í NFL-deildinni hefst um næstu helgi. Átta lið spila þar í umspili um sæti í átta liða úrslitunum þangað sem þau fjögur lið sem náðu bestum árangri í deildakeppninni fóru beint. Þau eru New England Patriots, Indianapolis Colts, Dallas Cowboys og Green Bay Packers.

Leikirnir í átta liða úrslitunum raðast þannig að Patriots og Cowboys fá lökustu andstæðinga sem komast í gegnum umspilið þar sem liðin náðu bestum árangri á tímabilinu í sínum deildum. - hþh

**LEIKIRNIR Í UMSPILINU: 5.-6. JAN:**

| |
|---|
| Pittsburgh - Jacksonville |
| San Diego - Tennessee |
| Seattle - Washington |
| Tampa Bay - NY Giants |

*8-liða úrslitin verða leikin 12.-13. janúar. Úrslitaleikir deildanna fara fram 20. janúar og leikurinn um Ofurskálina verður svo leikinn 3. febrúar.*

Justin Gatlin:

## Aftur í bann

**FRJÁLSAR ÍÞRÓTTIR Í annað sinn á ævinni hefur spretthlauparinn Justin Gatlin verið dæmdur í keppnisbann. Bandaríski ólympíumeistarinn vann öll 100 metra hlaup sem hann tók þátt í árið 2006, varð Ólympíumeistari árið 2004 og heimsmeistari í 100 og 200 metra hlaupi árið 2005.**

**Hann féll á lyfjaprófi árið 2001 og var þá dæmdur í keppnisbann. Hann lét ekki segjast og hefur nú verið dæmdur í fjögurra ára bann. Ferli hans gæti því allt eins verið lokið en hann er aðeins 25 ára gamall.** - hþh



**SORG Í SKOTLANDI** Stuðningsmenn Motherwell syrgja fyrirliða sinn.

Andlát Phils O´Donnell:

## Sameinuð sorg í Skotlandi

**FÓTBOLTI** Fótboltaáhugamenn í Skotlandi sýna hug sinn í verki eftir andlát fyrirliða Motherwell um síðustu helgi. Phil O´Donnell hné þá niður í miðjum leik og sýndi krufning að orsök andlátsins hefði verið hjartastöðvun. Útför hans fer fram á föstudag.

Þúsundir hafa heiðrað minningu hans og margir kunnir kappar hafa lýst sorg sinni. Mínútu þögn var fyrir alla leiki á Englandi en öllum leikjum á Skotlandi hefur aftur á móti verið frestað. „Við erum öll felmtri slegin,“ sagði ekkja hans, Eileen O'Donnell og bætti við að hún væri hrærð yfir öllum þeim stuðningi sem hún og fjölskyldan hefur fengið. - hþh

Fjórir leikir fara fram í ensku úrvalsdeildinni í dag og Liverpool, Newcastle og Man. City verða í eldlínunni:

# Nær Owen að breyta gengi Newcastle?

**FÓTBOLTI** Fjórir leikir fara fram í ensku úrvalsdeildinni í dag. Liverpool fær Steve Bruce og lærisveina hans í Wigan í heimsókn, Stóri Sam reynir að rétta úr kútnum með Newcastle gegn Man. City, Blackburn og Sunderland mætast og Bolton tekur á móti lánlausu liði Derby.

Peter Crouch er aftur löglegur með Liverpool eftir að hafa afplánað þriggja leikja bann þegar liðið tekur á móti Wigan. Sami Hyypia verður ekki með Liverpool vegna meiðsla og óvíst er hvort Daniel Agger verði klár í slaginn. Hjá Wigan mun Emile Heskey, fyrrum leikmaður Liverpool, líklega vera með að nýju eftir að hafa misst af öllum leikjum liðsins í kringum jólin. Liverpool hefur unnið alla fimm leiki sína gegn Wigan í ensku úrvalsdeildinni til þessa, samtals 11-0 en Rafa Benitez, stjóri Liverpool, býst við erfiðum leik.

„Steve Bruce hefur mikla reynslu og hann veit hvernig á að ná því besta fram í leikmönnum sínum, þannig að þetta verður ekki auðvelt fyrir okkur,“ sagði Benitez varkár.

Newcastle og Manchester City hafa átt ólíku gengi að fagna en búast má við hörkuleik á St. James´park. Michael Owen er kominn aftur í fremstu víglínu Newcastle og Sam Allardyce, stjóri liðsins, er sannfærður um að það muni hafa mikið að segja fyrir liðið.

„Við höfum spilað leiki á þessu tímabili þar sem við vorum að skapa okkur færi en náðum ekki að nýta þau og ég hef hugsað hvað hefði gerst hefði Owen verið heill heilsu. Það hafa verið gríðarleg vonbrigði að spila án hans, en að sama skapi er það gott spark í rassinn á okkur að hann sé leikfær á ný,“ sagði Allardyce vongóður. - óþ



**KOMINN AFTUR** Michael Owen er búinn að ná sér af meiðslum og Sam Allardyce getur því tekið gleði sína á ný. NORDIC PHOTOS/GETTY

# Utah Jazz stöðvaði siglingu Portland

**Portland Trail Blazers vann þrettán leiki í röð áður en liðið mætti ofjarli sínum í Salt Lake City. Utah stöðvaði sigurgöngu þess með góðum sigri. Detroit og Boston hafa einnig verið á góðu skriði undanfarið.**

**NBA** Sprækt lið Utah Jazz stöðvaði frækna sigurgöngu Portland Trail Blazers í NBA-deildinni í körfubolta í fyrrinótt. Fyrir leikinn hafði Portland unnið þrettán leiki í röð og ekki tapað síðan 2. desember. Það breyttist þó í Utah þar sem heimamenn kvöddu með 111 stig gegn 101.

„Þetta var frábær mánuður fyrir okkur. Við töpuðum fyrsta og síðasta leiknum í mánuðinum. Eftir að hafa séð þetta er ég á því að það sé merki um ungt lið sem er að þroskast. Það er ekki hægt að vinna alla leiki, þetta er jú NBA-tímabil,“ sagði Brandon Roy sem skoraði sautján stig fyrir Portland. Nate McMillan gat ekki stýrt liði Portland í leiknum þar sem hann var við jarðarför skyldmennis.



**GÓÐUR** Brandon Roy er ánægður með gengi Portland um þessar mundir, og skal engan undra.

### Sex sigurleikir Boston í röð

Annað lið á góðri siglingu er Boston Celtics. Liðið hefur unnið sex leiki í röð og þríeykið Paul Pierce, Kevin Garnett og Ray Allen dregur vagninn. Liðið hefur unnið 26 leiki á tímabilinu og tapað aðeins þremur. Sigurhlutfallið er það besta í deildinni, tæp 90 prósent.

Kobe Bryant, leikmaður Los Angeles Lakers, hrósar liðinu í hástert. „Þeir eru með sannkallað stjörnulið. Þeir eru á því stigi sem við erum að reyna að komast á og það er mikil áskorun fyrir okkur. Ætlum við að berjast í einhverju miðjuþófi eða komast á næsta stig? Þetta þýðir bara að við þurfum að leggja helmingi harðar að okkur,“ sagði Bryant. Lakers-liðið hefur þó átt góðu gengi að fagna á tímabilinu, það hefur unnið nítján leiki en tapað ellefu.

### Detroit sjaldan betra

Það er mál manna Vestanhafs að lið Detroit Pistons hafi sjaldan eða aldrei litið jafn vel út en í undanförnum leikjum. Eftir að Detroit niðurlægði Milwaukee Bucks með 114-69 sigri í fyrrinótt hefur liðið unnið níu leiki í röð og sautján af síðustu nítján leikjum. Níu þeirra leikja vann liðið með átján stigum eða meiru.

„Ég er ekki viss um að ég hafi verið með liði sem fer í gegnum svona sigurgöngu á þennan hátt. Liðið er gríðarlega baráttuglatt og yfirburðirnir hafa verið miklir. Þegar liðið spilar svona vel á báðum endum vallarins er ansi erfitt að leggja þessa stráka,“ sagði Flip Saunders, þjálfari Pistons.



**SJÁÐU MIG** Kevin Garnett sýnir skurð sem hann hlaut í leik Boston og Lakers. NORDICPHOTOS/GETTY

### New York enn í tómu tjóni

Stuðningsmönnum New York Knicks er farið að leiðast þófið. Níu sigurleikir og 21 tap er niðurstaðan það sem af er tímabili. Eftir 100-83 tap gegn Chicago í fyrrinótt var liðið enn og aftur baulað af leikvelli. Launaskrá félagsins er ótrúlega há en árangurinn ekki eftir henni.





Þjálfarinn Isiah Thomas er ekki vinsælasti maðurinn í New York-borg og hefur einn stuðningsmanna, hinn 22 ára gamli háskólanemi Chandler Suprina, séð sér leik á borði í að breyta tárum sínum yfir gengi liðsins í gróða.

Hann hóf að selja derhúfur á heimasíðu sinni, www.wevehatit.com, þar sem hann lýsir því yfir að nú sé nóg komið en á derhúfunum stendur „Rekum Isiah“. „Þetta er mín leið til að sýna óánægju mína og einnig til að reyna að fá einhvern pening aftur af miðakaupum á leikina,“ sagði Suprina.

Hann borgaði yfir 300 þúsund krónur fyrir ársmiða sinn á leiki liðsins og er búinn að fá nóg. „Hann veitir liðinu engan innblástur,“ sagði neminn en derhúfurnar fást bæði í svörtu og bláu og kosta rúmar 1.200 íslenskar krónur. - hþh

Enski félagaskiptaglugginn verður opinn allan janúarmánuð:

# Hvað gera liðin á markaðnum?

**FÓTBOLTI** Fyrir tveimur árum eyddu ensku úrvalsdeildarfélögin 70 milljón pundum í nýja leikmenn í félagaskiptagluggann í janúar. Það met gæti verið slegið í ár. Nýir sjónvarpsréttasamningar, nýir eigendur með djúpa vasa fjár og baráttan um titla og Evrópusæti gera það að verkum að það verður nóg að gera í janúar.



Chelsea er í vandræðum vegna meiðsla og missir leikmenn á Afríkumótið. Talið er að Avram Grant kaupi tvo til þrjá leikmenn og ku Nicolas Anelka vera efstur á óskalistanum. Kaupverðið á honum er um fimmtán milljónir punda. Þá er Ronaldinho enn orðaður við Chelsea.

Luka Modric kemur líklega ekki til Englands en þessi eitursnjalli Króati kostar um 25 milljónir punda, samkvæmt félagi hans Dinamo Zagreb. Chelsea, Manchester City, Arsenal og Tottenham Hotspur höfðu öll áhuga.

Manchester United fékk aðeins einn leikmann á síðasta ári, Henrik Larsson, að láni, en talið er að félagið geri atlögu að Dimitar Berbatov, framherja Tottenham. Louis Saha gæti farið í hina áttina í staðinn.



Arsenal hefur ekki verið orðað við neina stóra leikmenn en Arsene Wenger hefur þó sýnt snilli sína á leikmannamarkaðnum. Líkurnar á því að hann kaupi óþekktan Frakka og geri hann að stórstjörnu á næstu árum eru alltaf einhverjar. Jens Lehmann gæti farið frá félaginu.

Liverpool þarf að styrkja vörn sína og rennir Rafael Benítez hýrum augum til Argentínska miðvarðarsins Ezequiel Garay sem leikur með Racing Santander. Þá er 21 árs gamall vinstri bakvörður hjá Sevilla einnig á óskalista hans, Manuel Casado.

Þá er líklegt að Sven Göran Eriksson styrki hóp Manchester City talsvert. Hann hefur áhuga á Jermaine Defoe, framherja Tottenham og Michael Owen hjá Newcastle. - hþh

Adam Pearson, Derby:

## Virðist óvinnandi verkefni

**FÓTBOLTI Adam Pearson, stjórnarformaður Derby, gerir sér engar grillur um núverandi stöðu félagsins, sem er eitt og yfirgefið á botni ensku úrvalsdeildarinnar.**

**„Það virðist vera óvinnandi verkefni að við náum að bjarga okkur frá falli í ár eins og staðan er núna, það þýðir ekkert annað en vera raunhæfur með það. Ég er aftur á móti fullviss um að Derby eigi eftir að ná hæstu hæðum á ný áður en langt um líður og við erum bjartsýnir um framtíð Derby. Hjá félaginu er allt til staðar til þess að liðið geti náð langt á næstu árum,“ sagði Pearson við útvarpsstöð BBC.**

**Aðeins eitt lið hefur bjargað sér frá falli eftir að hafa verið á botni deildarinnar um jól og það var West Brom fyrir þremur leiktíðum. Fátt bendir til þess að Derby endurtaki leikinn nú, þrátt fyrir að hinn nýráðni Paul Jewell, hafi bjargað bæði Bradford og Wigan frá falli við erfiðar aðstæður.** - óþ

# Lokað í dag

## Útsalan

**hefst kl 07:00 í fyrramálið**

next

sími 511 3200



**> Katherine Heigl**

„Jafnvel mín eigin móðir sagði mér að ég hefði engan möguleika á því að vinna í kvöld,“ sagði leikkonan Katherine Heigl þegar hún vann til Emmy-verðlauna fyrir leik sinn í Grey's Anatomy sem Stöð 2 sýnir einmitt í kvöld.

# dagskrá

**VIÐ TÆKIÐ** SUNNA DÍS MÁSDÓTTIR VAR HRIFIN AF BÚTASAUMSTEPPI RAGNARS BRAGA

## *Og bloggheimar munu loga*

Þá er umdeildasti sjónvarpsþáttur ársins að baki, og að venju skiptar skoðanir um hversu vel tókst til með skaupið í þetta skiptið. Á mínu heimili voru áhorfendur þó á einu máli um að Ragnari Bragasyni og samstarfsfólki hans hefði tekist vel upp. Ég hef nú þegar heyrt þær skoðanir viðraðar að skaupið hafi verið eins og bútasaumsteppi af allt of stuttum senum. Fyrir mína parta var ég bara stórhrifin af því bútasaumsteppi, eða þeim hrærigrauti. Mér fannst til dæmis algjör snilld að Guðmundi í Byrginu brygði fyrir í neðanjarðarbyrgi sem vísaði í þáttaröðina Lost, þar sem hann bar ábyrgð á því að úrvalsvísitalan hrapaði ekki með því að slá inn tölur á 108 mínútna fresti. Þar er fleiri bröndurum hrært saman í einn, sem mér fannst bara afskaplega vel til fundið. Ég er ekki frá því að þetta skaup verði hreinlega skemmtilegra við annað áhorf, sem er nú ekki algengt.

Það er alltaf þannig, og mun alltaf verða þannig, að skaupið höfðar ekki til allra. Þetta skaup hlýtur samt að vera einstakt að því leyti hversu mikið pláss ensk tunga fékk. Ég get tekið undir þau sjónarmið að þetta valdi einhverjum áhorfendum vandræðum, og það gerði það á mínu heimili. Hins vegar var það örugglega jafn stór hópur sem aldrei hefur horft á Lost, eða fylgdist ekki með víðfrægum Innlits-Útlits þætti og botnaði því ekkert í Arnari Gauta í heimsókn hjá Pólverjunum.



VIÐ TÖKUR Á ÁRAMÓTASKAUPINU

Svo mikið er víst að bloggheimar munu loga í umræðum um blessað skaupið á nýjustu dögum. Og það finnst mér einn best heppnaði brandarinn úr skaupi ársins, bloggráðstefnan þar sem samhengislaus orð eins og „ósmekklegt“, „Síminn“ og „Jesús“ ultu upp úr ræðumönnum í einni óskiljanlegri bunu. Þeir sem munu bregðast við eins og persónur í Áramótaskaupinu og hella úr skálum reiði sinnar yfir slöku skaupi á internetinu verða því í sjálfu sér eins og framlenging á brandaranum. Gott skaup, segi ég. Og gleðilegt ár!

## EKKI MISSA AF



▶ **19.50** Liverpool-Wigan SÝN 2



▶ **20.00** Less Than Perfect SKJÁREINN



▶ **20.10** Ugly Betty SJÓNVARPIÐ



▶ **21.45** The Closer STÖÐ 2



▶ **22.00** American Dad SIRKUS

## SJÓNVARPIÐ

**16.35 Leiðarljós** (Guiding Light)
**17.20 Táknmálsfréttir**
**17.30 Kappflugið í himingeimnum**
**18.00 Disneystundin**
**18.01 Herkúles**
**18.23 Sígildar teiknimyndir**
**18.30 Fínni kostur**
**18.54 Víkingalottó**
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veður**
**19.35 Kastljós**

▶**20.10 Ljóta Betty** (Ugly Betty) Bandarísk þáttaröð um ósköp venjulega stúlku sem er ráðin aðstoðarkona kvennabósa sem gefur út tískutímarit í New York. Þættirnir hlutu Golden Globe-verðlaun sem besta gamansyrpan og America Ferrera fékk verðlaunin sem besta leikkona í aðalhlutverki í þeim flokki.

**20.55 Liljur** (7:8) (Lilies) Þetta er þroskasaga þriggja kaþólskra systra í Liverpool sem hafa misst mömmu sína og feta sig áfram í lífinu á árunum eftir fyrri heimsstyrjöld. Aðalhlutverk leika Catherine Tyldesley, Kerrie Hayes og Leanne Rowe.

**22.00 Tíufréttir**

**22.25 Spielberg um Spielberg** (Spielberg on Spielberg) Kvikmyndaleikstjórinn Steven Spielberg segir frá sjálfum sér og ferli sínum og sýnd eru brot úr verkum hans. Höfundur myndarinnar er Richard Schickel.

**23.55 Kastljós**
**00.30 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**06.00 North Country**
**08.05 Johnson Family Vacation**
**10.00 Men With Brooms**
**12.00 Triumph of Love**
**14.00 Johnson Family Vacation**
**16.00 Men With Brooms**
**18.00 Triumph of Love** Rómantísk gamanmynd.
**20.00 North Country** Átakanleg kvikmynd sem tilnefnd var til tveggja Óskarsverðlauna.
**22.05 The General's Daughter**
**00.00 Van Wilder**
**02.00 Buffalo Soldiers**
**04.00 The General's Daughter**

## STÖÐ 2

**07.00 Stubbarnir**
**07.25 Tommi og Jenni**
**07.50 Kalli kanína og félagar**
**08.00 Kalli kanína og félagar**
**08.10 Kalli kanína og félagar**
**08.15 Oprah**
**09.00 Í fínu formi**
**09.15 The Bold and the Beautiful**
**09.40 Wings of Love**
**10.25 Weddings from Hell**
**11.15 Homefront** (2:18) (e)
**12.00 Hádegisfréttir**
**12.45 Nágrannar**
**13.10 Það var lagið** (e)
**14.20 Extreme Makeover. Home Edition** (3:32)
**15.05 Las Vegas** (11:17)
**15.55 A.T.O.M.**
**16.18 Batman**
**16.43 Könnuðurinn Dóra**
**17.08 Pocoyo**
**17.18 Refurinn Pablo**
**17.28 The Bold and the Beautiful**
**17.53 Nágrannar**
**18.18 Ísland í dag og veður**
**18.30 Fréttir**
**18.50 Ísland í dag**
**19.25 The Simpsons** (11:22) (e)
**19.50 Næturvaktin** (10:13) (e)
**20.20 Örlagadagurinn** (30:30)
**20.55 Grey's Anatomy** (9.22)

▶**21.45 The Closer** (5:15) Þriðja sería þessa geysisterka spennuþáttar, sem orðinn er langvinsælasti þátturinn sem sýndur er á kapalstöð í Bandaríkjunum. Kyra Sedgwick fékk Golden Globe-verðlaun 2007 fyrir túlkun sína á yfirlögreglukonunni Brendu Leigh Johnson sem þarf stöðugt að glíma við íhaldssemi og ofríki karlanna í lögreglunni.

**22.30 Oprah**
**23.15 Pressa** (1:6) (e)
**01.30 Hotel Babylon**
**02.25 Blue Car** Magnþrungin og ljúfsár verðlaunamynd um unga stúlku sem hefur verið yfirgefin af foreldrum sínum og þarf nú að hugsa ein um yngri systur sína.
**03.50 Silent Witness** (8:10)
**04.45 Grey's Anatomy** (9:22)
**05.30 Fréttir og Ísland í dag**
**06.25 Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí**

## SÝN besta sætið

**16.30 Tiger in the Park** Frábær þáttur þar sem Tiger Woods leyfir áhorfendum að fylgjast með sér við æfingar. Tiger hitar upp og sýnir áhorfendum listir sínar.

**17.20 Íþróttaárið 2007** Íþróttadeild Sýnar gerir upp árið 2007 af sinni alkunnu snilld. Allt það helsta sem gerðist í íþróttunum á árinu sem leið tekið fyrir. Þáttur sem ekki má missa af.

**19.50 Copa del Rey 07/08**

**21.50 Skills Challenge** Stórskemmtileg keppni þar sem NBA leikmenn keppa sín á milli. Dwyane Wade hefur unnið keppnia undanfarin tvö ár og stefnir á sinn þriðja sigur á jafnmörgum árum.

**23.50 Gillette World Sport 2007** (Gillette sportpakkinn) Íþróttir í lofti, láði og legi. Fjölbreyttur þáttur þar sem allar greinar íþrótta eru teknar fyrir. Þáttur sem sýndur hefur verið í áraraðir við miklar vinsældir.

**00.20 Copa del Rey 07/08**

## SÝN 2

**09.20 Aston Villa - Tottenham**
**11.00 Fulham - Chelsea**
**12.40 Arsenal - West Ham**
**14.20 Middlesbrough - Everton**
**16.00 Reading - Portsmouth**
**17.40 Man. Utd. - Birmingham**

**19.20 Coca Cola mörkin** Farið yfir öll mörkin og helstu atvikin í leikjum síðustu umferðar í Coca Cola deildinni en þar eiga Íslendingar nokkra fulltrúa.

▶**19.50 Liverpool - Wigan** (Enska úrvalsdeildin) Bein útsending frá leik Liverpool og Wigan í ensku úrvalsdeildinni.

**21.55 Newcastle - Man. City** (Enska úrvalsdeildin) Útsending frá leik Newcastle og Man. City sem fór fram miðvikudaginn 2. janúar.

**23.35 Bolton - Derby** (Enska úrvalsdeildin) Útsending frá leik Bolton - Derby sem fór fram miðvikudaginn 2. janúar.

**01.15 Blackburn - Sunderland** (Enska úrvalsdeildin) Útsending frá leik Blackburn og Sunderland sem fór fram miðvikudaginn 2. janúar.

## SKJÁREINN

**08.00 Dr. Phil** (e)
**08.45 Vörutorg**
**15.15 Vörutorg**
**16.15 World Cup of Pool 2007** (e)
**17.15 Dýravinir** (e)
**17.45 Dr. Phil**
**18.30 The Drew Carey Show** (e)
**19.00 Land og synir. Lífið er yndislegt 1997-2007** (e)

▶**20.00 Less Than Perfect - Lokaþáttur** Bandarísk gamansería sem gerist á fréttastofu bandarískrar sjónvarpsstöðvar. Claude Casey hefur unnið sig upp metorðastigann en það eru ekki allir á fréttastofunni hrifnir af henni. Claude reynir að sannfæra Jeb um að giftast Lydiu í von um að hún segi upp vinnunni og hætti að angra hana.

**20.30 Giada's Everyday Italian** (18:26) Að þessu sinni býður Giada vinum sínum í döguður og velur bragðmiklar ítalskar uppskriftir. Frittata-eggjakökur með aspars, tómötum og Fontina-osti, Crostata með hindberjasultu, Bruschetta með Ricotta-osti og marmelaði og svalandi hindberja-Bellini.

**21.00 Canada's Next Top Model - NÝTT** Kanadísk útgáfa af Next Top Model sem slegið hefur í gegn hjá áhorfendum um víða veröld. Kynnir og aðaldómari þáttanna er fyrirsætan og leikkonan Tricia Helfer sem leikur m.a. í þáttaröðinni Battlestar Galactica. Tíu stúlkur hefja leikinn en það er aðeins ein sem stendur uppi sem sigurvegari.

**22.00 I Trust You To Kill Me** (e) Bráðfyndin og fjörug heimildamynd sem tekin var upp að stórum hluta á Íslandi.

**23.30 The Drew Carey Show**
**00.00 Backpackers** (e)
**00.30 Charmed** (e)
**01.30 NÁTTHRAFNAR**
**01.30 C.S.I. Miami**
**02.15 Ripley's Believe it or not!**
**03.00 Trailer Park Boys**
**03.25 Vörutorg**
**04.25 Óstöðvandi tónlist**

## N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

**12.15 Samantekt helstu frétta vikunnar á N4**. Endursýnt á klukkutíma fresti til 10.15 á sunnudag.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.




## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 21.30

**Grey's Anatomy**

9. þáttur af einum vinsælasta dramaþætti í heimi er á Stöð 2 í kvöld. Læknarnir á Saving Grace spítalanum hafa komist í gegnum fjölda neyðartilvika í gegnum tíðina en þeir hafa aldrei lent í öðru eins þegar sjúkrabíll lendir í hörðum árekstri og sjúkraliðar slasast lífshættulega.



## VIÐ MÆLUM MEÐ

### Spielberg um Spielberg

**Sjónvarpið kl. 22.25**

Í myndinni segir kvikmyndaleikstjórinn Steven Spielberg frá sjálfum sér og ferli sínum. Hann talar um myndirnar sem hann gerði í æsku, segir frá því hvernig hann byrjaði í skemmtanabransanum og bernskubrekum sínum við leikstjórn.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.45** Veðurfregnir
**06.50** Bæn
**07.05** Morgunvaktin
**08.00** Morgunfréttir
**09.05** Okkar á milli
**09.45** Morgunleikfimi
**10.03** Veðurfregnir
**10.13** Brot af eilífðinni
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.02** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**12.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**13.00** Vítt og breitt
**14.03** Tónar að nóni
**15.03** Útvarpssagan: Stúlka með fingur
**15.30** Dr. RÚV
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.10** Veðurfregnir
**16.13** Hlaupanótan
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.25** Spegillinn
**18.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**19.00** Endurómur úr Evrópu
**20.00** Leynifélagið
**20.30** Stefnumót
**21.10** Út um græna grundu
**22.10** Veðurfregnir
**22.15** Domenico Scarlatti
**23.00** Að leika neista úr steininum
**00.10** Útvarpað á samtengdum rásum til morguns

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

## SIRKUS

**16.00 Hollyoaks**
**16.30 Hollyoaks**
**17.00 Hollywood Uncensored**
**17.30 Special Unit 2** (2:19) (SU2)
Gamansamir bandarískir spennuþættir þar sem við fylgjumst með sérdeild sem rannsakar allra óvenjulegustu málin sem lögreglan þarf að hafa afskipti af, mál sem oftar en ekki eru af yfirnáttúrulegum toga.
**18.15 Live From Abbey Road** (9:12) (e)
**19.00 Hollyoaks**
**19.30 Hollyoaks**
**20.00 Hollywood Uncensored**
**20.30 Special Unit 2** (2:19) (SU2)
**21.15 Live From Abbey Road** (9:12) (e)
Þættir með lifandi tónlist frá þessu þekktasta upptökuveri heims sem Bítlarnir gerðu ódauðlegt. Heimsfrægir tónlistarmenn flytja þrjú lög á milli þess sem þeir spjalla um tónlist sína og lífið. Frábærir tónlistarþættir þar sem tónlistarmennirnir eru í sínu rétta umhverfi.
▶ **22.00 American Dad 3** Þriðja serían um Stan og baráttu hans gegn hryðjuverkum. Frábærar teiknimyndir frá höfundum Family Guy þar sem aðalsöguhetjan er Stan Smith og fjölskylda hans. Stan er útsendari CIA og er því alltaf til taks í baráttunni gegn ógnum heimsins. Fjölskylda hans er ekki eins og aðrar fjölskyldur því að á heimilinu búa m.a kaldhæðin geimvera og þýskumælandi fiskur.
**22.25 Wildfire** (2:13)
**23.10 Totally Frank**
**23.35 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV**

## INN

**20.00 Hvað ertu að hugsa?** Sigurður Erlingsson hjá velgengni.is
**20.30 Hvað ertu að hugsa?** Þórólfur Þórlindsson, forstjóri Lýðheilsustöðvar
**21.00 Hvað ertu að hugsa?** Kristján Viðar Haraldsson, tónlistarmaður
**21.30 Hvað ertu að hugsa?** Gulli Briem, trommuleikari.

## DR 1

**12.00** Aftenshowet **12.30** D¢dens Detektiver **12.50** DR1 Dokumentaren: Matador - for fuld musik... **13.50** Nyheder på tegnsprog **14.00** TV Avisen med vejret **14.10** Dawson's Creek **15.00** Hjerteflimmer: Score Emil special **15.30** F for Får **15.35** Svampebob Firkant **16.00** AMIGO **16.30** PLING BING **17.00** Aftenshowet **17.30** TV Avisen med Sport **18.00** Aftenshowet med Vejret **18.30** Hvad er det værd **19.00** Fra Thailand til Thy **20.00** TV Avisen **20.25** HåndboldOnsdag **21.05** SportNyt **21.10** HåndboldOnsdag **22.00** Onsdags Lotto **22.05** OBS **22.10** Seinfeld **22.35** Sommer **23.30** Dommer under anklage

## NRK 1

**10.00** Vinbaronen **10.45** Tour de Ski **10.50** Tour de Ski **12.50** Tour de Ski **14.25** Den forheksede Ella **16.00** NRK nyheter **16.10** Oddasat - Nyheter på samisk **16.25** Typisk norsk **16.55** Nyheter på tegnspråk **17.00** Nysgjerrige Nils **17.10** Leker søker barn **17.40** Distriktsnyheter **18.00** Dagsrevyen **18.30** Helt Nils og Øivind **19.25** Dyrisk 19.55 Distriktsnyheter **20.00** Dagsrevyen 21 **20.40** Vikinglotto **20.45** Sporløst forsvunnet **21.30** Men livet lever **22.00** Kveldsnytt **22.15** Keno **22.20** Jenter **23.35** Carnivále **0.30** Du skal høre mye jukeboks **2.00** Dansefot jukeboks

## SVT 1

**11.05** På spåret **12.05** Kalle Blomkvist - mästerdetektiven lever farligt **13.30** Andra Avenyn **14.00** Strindberg - ett djefla lif **15.00** Rapport **15.10** Gomorron Sverige **16.00** Tv till varje pris - en film om Lasse Holmqvist **17.00** BoliBompa **17.30** Vinter i Svingen **18.00** Bobster **18.30** Rapport med A-ekonomi **19.00** Kungafamiljen 2007 **20.00** Strindberg - död eller levande **21.00** Studio 60 on the Sunset Strip **21.45** Retreat - den raka vägen **22.40** Rapport **22.50** Stjärnorna på slottet **23.50** Entourage



## SKAUPIÐ?



*„Ég held ég hafi flissað svona tvisvar, þrisvar. Það náði mér ekki alveg, en það voru samt atriði inni á milli sem voru alveg í lagi. Mér fannst skaupið í fyrra alveg brilljant, svo ég hef kannski haft of miklar væntingar. Ég ætla samt að horfa á það aftur.“*

Katrín Júlíusdóttir, alþingiskona.

# Gulli Helga byggir í sjónvarpi

„Þetta er þáttur sem ég hef gengið með í maganum í fjölmörg ár og nú er þessi langþráði draumur loksins að verða að veruleika,“ segir útvarpsmaðurinn og byggingameistarinn og þúsundþjalamaðurinn Gulli Helga. En Stöð 2 hyggst hefja framleiðslu á sjónvarpsþáttum sem hafa hlotið vinnuheitið Hæðin og eru að einhverju leyti byggðir á áströlsku þáttunum The Block sem nutu mikilla vinsælda fyrir nokkrum árum.

Þrjú pör fá hús til innréttingar á Arnarneshæðinni og er síðan úthlutað verkefnum. Hvert herbergi verður tekið sér og fá pörin fjármagn til að sníða þau eftir sínu höfði. Inni á milli eru hins vegar lagðar fyrir fólkið þrautir og það par sem ber sigur úr býtum fær eitthvað aukalega til að hafa með sér í keppninni. Að endingu mun síðan dómnefnd og áhorfendur Stöðvar 2 fella sinn dóm um hvaða hús líti best út.

Gulli er ekki í nokkrum vafa um að þetta verði bæði stórskemmtilegt og ekki síður mikill skóli fyrir þá sem taka þátt. Og þótt Gulli sé kynnir verða hamarinn og sögin aldrei langt undan þegar þess þarf. „Ég verð aðallega tengiliður milli þátttakenda og áhorfenda en auðvitað grípur maður í verkfærin til að aðstoða fólk yfir erfiðustu kaflana.“




**STJÓRNAR SJÓNVARPSÞÆTTI** Gulli Helga verður stjórnandi sjónvarpsþáttar sem sýndur verður á Stöð 2. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | ■ | 2 | 3 | 4 | 5 |
| 6 | 7 | ■ | 8 | | |
| 9 | | 10 | ■ | 11 | |
| 12 | | | 13 | | ■ |
| ■ | 14 | | | | 15 |
| 16 | | ■ | 17 | | |
| 18 | | 19 | ■ | 20 | |
| 21 | | | | ■ | |

**LÁRÉTT**
**2.** glansa 6. ógrynni 8. sjór 9. hlemmur 11. guð 12. losti 14. hégómi 16. í röð 17. að 18. erlendis 20. bókstafur 21. flokka.

**LÓÐRÉTT**
**1.** íþrótt 3. í röð 4. asfalt 5. geislahjúpur 7. formann 10. ætt 13. hrygning 15. litur 16. blundur 19. stöðug hreyfing.

**LAUSN**
**LÁRÉTT:** 2. gljá, 6. of, 8. mar, 9. lok, 11. ra, 12. frygð, 14. snobb, 16. de, 17. til, 18. úti, 20. ká, 21. raða.

**LÓÐRÉTT:** 1. golf, 3. lm, 4. jarðbik, 5. ára, 7. forseta, 10. kyn, 13. got, 15. blár, 16. dúr, 19. ið.

## VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á síðu 8.

1. Mwai Kibaki
2. Breiðablik
3. Jón Bjarki Magnússon




ÞORGRÍMUR ÞRÁINSSON: BÓKIN ÓGN VIÐ KARLMENN

# Þorgrímur Þráins þýddur yfir á dönsku og þýsku

Þorgrímur Þráinsson er á góðri leið með að semja við danskt forlag um að gefa bókina hans, Hvernig gerirðu konuna þína hamingjusama, út á dönsku. Þýskir útgefendur og bandarískir hafa einnig sýnt bókinni mikinn áhuga sem vakti töluverða athygli og fékk mikla umfjöllun á árinu sem var að líða. Þorgrímur var að venju brattur þegar Fréttablaðið náði tali af honum og sagði að þessu litla ævintýri væri hvergi nærri lokið. „Ég sagði það í upphafi að bókin væri hugsuð fyrir erlendan markað. „You ain't seen nothing yet,“ bætir hann við.

Rithöfundurinn var meðal þeirra duglegustu í upplestri síðustu vikurnar fyrir jól og taldi sig hafa lesið upp úr bókinni í fjörutíu stöðum á sex vikum. Þetta hefði því verið mikil törn og hann hefði lagt mikla vinnu í verkið. Þorgrímur gaf bókina sjálfur út og þótt hann væri ekki kominn með nákvæmar sölutölur áætlaði hann að í kringum sex þúsund eintök hefðu selst. „Ég væri vanþakklátur ef ég væri ekki ánægður með þá sölu en ég skal líka alveg viðurkenna að ég bjóst við meiru miðað við umfjöllunina sem bókin fékk,“ segir Þorgrímur. „Hún seldist því ekki eins frábærlega og ég hélt að hún myndi gera,“ bætir hann við en segir jafnframt að athyglin hafi sýnt að umræðan um samskipti kynjanna sé alltaf vel þegin.

Þorgrímur telur að hann hafi jafnvel ofmetið sjálfstraust íslenskra karlmanna, þeim hafi fundist bókin vera ógn við sig og spurt sjálfa sig hvað hann væri nú að vilja upp á dekk. Konur hafi hins vegar óttast að þær myndu særa eiginmanninn ef þetta yrði jólagjöfin þeirra í ár. „En hins vegar breyttist umræðan töluvert eftir að fólk var búið að lesa bókina. Ég hef hins vegar engar áhyggjur enda trúi ég því að sígandi lukka sé best.“

freyrgigja@frettabladid.is



**UMDEILD** Hvernig gerirðu konuna þína hamingjusama er tvímælalaust ein af umdeildari bókum ársins.

**Í ÚTRÁS** Bók Þorgríms Þráinssonar hefur vakið athygli út fyrir landsteinana og verður gefin út í Danmörku á næstunni. FRÉTTABLAÐIÐ/JÓHANN

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Kvikmyndarýnir menningarkálfs danska blaðsins Politiken hælir kvikmynd **Ragnars Bragasonar**, Börnum, í hástert og gefur henni fimm stjörnur af sex mögulegum, tveimur fleiri en stórsmellinum I Am Legend með Will Smith í aðalhlutverki.



Søren Winterberg segir að kvikmynd Ragnars sé mikil upplifun og að hún dansi milli fyrstu dogmakvikmyndanna og þjóðfélagsrýni hins breska Mike Leigh.

Søren heldur vart vatni yfir frammistöðu **Ólafs Darra** í hlutverki geðsjúklingsins Marinós og fer lofsamlegum orðum um leik Nínu Daggar Filippusdóttur sem Karitas. Persónu Garðars Arnar er líkt við David Bowie og Winterberg segir fulla ástæðu fyrir danska kvikmyndaunnendur að bíða eftir sjálfstæða framhaldinu Foreldrum og telur að hinn kaldhæðni og svarti íslenski húmor ætti að eiga vel upp á pallborðið hjá fyrrum nýlenduherrunum.



Hróður hrekkjalómsins **Vífils Atlasonar** hefur borist víða frá því að hann villti svo eftirminnilega á sér heimildir í byrjun desember. Vefsíður bandarískra miðla loguðu í kjölfarið á símahrekk Vífils, þar sem hann var hársbreidd frá því að ná Bandaríkjaforseta í símann eftir krókaleiðir um skiptiborð Hvíta hússins. Síðasti vefmiðillinn til að fjalla um hrekkjalóminn er hins vegar öllu fjarlægari, en það er Iranianuk.com. Óbreyttum Íslendingi reynist erfitt að lesa textann sem þar stendur skrifaður, en síðan birtir mynd af Vífli, og virðist fjalla ítarlega um hrekkinn.



# Björgólfs-sjóðurinn á eftir að sanna sig

Nafn Sigurjóns Kjartanssonar hefur borið töluvert á góma að undanförnu. Hann er maðurinn á bak við Pressu, nýja sjónvarpsþáttaröð sem hóf göngu sína á Stöð á sunnudaginn. Þar að auki er Sigurjón ásamt Margréti Örnólfsdóttur og Ævari Erni að skrifa nýja sakamálaþætti eftir bókum þess síðastnefnda. Fram hefur komið að RÚV hafi tryggt sér réttinn en Sigurjón vildi lítið gefa uppi um það. Sigurjón er einnig með gamanþáttaröð í smíðum ásamt þeim Ilmi Kristjánsdóttur, Kötlu Margréti Þorgeirsdóttur og Silju Hauksdóttur og við þessar tvær sjónvarpsþáttaraðir bætist síðan sakamálaþáttaröð fyrir Stöð 2 sem Sigurjón er að skrifa ásamt Kristni Þórðarsyni, Margréti Örnólfs og Maríu Reyndal.

Sigurjón sótti um starf útvarpsstjóra þegar Markús Örn Antonsson lét af störfum en varð að horfa á eftir stólnum í hendur Páls Magnússonar. „Ætli það megi ekki þakka æðri máttarvöldum að maður fékk það ekki og kannski var það lán í óláni því annars hefði ég ekki tíma fyrir þetta,“ segir Sigurjón sem vill ekki gera mikið úr hinum svokallaða Björgólfs-sjóði, telur að hann eigi enn eftir að sanna sig. Á þeim tíma sem Sigurjón sótti um talaði hann mikið um að efla leikið íslenskt efni og þótt hann sitji ekki í stjórastólnum hefur hann sterkar skoðanir á framgangi RÚV í þeim efnum. „RÚV ætti fyrir löngu að vera byrjað á þessu, hefðu þeir bara haft vit á því að setja Spaugstofuna út í kuldann. Þar myndi skapast mikið fjármagn til að búa til miklu betri og jafnvel enn vinsælli þætti,“ bætir hann við.



**HANDRITSGUÐINN** Sigurjón Kjartansson vinnur við gerð nánast annarrar hverrar sjónvarpsþáttaraðar sem er í bígerð um þessar mundir.

# Gleðilegt nýtt ár!

...byrjaðu árið á nýjum bíl frá **Bílabúð Benna**

PORSCHE



PORSCHE 911



PORSCHE CAYENNE GTS

CHEVROLET



CHEVROLET LACETTI



CHEVROLET AVEO



CHEVROLET CAPTIVA



CHEVROLET KALOS



CHEVROLET TOSCA

SSANGYONG



SsangYong KYRON



SsangYong REXTON II



SsangYong ACTYON SPORTS

Bílabúð Benna

Bílabúð Benna - Porsche - Vagnhöfða 23 - CHEVROLET / SsangYong - Tangarhöfða 8-12 - 110 Reykjavík - Sími 590 2000 - www.benni.is

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000**



Hringdu í síma
512 5060
ef blaðið berst ekki







**BAKÞANKAR**
Þórhildar Elínar Elínardóttur


## Lögmál um togstreitu

Allir þurfa einhversstaðar að eiga heima. Einkar ánægjuleg og spennandi var frásögnin sem ég las á dögunum af því hvernig frumefnin eignuðust samastað sinn í lotukerfinu, enda stílgáfa höfundarins með eindæmum. Fyrirfram hefði ég ekki giskað á að hægt væri að prjóna svo skemmtilegan texta úr jafn jarðbundnum efnivið. Jólabókin í ár var því óvæntur happafengur sem lúmskur áhugi á vísindum og gjafmild fjölskyldan fleytti til mín. Fyrir þá sem fá aldrei nóg af skemmtilegu lesefni er þar stiklað á stóru um næstum allt.

**ÞESSI** heillandi rúmfélagi minnist með öllu hinu á þrjú lögmál Newtons um hreyfingu. Þau bera sjaldgæf einkenni snilligáfu og eru nógu skiljanleg til að furðulegt virðist að enginn hafi uppgötvað þau fyrr... svona eftir á að hyggja. Ég minnist þess reyndar ekki að hafa fundist þetta allt saman svona undursamlegt í eðlisfræðitímunum í gamla daga, en trúlega var matreiðsla fræðslunnar þá ekki jafn innblásin. Í lögmálunum segir frá því að sérhver kraftur eigi sér gagnstæða og jafn stóra gagnverkun. Þetta gæti verið hægt að heimfæra upp á ýmislegt fleira en beinharða eðlisfræði. Í veröld sem forgangsraðar innri líðan æ framar er þetta ágæta lögmál lifandi sprottið einmitt í daglegri togstreitu. Hinum ótal ólíku kröfum þar sem hver og ein virðist einmitt eiga sér gagnstæða kröfu.

**SVO** það er semsagt náttúrulögmál að okkur finnst við verða að eiga stórkostlegan starfsferil og frábært félagslíf um leið og við umvefjum heimilið af ástúð. Veita börnunum endalausan tíma, kærleiksríka andlega örvun og öryggi en hafa samt alltaf tvo tíma lausa fyrir líkamsrækt. Vera frábærir unaðskokkar en jafnframt slank og fit. Ástríðufullir elskhugar en samt ævinlega tilfinningalega sjálfstæð. Eigum semsagt að rækta allt og vanrækja ekkert.

**Á** nýju ári er hefð fyrir því að setja markmið og vinna heit. Í fyrra og hitteðfyrra gerði ég það ábyggilega þótt bæði loforðin og efndirnar séu gleymd og grafin. En nú þegar ég veit að allt sem reynt er að toga eitthvað áleiðis mun af náttúrunnar hendi spyrna á móti finnst mér best að sleppa öllum heitstrenginum. Þetta er fyrirfram tapað spil og það er allt saman Isaac Newton að kenna.



**GÓÐAN DAG!**

Í dag er miðvikudagurinn 2. janúar, 2. dagur ársins.

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 11.19 | 13.31 | 15.44 |
| Akureyri | 11.32 | 13.16 | 15.01 |





OPIÐ
VIRKA DAGA 10 – 18
LAUGARD. 11 – 16

ÚTIVIST&SPORT
verslanir / hópa- og fyrirtækjaþjónusta

**Reykjavík** Faxafen 12 S. 533-1550. **Keflavík** Hafnargata 25 S. 421-3322